

**SKOÐUN** Árni Páll Árnason skrifar um framhaldsskóla fyrir alla. 20



**MENNING** Draumar Díönu prinsessu urðu kveikjan að Hálfsnertri stúlku. 40



**LÍFIÐ** Snorri Ásmundsson opnar sýninguna Framsóknarmaðurinn. 60



**SPORT** Landsliðsþjálfari karla segir vanta meira fjármagn frá ríkinu. 56





# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
**6. nóvember 2014**
261. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


**FRÉTTIR**



**Óljóst hvað sparast** Framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Stjórnarráðsins segir uppsagnir ræstitækna gera reksturinn hagkvæmari. 2

**Áhyggjur af stöðu Landspítala** Forseti Alþingis tók við áskorun til stjórnvalda um að hætta við fyrirhugaðan niðurskurð. 4

**Hefur áhrif á þúsundir barna** Ekki eru til peningar til að fjármagna hugræna meðferð og foreldrafærninámskeið fyrir börn og foreldra þeirra. 6

**Samræður vörn gegn einelti** Skólasálfræðingur leggur til stofnun samtaka foreldra sem ræði saman um félagsfærni og líðan barna. 12




20

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 4° | NA | 5 |
| Akureyri | 4° | A | 3 |
| Egilsstaðir | 5° | SA | 14 |
| Kirkjubæjarkl. | 7° | A | 11 |
| Reykjavík | 7° | A | 12 |

**Hvessir** Í dag má búast við strekkingi víða A- og NA-til en hægari vindi annars staðar. Víða rigning, einkum SA-til en síst N- og SV-lands. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Húðvörur | Fólk




# Makríll hefur gefið nálægt 100 milljarða

Eiginfjárstaða íslenskra útvegsfyrirtækja var neikvæð um 80 milljarða í lok árs 2008 en er nú jákvæð um 107 milljarða. Aukin ásókn er í sjávarútvegstengt nám.

**SJÁVARÚTVEGUR** Útflutningsverðmæti makrílafla íslenskra útgerða frá því veiðarnar hófust árið 2007 vatnar nú undir 100 milljarða króna. Viðsnúningur á eiginfjárstöðu íslenskra útvegsfyrirtækja er hátt í 200 milljarðar frá hruni.

Þessu má meðal annars finna stað í Sjávarklasinn á Íslandi: Efnahagsleg umsvif og afkoma 2013; fjórðu greiningunni á umfangi og afkomu sjávarútvegsins og hliðargreina hans sem Íslenski sjávarklasinn sendir frá sér.

„Frá árinu 2007 hefur samanlagt útflutningsverðmæti makríls á Íslandi numið rúmum 76 milljörðum króna og er árið 2014 þá ótalið. Þar af nam útflutningur á árinu 2013 rúmum 21 milljarði króna og útlit er fyrir að árið 2014 verði svipað,“ segja hagfræðingarnir Bjarki Vigfússon og Haukur Már Gestsson í úttekt sinni.

Tæknifyrirtæki í sjávarklasanum hafa eflst myndarlega frá 2008 og heildartekjur greinarinnar vaxa annað árið í röð um 12-13%. Eru dæmi þess að fyrirtæki með ársveltu upp á hundruð milljóna króna hafi tvöfaldað tekjur sínar á skömmum tíma.

Kannski er til marks um vöxt og uppgang sjávarklasans að stóraukin aðsókn hefur verið í sjávarútvegstengt nám allt frá 2008. Bent er á í úttektinni að heildarfjöldi nemenda á fjölmörgum námsbrautum á framhaldsskóla- og háskólastigi jókst um 73% milli áranna 2008 og 2013.




Nemendafjölgun í sjávarútvegstengdu námi frá 2008

Spurðir um áskoranir sjávarklasans heilt yfir telja þeir Bjarki og Haukur að eitt af því sem líta megi til sé hve mörg lítil fyrirtæki tilheyra þessum klasa, bæði í tækni, líftækni og annarri þróun ýmiss konar. Að þeirra mati þurfa þau að leita leiða til að vaxa og vinna betur saman. - shá / sjá síðu 10



**AIRWAVES Á GRUND** Tónlistarmaðurinn Júníus Meyvant spilaði fyrir heimilismenn og gesti á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund við Hringbraut í gærmorgun. Tónleikarnir voru hluti af utandagskrárviðburðum tónlistarhátíðarinnar Iceland Airwaves sem hófst í gær. „Þetta voru svaka góðir áhorfendur og mjög vel tekið í þetta,“ sagði Júníus. Sjá síðu 50. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**SIGRÍÐUR EIR** Hljómsveitin Eva spilar utandagskrár á Airwaves. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Gengin 8 mánuði á Airwaves:

## Túlkar spörkin sem ánægju

**MENNING** „Stúlkan sem ég geng með er rosa glöð með þetta og sparkar alveg á fullu þegar ég er að spila. Ég hef ákveðið að túlka spörkin sem ánægju,“ segir tónlistarkonan Sigríður Eir Zophoníasdóttir.

Hún er í Hljómsveitinni Evu sem spilar utandagskrár á Airwaveshátíðinni og stefnir auk þess á jólatónleika viku áður en frumburðurinn á að koma í heiminn.

Sigríður Eir hefur þurft að laga spilamennskuna að auknu umfangi óléttubumbunnar og spilar með gítarinn aðeins út á hlið. - gló / sjá síðu 60

Vilja gögn um netnoktun:

## Þjóðverjar krefjast gagna

**TÆKNI** Nýjar tölur frá Facebook sýna að þýsk stjórnvöld biðja um meiri upplýsingar um notkun þegna sinna á síðunni miðað við fjölda notenda en nokkur önnur þjóð. Þrátt fyrir orðspor landsins um að vernda frelsi á internetinu kemur í ljós að Þjóðverjar sendu inn 2.537 beiðnir um notendaupplýsingar á fyrri helmingi ársins 2014, sem gerir 115 beiðnir á hverja milljón notenda.

Ítalía, Bandaríkin og Frakkland fylgja fast á hæla Þýskalandi, þar sem hvert og eitt land sendi inn 100 beiðnir á hverja milljón notendur. - fbj




Báðar deildir Bandaríkjaþings verða undir stjórn Repúblikanaflokksins:

# Forsetinn án meirihluta á þingi

**BANDARÍKIN** Demókratar biðu afhroð í kosningunum í Bandaríkjunum á þriðjudaginn. Þeir misstu meirihluta sinn í öldungadeild til repúblikana, minnihluti þeirra í fulltrúadeildinni skrapp enn frekar saman og svo töpuðu þeir í flestum ríkisstjórakosningum.

Repúblikanar standa hins vegar með pálmann í höndunum og stjórna nú báðum deildum þingsins. Barack Obama forseti þarf því að hafa töluvert fyrir hlutunum þau tvö ár sem eftir lifa af seinna kjörtímabili hans þar sem repúblikanar geta neitað að taka til greina nokkuð það sem forsetinn vill fá í gegnum þingið.



**MITCH MCCONNELL**

„Ég reikna ekki með að forsetinn vakni í fyrramálið með allt annað viðhorf til heimsins en hann hafði í morgun,“ sagði Mitch McConnell, leiðtogi repúblikana í öldungadeildinni í gær. „Hann veit að ég mun ekki heldur gera það.“ - gb / sjá síðu 8






## SPURNING DAGSINS



Agnes, er að gerjast með ykkur að vera með freyðibað?

**„Já, landsmenn ættu að komast í alvöru bjórfreyðibað árið 2017.“**

Agnes Anna Sigurðardóttir er einn eigenda Kalda sem hyggst opna svokallað bjórspa við brugghús sitt í Eyjafirði.

Nágrannar sambýlis fjölfatlaðra kæra borgarráð til úrskurðarnefndar:

# Borgin segir almannahag ráða för

**SKIPULAGSMÁL** „Krefjumst við þess að ákvörðun þessi verði felld úr gildi,“ segir í bréfi eigenda Austurbrúnar 14 sem kært hafa ákvörðun borgarráðs um byggingu sambýlis fyrir fjölfatlaða við Austurbrún 6.

Fjölmargir nágrannar hins fyrirhugaða sambýlis mótmæltu byggingunni á meðan málið var til skoðunar hjá skipulagsyfirvöldum borgarinnar. Í kærunni er vísað til athugasemda sem áður hafa fram komið. Þær snerust meðal annars um að breytingin væri ólögmæt, verið væri að raska grónu hverfi og að verðmæti eigna núverandi íbúa myndi minnka.

Í umsögn borgarinnar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er rökum kærendanna öllum hafnað. Húseigendur í þéttbýli geti alltaf átt von á að breytingar verði sem skerði þeirra hagsmuni að einhverju leyti. Nýta eigi lóð sem sé vannýtt. „Með þessum fyrirætlunum er verið að höfða til almennra hagsmuna en ekki sérhagsmuna,“ segir í umsögninni frá borginni. - gar



**AUSTURBRÚN 6** Byggja á sambýli sem verður heimili fyrir sex fjölfatlaða einstaklinga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jafnrétti á Norðurlöndum:

# Kallað eftir þátttöku karla

**JAFNRÉTTI** Á vettvangi norræns samstarfs hefur verið lögð áhersla á aukna þátttöku og ábyrgð karla og drengja í baráttunni fyrir auknu jafnrétti. Norræna ráðherranefndin um jafnréttismál hefur því ákveðið að skipaður verði starfshópur sem skili nefndinni tillögum um norrænar aðgerðir um hvernig auka megi þátttöku karla og drengja í starfi að auknu kynjajafnrétti, að því er segir á vef velferðarráðuneytisins. - ibs



**SÆLIR** Carl I. Hagen, fulltrúi Óslóarborgar, og Gunnar Pálsson, sendiherra Íslands í Noregi, söguðu tréð saman í gær áður en það var afhent. MYND/SENDIRÁÐ ÍSLANDS Í OSLÓ

Jólagjöf Óslóar til Reykjavíkur afhent við hátíðlega athöfn:

# Felldu Óslóartréð og sungu jólalög

**NOREGUR Jólagjöf Óslóar til Reykjavíkur, hið víðfræga Óslóartré, var fellt í Östmarka í gær. Efnt var til hátíðlegrar athafnar af því tilefni þar sem sendiherra Íslands í Noregi, Gunnar Pálsson, tók við trénu. Hann þakkaði Carl I. Hagen, fulltrúa borgarinnar, fyrir tréð en það er um tólf og hálfur metri á hæð.**

**Tuttugu og fimm einstaklingar voru viðstaddir athöfnina, þeir sungu jólalög, drukku kaffi og borðuðu hveitibollur. Ljósin á trénu verða tendruð á Austurvelli 30. nóvember næstkomandi.** - nej

# Ekki ljóst hvað mun sparast á uppsögnum

Framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Stjórnarráðsins segir uppsagnir ræstitækna hluta af því að gera reksturinn hagkvæmari. Búið sé að undirbúa útboð á ræstingunum sem verði nú unnar á dagvöktum. Forsætisráðherra segist ekkert hafa vitað.

**ATVINNUMÁL** „Þetta er enn einn skellurinn. Við erum alltaf jafn hissa og verðum fyrir jafn miklum vonbrigðum. Það er verið að fækka okkar félagsmönnum hjá ríkinu og við söknum þess að það sé ekki horft á heildarmyndina,“ segir Harpa Ólafsdóttir, forstöðumaður kjarasviðs Eflingar stéttarfélags, um uppsagnir sautján ræstitækna hjá Stjórnarráðinu. Þeir sem missa vinnuna eru allt konur, þar af eru þrettán yfir fimmtugu. Margar kvennanna hafa langan starfsaldur í Stjórnarráðinu; meðal annars hafa tvær unnið þar í 20 ár, tvær í 19 ár og ein í 18 ár.

Guðmundur H. Kjærnested, framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Stjórnarráðsins, segir að unnið hafi verið að því undanfarið að gera rekstur félagsins hagkvæmari. Vegna þess hafi verið ákveðið að breyta fyrirkomulagi ræstinga í fjórum ráðuneytum og bjóða þær út. „Rekstrarfélagið hefur þurft að laga rekstur sinn að veittum fjárheimildum og þessi aðgerð er liður í því,“ segir hann. Með breytingunum muni ræstingar verða unnar á dagvinnutíma en hingað til hafi starfsfólk ræstinga fengið greidd laun samkvæmt flatarmælingu og yfirvinnu.

Guðmundur segir að búið sé í samstarfi við Ríkiskaup að undirbúa útboð ræstinganna. Gert sé ráð fyrir að það verði auglýst í þessum mánuði og breytt fyrirkomulag innleitt í upphafi næsta árs. Hann segir niðurstöðu útboðsins munu leiða það í ljós hversu mikil hagræðing verður. Í útboðsskilmálum verði gerð



**HAGRÆÐING** Með uppsögnunum á að hagræða í Rekstrarfélagi Stjórnarráðsins. Ræstingar verða boðnar út.



**HARPA ÓLAFSDÓTTIR**

sú krafa að sem flestu núverandi starfsfólki verði gefinn kostur á starfi hjá nýjum rekstraraðila.

Á undanförnum árum hefur mörgum félagsmönnum Eflingar, sem starfa við ræstingar hjá ríkinu, verið sagt upp störfum. „Við höfum fylgst með þessum einstaklingum sem hafa verið að missa vinnuna, treysta sér ekki til þess að starfa undir ræstingarfyrirtækjunum á almenna markaðnum eða eru í raun bara búnir á líkama og sál og fara þá á örorkubætur,“ segir hún og veltir fyrir sér í hverju sparnaðurinn við það felist fyrir ríkið.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra frétti af uppsögnunum í fjölmiðlum. „Við höfum ekkert verið að velta því fyrir okkur að ráða annað fólk í ræstingarnar. Allavega vissi ég ekki til þess og myndi vita af því ef það væri í mínu ráðuneyti,“ sagði hann í Reykjavík síðdegis í gær. Hann sagði það mikilvægt að halda í reynslumikið fólk, sér í lagi þegar skapast hefur traust milli vinnuveitanda og starfsfólks.

viktoria@frettabladid.is

Afslættir 1,6 milljarðar:

# Veiðigjöld gáfu 9,2 milljarða

**SJÁVARÚTVEGUR** Álögð veiðigjöld fiskveiðiárið 2013/2014 skiluðu ríkissjóði 9,2 milljörðum króna. Almenna veiðigjaldið gaf 4,4 milljarða en það sérstaka 6,1 milljarð. Afslættir samkvæmt bráðabirgðaákvæði námu rúmlega 1,4 milljörðum. Þetta kemur fram í svari sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Kristjáns L. Möller, þingmanns Samfylkingarinnar, en gjöldin voru einnig greind eftir kjördæmum. Reykjavíkurkjördæmi er að baki 2,2 milljörðum; Suðurkjördæmi þremur milljörðum; Norðausturkjördæmi 2,7 milljörðum; Norðvesturkjördæmi 1,2 milljörðum og Suðvesturkjördæmi 171 milljón. - shá

Ekki byr í seglin hjá Biokraft:

# Fá ekki myllu við Grindavík

**ORKUMÁL** Beiðni Biokraft ehf. um að fá að setja upp 62 metra háa vindmyllu á Stað í landi Grindavíkur hefur verið hafnað. Fulltrúar skipulags- og umhverfisnefndar Grindavíkur skoðuðu sams konar vindmyllur í Þykkvabæ og segja þær ekki falla vel að náttúrunni í nágrenni bæjarins. „Sem stendur er mikil vinnsla á vistvænni orku í sveitarfélaginu í gegnum jarðvarma og ekki fyrirséð orkuþörf sem kalli eftir uppsetningu vindmylla við strandlengju sveitarfélagsins.“ - gar








Samningaviðræðum slitið í Kópavogi og verkfall starfsmanna yfirvofandi:

# Halda launum en rukka gjöldin

**SVEITARSTJÓRNIR** Þótt Kópavogsbær hafi um mánaðamótin ákveðið að greiða starfsmönnum aðeins laun fram til 10. nóvember vegna verkfalls bæjarstarfsmanna sem þá kann að hefjast eru notendur þjónustu bæjarins rukkaðir um full gjöld út mánuðinn.

„Ástæðan fyrir því að það voru innheimt full þjónustugjöld er sú það liggur ekki fyrir hvernig þjónustan skerðist. En þegar það liggur fyrir verður skoðað hvernig gjöldin verða leiðrétt,“ segir Sigríður Björg Tómasdóttir, upplýsingafulltrúi Kópavogsbæjar.

Um er að ræða gjöld fyrir leikskóla, dægradvöl á borð við frístundaheimili í skólum og fyrir ýmsa þjónustu við eldri borgara og fatlaða.

Viðræðum samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og samninganefndar Starfsmannafélags Kópavogs var slitið eftir árangurslausar viðræður í gær.

Það stefnir því að verkfall starfsmanna hefjist á mánudagsmorgun.

Sigríður segir ástæðu viðræðuslitanna vera ófrávíkjanlega kröfu starfsmannafélagsins um að sérákvæði um háskólamenntaða félagsmenn verði áfram hluti af kjarasamningi.

Ákvæðið, sem feli í sér ójafnræði gagnvart stéttarfélögum, varði tæplega tuttugu af um átta hundruð félagsmönnum starfsmannafélagsins. - gar



**BÆJARSTJÓRI KÓPAVOGS** Ármann Kr. Ólafsson og aðrir stjórnendur Kópavogsbæjar standa frammi fyrir verkfalli 800 bæjarstarfsmanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# iPhone 6 hjá Nova!

**2.000 kr.** notkun eða **2GB** á mán. í 12 mán. fylgir.



iPhone 6

**iPhone 6** 16GB
**119.990 kr.** stgr.
**7.290 kr.** /18 mán.

**iPhone 6** 64GB: **129.990 kr.** stgr.

**iPhone 6 Plus** 16GB
**129.990 kr.** stgr.
**7.990 kr.** /18 mán.

**iPhone 6 Plus** 64GB: **149.990 kr.** stgr.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti og brosi á vör + 325 kr./mán. greiðslugjald. Nánar á nova.is.

## SVONA ERUM VIÐ



**1.112** **fyrirtæki urðu gjaldþrota árið 2012**

**en þeim fækkaði um 30% frá árinu á undan þegar þau voru 1.579.**

Flest gjaldþrot voru í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð.

Stjórnendur Íbúðalánasjóðs segjast hafa fulla lagaheimild fyrir stofnun og rekstri leigufélagsins Kletts:

# Hafna ásökunum framkvæmdastjórans

**STJÓRNSÝSLA** Stjórnendur Íbúðalánasjóðs hafna því alfarið að lagaheimild skorti fyrir stofnun og rekstri leigufélagsins Kletts, eins og Benedikt Sigurðsson, framkvæmdastjóri Búseta á Norðurlandi, hélt fram í Fréttablaðinu í gær.

Stjórnendur Íbúðalánasjóðs segja að með lagabreytingu árið 2012 hafi Íbúðalánasjóði verið heimilað að eiga leigufélag um fullnustueignir sjóðsins. Skortur á reglugerð frá ráðuneyti breyti engu um gildi þeirra laga. „Klettur er sjálfstætt félag sem hefur sitt starfsfólk, sína stjórn og aðra starfsstöð en Íbúðalánasjóður. Stjórn Kletts er skipuð af stjórnvöldum og hvorki starfsmenn né forstjóri Íbúðalánasjóðs hafa aðkomu að rekstri leigufélagsins. Þar er því fullur stjórnunarlegur aðskilnaður. Klettur hefur auk þess engan aðgang að upplýsingum hjá Íbúðalánasjóði. Allt tal um annað er fráleitt,“ segja stjórnendur Íbúðalánasjóðs í tilkynningu.

Þá segir að stjórnendur Íbúðalánasjóðs telji kærumál til ESA vegna leigufélagsins Kletts vera tilhæfulaust.

„Félagsmönnum Búseta Norðurlands er hins vegar í sjálfsvald sett ef þeir telja tíma og fjármunum félagsins vel varið í málarekstur fyrir eftirlitsdómstóli EFTA. Íbúðalánasjóður tjáir sig ekki um málarekstur af því tagi, enda mundu slíkar kærur beinast að ríkisvaldinu, ef til þeirra kæmi.“ **- jhh**



**AKUREYRI** Búseti á Norðurlandi gerir athugasemdir við rekstur Kletts. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Myndi gefa allt blóð sitt:

## Spænska konan komin heim

**SPÁNN** Teresa Romero, spænska hjúkrunarkonan sem þekkt er fyrir að vera fyrsta manneskjan utan Vestur-Afríku sem smitast af ebólu, fékk að fara heim af spítala í gær.

Lýsti hún raunum sínum á dramatískan máta á blaðamannafundi sem haldinn var í tilefni af heimför hennar.



**TERESA ROMERO**

Romero sagði einangrunina hafa verið erfiða. Hún sagði jafnframt að henni hefði ekki þótt sjúkdómurinn skipta hinn vestræna heim máli fyrr en smit kom upp þar.

Romero sagðist sjálf myndu gefa blóð sitt „þar til það yrði uppurið“ ef það hjálpaði sjúklingi sem væri ebólusmitaður. **- nej**

Grunur um 11 kynferðisbrot:

## Sakhæfur þrátt fyrir siðblindu

**DÓMSMÁL** Sigurður Ingi Þórðarson, betur þekktur sem Siggi hakkari, var í gær í Hæstarétti úrskurðaður í gæsluvarðhald til 28. nóvember.

Ríkissaksóknari hefur, samkvæmt greinargerð lögreglu, ellefu kynferðisbrotamál til meðferðar þar sem Sigurður hefur stöðu sakbornings.



**SIGURÐUR INGI ÞÓRÐARSON**

Samkvæmt mati geðlæknis er Sigurður haldinn persónuleikaröskun, siðblindur en sakhæfur. Hann eigi erfitt með að hemja sjálfan sig og iðrist ekki gerða sinna. **- nej**

# Hafa miklar áhyggjur af stöðu Landspítalans

**Forseti Alþingis tók við áskorun til stjórnvalda um að hætta við fyrirhugaðan niðurskurð í fjárlagafrumvarpi. Áhyggjur sjúklinga eru sagðar aukast og formaður Hjartaheilla segir fólk deyja meðan biðlistarnir lengist.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Forsvarsmenn 45 sjúklinga- og aðstandendasamtaka afhentu í gær Einari K. Guðfinnssyni, forseta Alþingis, áskorun til stjórnvalda um að ráða nú þegar bót á því alvarlega ástandi sem ríkir á Landspítalanum.

Skora þau á stjórnvöld að endurskoða fyrirhugaðan niðurskurð í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. Telja félögin að niðurskurðurinn muni valda ómældum kostnaði fyrir spítalann og alla sem njóta þjónustu hans og þess öryggis sem því fylgir að hafa aðgang að sérhæfðri heilbrigðisþjónustu.

Ragnheiður Haraldsdóttir, forstjóri Krabbameinsfélagsins, segist finna fyrir vaxandi áhyggjum vegna ástandsins hjá krabbameinssjúklingum. „Því miður ekki að ástæðulausu,“ segir hún og á þá við ástand Landspítalans sjálfs. „Svo bætist við verkfallið sem felur í sér að verið er að fresta aðgerðum og meðferðum. Menn vita ekkert hvað býr í framtíðinni hvað þetta varðar. Heilbrigðisstarfsfólk talar almennt ekki mikið um hættur í heilbrigðisþjónustunni en við heyrum að það er farið að tala öðruvísi núna. Okkur finnst mörgum að við náum ekki eyrum stjórnvalda og þrátt fyrir mikla umræðu undanfarið er eins og menn séu ekki að bregðast við. Eins og þeir trúi þessu ekki alveg.“

Guðmundur Bjarnason, formaður stjórnar Hjartaheilla, tekur í sama streng. „Við teljum afar mikilvægt að stjórnvöld fáist til þess að hlusta á óskir okkar og þær áhyggjur sem við höfum af ástandi á Landspítalanum.“



**AFHENTU ÁSKORUN** Forsvarsmenn ýmissa samtaka afhentu forseta Aþingis, áskorun til stjórnvalda, í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hann segir áhyggjurnar einnig snúa að því að ungt fólk vilji ekki koma til starfa á spítalanum vegna þess að hann sé ekki samkeppnishæfur þegar litið sé til spítala í nágrannalöndunum. Guðmundur segir að ályktunin hafi fyrst og fremst snúið að innviðum og ástandi spítalans án þess að félögin vilji blanda sér í kjaradeilur. Hann segir þó ástandið vegna verkfalls lækna hafa mikil áhrif á skjólstæðinga Hjartaheilla.



**RAGNHEIÐUR HARALDSDÓTTIR**



**GUÐMUNDUR BJARNASON**

„Við finnum alltaf fyrir hræðslu þeirra sem eru á biðlistum eftir aðgerðum. Það er mjög góð og skjót þjónusta í neyðartilfellum þar sem þarf að bregðast strax við. Það eru biðlistarnir sem við höfum áhyggjur af og við þessar aðstæður geta þeir ekkert annað en lengst. Fólk er að verða fyrir áföllum, t.d. ótímabærum dauðsföllum, fólk á besta aldri er að falla frá vegna þess að það fær ekki strax þá þjónustu sem er lífsnauðsynleg. Það er því miður að gerast.“ **viktoria@frettabladid.is**

## Viðræður þokast ekkert

Verkfallsaðgerðir lækna í Læknafélagi Íslands hafa nú staðið í rúma viku. Enn virðist langt í land með að komist verði að niðurstöðu sem bæði læknar og ríki geta unað. Fundur með almennum læknum verður í dag klukkan 9 og er næsti fundur við skurðlækna áætlaður á miðvikudag í næstu viku. Í gær lögðu læknar á skurðlækningasviði og geðsviði Landspítalans niður störf og verða í verkfalli þar til klukkan 16 í dag. Bráðaþjónustu er sinnt en annarri þjónustu ekki. Göngudeildir skurðlækninga og augnlækninga verða einnig lokaðar í dag.


# Heilsufarsmælingar

**Heilsufarsmælingar eru mikilvægur þáttur í heilsueflingar- og vinnuverndarstarfi.**

**Mælingarnar fara fram á vinnustað og eru framkvæmdar af hjúkrunarfræðingum Vinnuverndar ehf.**

**Starfsmaður fær upplýsingar um eigið ástand auk þess sem ráðgjöf er veitt og spurningum svarað.**

Vinnuvernd ehf.
Brautarholt 28
105 Reykjavík
s: 5780800
www.vinnuvernd.is
vinnuvernd@vinnuvernd.is



VINNUVERND ehf
vellíðan í vinnu


## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 21° | Friedrichshafen | 5° | New York | 14° |
| Aþena | 21° | Gautaborg | 11° | Orlando | 28° |
| Basel | 15° | Kaupmannahöfn | 11° | Ósló | 3° |
| Berlín | 11° | Las Palmas | 25° | París | 11° |
| Billund | 9° | London | 12° | San Francisco | 18° |
| Frankfurt | 9° | Mallorca | 16° | Stokkhólmur | 5° |




**Á MORGUN** 15-20 m/s vestan til um tíma en heldur hægari vindur annars.




**LAUGARDAGUR** Víða 5-10 m/s en 10-15 m/s V- og N-til.

**KRÖPP LÆGÐ** stýrir veðrinu hjá okkur í dag og næstu daga. Það verður yfirleitt bæði vinda- og úrkomusamt á landinu. Á morgun kólnar heldur með norðanátt og snjókomu norðanlands en um leið léttir heldur til sunnan til.



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
**FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is,
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


F&F
HÖFUM OPNAÐ
Í KRINGLUNNI

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað ætla eigendur Bruggsmiðjunnar Kalda að opna?
**2.** Hvar verður fyrsta rafbílaleigan á landinu?
**3.** Hvað heitir bók Bjarna Bjarnasonar sem gefa á út í Englandi?

**SVÖR:**
**1.** Bjórspa. **2.** Í Hafnarfirði. **3.** Hálfsnert stúlka.

Lögreglan á Suðurnesjum beitti símhlerunum við rannsókn á vændismáli:

# 40 ákærðir fyrir vændiskaup

**LÖGREGLUMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært fjörutíu einstaklinga vegna vændismála. Þeir eru ýmist ákærðir fyrir að greiða fyrir vændi, að heita greiðslu fyrir vændi eða tilraunir til þess.

Með því hafi þeir brotið gegn fyrstu málsgrein 206. greinar almennra hegningarlaga þar sem kveðið er á um að brot af þessu tagi varði sektum eða fangelsi allt að einu ári. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins munu öll brotin hafa verið framin í Reykjavík sumarið 2013. Mennirnir munu allir hafa verið í samskiptum við sömu konuna sem er lettnesk. Hún er farin af landi brott. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum hafði brotin til rannsóknar og beitti meðal annars símhlerunum. Rannsókninni lauk í júlí og voru þá 64 mál send ríkissaksóknara. Ákærurnar verða þingfestar í Héraðsdómi Reykjavíkur föstudaginn 14. nóvember næstkomandi.

Almennum hegningarlögum var breytt árið 2009 og kaup á vændi gerð refsiverð. **- jhh**



**VÆNDISKAUPANDI** Petta er í þriðja sinn sem ákært er í vændiskaupamálum af þessu tagi. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins enda málin jafnan með sektargreiðslum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Deilur í borgarstjórn:

# Fékk ekki að nota glærur

**SVEITARSTJÓRNIR** Kjartan Magnússon borgarfulltrúi fékk ekki að nota glærur á fundi borgarstjórnar í fyrradag. Til umræðu voru bætt göngutengsl barna og ungmenna yfir Hringbraut.

Sóley Tómasdóttir, forseti borgarstjórnar, sagði að gögn sem sýna ætti á glærum þyrftu að berast forsætisnefnd fyrir fund og þótti ekki við hæfi að gera hlé til að framkvæma „skyndihugdettu“. Kjartan lýsti yfir vonbrigðum sínum með forsetann. **- fbj**


MB SL 55AMG Carlson til sölu

- Innfluttur af Ræsi í okt. 2003
- Einn eigandi
- Breyttur af Carlson
- 580 HP
- 880 Torque N/M
- Ekinn 36.000
- CD
- Loftkæling
- Lyklalalaust aðgengi
- GSM sími tengdur audio kerfi "Hand free"
- Ný dekk
- 20" Carlson felgur
- Regn skynjari
- Xenon ljós
- Niðurfellanlegt þak
- Hiti og kæling í sætum
- Þessi bíll er með öllum mögulegum aukahlutum þó ekki Navi







Einstakt eintak af SL bíl
Verð 9.990.000
bíll.is
bestir í bílum...






**BUGL** Karl Garðarsson telur mikilvægt að aðgengi að sálfræðimeðferð fyrir börn, unglinga og fjölskyldur þeirra verði bætt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Getur breytt stöðu þúsunda barna

Ekki eru til peningar til að fjármagna aðgengi barna og fjölskyldna þeirra að hugrænni meðferð og foreldrafærninámskeiðum. Að mati þingmanns myndi slík aðstoð breyta stöðu þúsunda barna. Það verði að finna fjármagn til þess.

**HEILBRIGÐISMÁL** Könnun sem gerð var í Breiðholti sýndi að árið 2012 mældust 26 prósent stúlkna með kvíða. Kvíðinn mældist einnig mikill hjá piltum, en með markvissu inngripi var hægt að draga úr kvíðanum. Karl Garðarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, greindi frá þessu á Alþingi í gær þegar hann mælti fyrir tillögu um aðgerðaráætlun um geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn.

Tillagan felur í sér að geðheilbrigðisþjónusta og aðgengi að sálfræðimeðferð fyrir börn, unglinga og fjölskyldur þeirra verði bætt. Meðal annars með auknu aðgengi að hugrænni meðferð og námskeiðum í foreldrafærni á borð við PMT og SOS.

Karl telur að þessi áætlun sé mjög raunhæf. „Vegna þess að þetta hefur verið prófað áður í Breiðholtinu,“ segir Karl og þar hafi tekist að draga úr kvíða og þunglyndi á meðal barna. „Að gera svona á landsvísu, að leggja svona pínu fyrir og bjóða þjónustu sem er ekki fyrir hendi núna nema í mjög takmörkuðum mæli myndi gjörbreyta stöðunni hjá þúsundum barna,“ segir Karl.

Hvorki heilbrigðisráðherra né velferðarráðherra tóku þátt í umræðunni þegar Karl flutti tillögu sína á Alþingi í gær. En Karl segist hafa rætt málin við Eygló og fengið jákvæð viðbrögð.

Frá árinu 2013 hefur Barnaverndarstofa staðið að þjálfun PMT-meðferðaraðila um land allt. Þeir meðferðaraðilar sjá svo um handleiðslu og stuðning fyrir fagfólk sem vinnur með börnum og fjölskyldum þeirra víða um land. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er framhald á því verkefni í uppnámi vegna þess að fjárveitingar skortir. Aðspurður viðurkennir Karl að það séu ekki til fjárveitingar til að ýta þessari aðgerðaráætlun úr vör.

„En tilgangur tillögunnar er sá að það verði sett á laggirnar nefnd sem skili tillögum á næsta ári og síðan verður í framhaldinu að finna framlög til að fylgja þessu máli eftir,“ segir Karl. Sú vinna muni skila sér margfalt til framtíðar. jonhakon@frettabladid.is



> **En tilgangur tillögunnar er sá að það verði sett á laggirnar nefnd sem skili tillögum á næsta ári og síðan verður í framhaldinu að finna framlög til að fylgja þessu máli eftir.**
>
> *Karl Garðarsson alþingismaður*

### Foreldrafærninámskeiðin SOS og PMT

Bæði SOS – Hjálp fyrir foreldra og PMT eru námskeið í foreldrafærniþjálfun, en einnig ætluð fagaðilum sem starfa með börnum. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands hefur séð um rekstur SOS-námskeiðanna á Íslandi allt frá árinu 2000 og á höfundarrétt á því. Á námskeiðinu kenna sálfræðingar þrjár grundvallarreglur sem hafa ber í huga í uppeldi barna og að forðast ferns konar mistök. PMT stendur fyrir Parent Management Training, en aðferðin er upprunnin í Oregon í Bandaríkjunum. Aðferðin var upprunalega kennd á vegum fræðsluyfirvalda í Hafnarfirði en haustið 2013 varð hún hluti af úrræðum Barnaverndarstofu.


Göngugreining

Vandamál sem göngugreining Flexor getur hjálpað til við að leysa eru til dæmis:

- breytuverkir og pirringur í fótum
- verkir í hnjám
- sársauki eða eymsli í hælum (hælspori, „plantar fasciitis“ o.fl.)
- beinhimnubólga
- óþægindi eða verkir í baki og/eða mjöðmum
- verkir í tábergi og/eða iljum
- hásinavandamál
- óþægindi í ökklum
- þreytu- og álagsverkir hjá börnum og unglingum

Pantaðu tíma í síma 517 3900

FLEXOR
NÆSTA SKREF

Orkhúsinu / Suðurlandsbraut 34 / 517 3900



SAFT
Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is


Fólksfækkun og auknar kröfur um menntun skapa vanda í sjúkraflutningum:

# Missa sjúkrabíl frá Raufarhöfn

**HEILBRIGÐISMÁL** Fólksfækkun og auknar kröfur um menntun hafa leitt til þess að Heilbrigðisstofnun Norðurlands á erfitt með að manna stöður sjúkraflutningamanna á Raufarhöfn, Kópaskeri og Þórshöfn.

Í fundargerð byggðaráðs Norðurþings segir enn fremur að verið sé að hugsa um að hafa mannaða sjúkrabíla einungis á Þórshöfn og Húsavík.

Á Raufarhöfn og Kópaskeri yrði komið upp svokölluðu vettvangsliðakerfi. Á hverjum stað fengju sex til átta vettvangsliðar grunnþjálfun til að veita fyrstu hjálp meðan beðið er eftir lækni og sjúkraflutningsmönnum. Rætt hafi verið um að það verði sömu menn og eru í slökkviliði Norðurþings. Eftir breytingarnar yrði til betri neyðarþjónusta og öflugra slökkvilið. **- gar**



**RAUFARHÖFN** Mannaðir sjúkrabílar heyra brátt sögunni til á Raufarhöfn og Kópaskeri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


F&F
FATNAÐUR Á ALLA
FJÖLSKYLDUNA

Rolls Royce sker niður:

## Mörgum sagt upp á næstunni

**VIÐSKIPTI** Rolls Royce segir upp 2.600 starfsmönnum á næstu 18 mánuðum. Enn frekari uppsagnir eru yfirvofandi. 55 þúsund starfa hjá fyrirtækinu um allan heim.

Forsvarsmenn fyrirtækisins tengja uppsagnirnar við að vinnu sé lokið við smíði og þróun hreyfla fyrir Boeing 787 Dreamliner og Airbus A350-þotur. - glp

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.




# Forseti án þingmeirihluta

Barack Obama Bandaríkjaforseti þarf að hafa töluvert fyrir hlutunum þau tvö ár sem eftir lifa af seinna kjörtímabili hans. Báðar deildir þingsins verða undir stjórn andstæðinga hans í Repúblikanaflokknum.

**BANDARÍKIN** Demókratar biðu afhroð í kosningunum í Bandaríkjunum á þriðjudaginn. Þeir misstu meirihluta sinn í öldungadeild til repúblikana, minnihluti þeirra í fulltrúadeildinni skrapp enn frekar saman og svo töpuðu þeir í flestum ríkisstjórakosningunum.



MITCH MCCONNELL

Repúblikanar standa hins vegar með pálmann í höndunum og stjórna nú báðum deildum þingsins. Barack Obama forseti þarf því að hafa töluvert fyrir hlutunum þau tvö ár sem eftir lifa af seinna kjörtímabili hans.

Repúblikanar geta leikið sér að því að koma með hvert frumvarpið á fætur öðru, sem fyrirfram yrði vitað að hann myndi neita að skrifa undir. Þeir geta sömuleiðis neitað að taka til greina nokkurn skapaðan hlut, sem forsetinn myndi vilja fá í gegnum þingið.

Mitch McConnell, sem hefur verið leiðtogi minnihluta repúblikana í öldungadeildinni, verður nú leiðtogi meirihlutans í deildinni. Hann hefur reynst Obama þungur í skauti til þessa, og segir að Obama geti varla reiknað með miklum breytingum þar á:

„Ég reikna ekki með því að forseti vakni á morgun með allt annað viðhorf til heimsins en hann hafði í morgun,“ sagði McConnell í fyrrinótt, þegar ljóst var að sigur repúblikana var í höfn. „Hann veit að ég mun heldur ekki gera það,“ bætti hann svo við.

Bjartsýnismenn benda þó á að þeir McConnell og Obama hljóti að þurfa að koma sér saman um ýmis þau helstu mál, sem báðir sjái sér hag í að koma í gegnum þingið. Hvorki repúblikanar né demókratar græði á því að fara í hart í öllum málum.

gudsteinn@frettabladid.is



**SIGRI FAGNAÐ** Repúblikanar á kosninganótt, þegar ljóst var orðið að þeir yrðu með meirihluta í báðum deildum þingsins næstu tvö árin. NORDICPHOTOS/AFP

### MARÍJÚANA, FÓSTUREYÐINGAR, LAUN

Jafnframt þing- og ríkisstjórakosningum voru kjósendur víða í Bandaríkjunum að venju beðnir um að taka ákvarðanir í ýmsum málum, sem sum hver hafa verið afar umdeild. Í Colorado og Norður-Dakóta höfnuðu til dæmis kjósendur áformum um að torvelda fóstureyðingar. Þá samþykktu kjósendur í Oregon, Alaska og í höfuðborginni Washington að heimila fólki að nota maríjúana, en íbúar í Flórída höfnuðu sams konar tillögu. Áhugasamir íbúar í Kaliforníu, Massachusetts, Maine og fleiri ríkjum eru þegar farnir að undirbúa sams konar tillögu til að bera undir kjósendur í næstu kosningum, sem verða eftir tvö ár.

Þá samþykktu kjósendur í Arkansas, Nebraska og Suður-Dakóta að hækka lágmarkslaun, en í Oregon höfnuðu kjósendur því að gera ólöglegum innflytjendum kleift að verða sér úti um ökuskírteini.

### → Úrslit þing- og ríkisstjórakosninga

Talningu var ekki endanlega lokið í gær og því enn óljóst um þrjú þingsæti öldungadeildar, sextán þingsæti fulltrúadeildar og einn ríkisstjóra.

| | Demókratar | | Repúblikanar | |
|---|---|---|---|---|
| Öldungadeild | 45 | -7 | 52 | +7 |
| Fulltrúadeild | 176 | -14 | 243 | +14 |
| Ríkisstjórar | 16 | -3 | 31 | +3 |






**STRENGUR LAGÐUR** Frá landtöku nýs sæstrengs, sem þá varð jarðstrengur, í Vestmannaeyjum í fyrrahaust. MYND/LANDSNET

Landsnet byggir upp á Suður- og Vesturlandi:

## Þrír jarðstrengir fyrir 400 milljónir

**ORKUMÁL** Landsnet hefur lokið samningagerð vegna umfangsmestu jarðstrengjakaupa fyrirtækisins til þessa. Samið hefur verið við sænska kapalframleiðandann NKT Cables AB um kaup á þremur jarðstrengjum vegna fyrirhugaðra verkefna á næsta ári. Þeir eru samanlagt 45 kílómetrar að lengd og ætlaðir fyrir 66 kílóvolta spennu.

Samkomulagið, sem hljóðar upp á tæplega 400 milljónir króna, var undirritað í höfuðstöðvum Landsnets í gær.

Jarðstrengirnir þrír verða notaðir til þriggja aðskilinna verkefna sem munu bæta og styrkja raforkuflutningskerfið á Suður- og Vesturlandi.

Samkomulagið var gert að undangengnu útboðsferli þar sem NKT átti lægsta tilboðið. Það felur í sér framleiðslu og flutning jarðstrengjanna til Íslands ásamt eftirliti með lagningu þeirra, tengingu og prófunum. Strengirnir verða framleiddir í verksmiðju fyrirtækisins í Falun í Svíþjóð en Orkuvirki verður undirverktaki sænska fyrirtækisins á Íslandi. - shá

### → Þrjú verkefni
**45 kílómetra jarðstrengir**

**Selfosslína 3,** ***ný 28 km löng jarðstrengslögn*** milli Selfoss og Þorlákshafnar – eykur afhendingaröryggi í Hveragerði, Þorlákshöfn og á Selfossi.

**Hellulína 2,** ***ný 13 km löng tenging*** milli Hellu og Hvolsvallar – kemur í stað núverandi loftlína á þessari leið.

**Tenging nýs tengivirkis *á Akranesi.***


F&F
OPNUNARHÁTÍÐ
Í DAG KL.18:45

## LYKILTÖLUR ÍSLENSKA SJÁVARKLASANS ÁRIÐ 2013



- **25-30%** Hlutdeild sjávarklasans í vergri þjóðarframleiðslu
- **25.000** Starfsmenn í sjávarklasanum
- **1.363.000 tonn** Afli íslenskra skipa árið 2013
- **272.000.000** Útflutningsverðmæti sjávarafurða
- **-121.000 tonn** Samdráttur í uppsjávarafla
- **+86.000 tonn** Aukning í bolfiskafla
- **+12%** Vöxtur tæknifyrirtækja sjávarklasans
- **19.000.000** Áætluð velta í flutningum með sjávarafurðir
- **+73%** Nemendafjölgun í sjávarútvegstengdu námi frá 2008

# Nýbúinn hefur gefið 100 milljarða

Viðsnúningur á eiginfjárstöðu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja er hátt í 200 milljarðar frá hrunárinu 2008. Vöxtur tæknigeirans í greininni er eftirtektarverður eitt árið enn. Fjárfestingar aukast í skipum og tæknibúnaði. Stóraukin ásókn er í sjávarútvegstengt nám.

**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is



Að meðtalinni síðustu makrílvertíð hefur þessi nýbúi í íslenskum sjávarútvegi fært þjóðarbúinu um 100 milljarða króna í auknar útflutningstekjur frá árinu 2007. Eiginfjárstaða sjávarútvegsfyrirtækja hefur innan þessa tímabils tekið stakkaskiptum; er nú jákvæð um 107 milljarða króna en var neikvæð um 80 milljarða króna í lok hrunársins 2008. Er það að þakka endurskipulagningu fyrirtækjanna og niðurgreiðslu skulda.

Þessu má m.a. finna stað í Sjávarklasinn á Íslandi: Efnahagsleg umsvif og afkoma 2013; fjórðu greiningunni á umfangi og afkomu sjávarútvegsins og hliðargreina hans sem Íslenski sjávarklasinn mun senda frá sér. Það eru hagfræðingar Sjávarklasans, þeir Bjarki Vigfússon og Haukur Már Gestsson, sem unnu samantektina ásamt framkvæmdastjóranum, Þór Sigfússyni.

### Þáttaskil

Nýliðið fiskveiðiár markar þáttaskil í atvinnugreininni að mati höfunda. Því ráða tilkynningar um stóraukna fjárfestingu í nýjum fiskiskipum sem væntanleg eru til landsins á næstu árum.

„Í sjávarútvegsfyrirtækjunum er það kannski markverðast að eiginfjárstaðan er víða orðin góð og fjárfesting í nýjum skipum, sem er orðin alveg bráðnauðsynleg, er farin að taka við sér. Nú er búið að tilkynna um smíði ellefu nýrra skipa og í þeim kaupum birtast einnig breyttar framtíðaráherslur sjávarútvegsfyrirtækjanna, frystitogararnir eru á undanhaldi og á síðustu tveimur árum sáum við mikinn kipp í útflutningi á ferskum fiski,“ segir Bjarki.

Í skýrslunni er bent á að nýsmíði skipa eru send jákvæð skilaboð um bætta hráefnanýtingu og aukna verðmætasköpun sem birtist m.a. í breyttum áherslum í vinnslu uppsjávarfisks til manneldis og aukinni ferskfiskvinnslu bolfisks síðustu misserin. Tilfærsla frá sjófrystingu til landvinnslu á stuttum tíma segir einnig margt um getu greinarinnar til að bregðast við breyttum ytri aðstæðum og samkeppnisstöðu á alþjóðlegum mörkuðum.

### Makríllinn breytti miklu

„Eftirhrunsárin í íslenskum sjávarútvegi hafa öðrum þræði verið lituð bláum strípum makrílsins, milljörðunum sem hann hefur skilað til þjóðarbúsins og deilunum sem hann hefur valdið. Frá árinu 2007 hefur samanlagt útflutningsverðmæti makríls á Íslandi numið rúmum 76 milljörðum króna og er árið 2014 þá ótalið. Þar af nam útflutningur á árinu 2013 rúmum 21 milljarði króna og útlit er fyrir að árið 2014 verði svipað,“ segja skýrsluhöfundar. Þetta er á allra vitorði. Tæknibyltingin sem er að verða í greininni er kannski fréttir fyrir fleiri.

### Tæknibylting

Tæknifyrirtæki í sjávarklasanum hafa eflst myndarlega frá árinu 2008 og heildartekjur greinarinnar vaxa nú annað árið í röð um 12-13%. Eru dæmi þess að fyrirtæki með ársveltu upp á hundruð milljóna króna hafi tvöfaldað tekjur sínar á skömmum tíma. Margir stjórnendur tæknifyrirtækja í sjávarklasanum líta björtum augum á árið 2014 og „bólgnar pantanabækur gefa fyrirheit um gott framhald á næstu misserum. Ástæða er til að búast við meiri vexti milli áranna 2013 og 2014, sérstaklega í ljósi fjárfestingaáætlana í íslenskum sjávarútvegi,“ segir í skýrslunni.

„Hvað varðar tæknifyrirtækin erum við að sjá ótrúlegan vöxt í veltu þeirra, þriðja árið í röð. Þarna er að fjölga í hópi fyrirtækja sem telja má stór á íslenskan mælikvarða, sprotarnir eru að verða að meðalstórum og stórum fyrirtækjum með tugi starfsmanna. Hluti af þessu er líka ákveðin samþjöppun þar sem stærri fyrirtæki eru að kaupa öfluga sprota og vaxa þannig,“ segir Haukur Már en bætir við að áframhaldandi vöxtur í tæknigeiranum sé ekki laus við áskoranir. Ógreiður aðgangur að fjármagni, gjaldeyrishöft og takmörkuð geta til að takast á við stór verkefni standa mörgum þeirra fyrir þrifum. Lykilorðið til að eiga möguleika á að takast á við stór verkefni er hins vegar samstarf tækni- og sjávarútvegsfyrirtækja, eins og þegar hafa verið sett á fót innan Sjávarklasans.





> **Hvað varðar tæknifyrirtækin sjáum við ótrúlegan vöxt í veltu þeirra, þriðja árið í röð. Þarna er að fjölga í hópi fyrirtækja sem telja má stór á íslenskan mælikvarða, sprotarnir eru að verða að meðalstórum og stórum fyrirtækjum með tugi starfsmanna.**
>
> *Bjarki Vigfússon og Haukur Már Gestsson, hagfræðingar Íslenska sjávarklasans*

### Fullvinnsla og líftækni

Með hverju árinu sem líður sannast að fullvinnsla afurða er að verða íslenskum sjávarútvegi sífellt mikilvægari. Síðustu áratugi hefur aflameðferð og aflanýting gjörbreyst, og nú er svo komið að það hráefni, sem oft var áður hent, stendur að baki tugmilljarða verðmætasköpunar. Jafnvel það sem var þó nýtt er margfalt verðmætara nú en áður. Lýsi er eitt dæmi þess þar sem samnefnt fyrirtæki er risi á íslenskum heilsuvörumarkaði – með útflutning til 80 landa og leyfi til lyfjaframleiðslu.

Á síðustu áratugum hafa einnig byggst upp öflug fyrirtæki í þurrkun fiskafurða en um 10-12 fyrirtæki eru nú á því sviði og fjöldi starfsmanna þeirra líklega um 250-300. Flest þurrkunarfyrirtæki búa yfir afar öflugum tæknibúnaði sem þróaður hefur verið af innlendum tæknifyrirtækjum. Ætla má að á bilinu 50-60 þúsund tonn (ferskt) af hausum séu þurrkuð og flutt út árlega hér á landi. Útflutningsverðmæti þeirra var um átta milljarðar króna árið 2013.

Líftækniiðnaður tengdur nýtingu aukaafurða er einn mest spennandi vettvangur sjávarklasans á Íslandi og nokkur fyrirtæki vinna að þróun og sölu slíkra líftækniafurða. Skýrsluhöfundar telja að á Íslandi sé að mörgu leyti einstakur grundvöllur til uppbyggingar öflugs líftækniklasa. Sá grundvöllur byggist annars vegar á miklum auðlindum, bæði til lands og sjávar, og á sérstakri vistfræði landsins, og hins vegar á mannauði og stofnanaumhverfi sem byggt gæti undir slíkan klasa. Skynsamlegt væri að marka öfluga stefnu til framtíðar um uppbyggingu líftækniiðnaðarins á Íslandi í samvinnu ríkis, háskólasamfélagsins, heilbrigðisgeirans og atvinnulífsins.



### Áhugi á menntun vex

Kannski er það til marks um vöxt og uppgang sjávarklasans á Íslandi að stóraukin aðsókn hefur verið í sjávarútvegstengt nám allt frá árinu 2008. Heildarfjöldi nemenda á fjölmörgum námsbrautum á framhaldsskóla- og háskólastigi jókst um 73% milli áranna 2008 og 2013. Merkja má stóraukinn áhuga ungs fólks á haftengdum greinum og margt bendir til að áhugi á sjávartengdri nýsköpun hafi sjaldan eða aldrei verið meiri.

Spurðir um áskoranir sjávarklasans heilt yfir telja þeir Bjarki og Haukur að eitt af því sem líta megi til sé hve mörg lítil fyrirtæki tilheyra þessum klasa, bæði í tækni, líftækni og annarri þróun ýmiskonar. Að þeirra mati þurfa þau að leita leiða til að vaxa og vinna betur saman, þar liggi tækifærið. Um leið og þessi nýsköpunarfyrirtæki eru orðin svolítið stærri, stöndugri og þroskaðri opnist þeim miklu stærri tækifæri til fjármögnunar heldur en þegar þau eru enn agnarsmá. Og með þeirri fjármögnun geti þau svo orðið risar líkt og þeir sem nú standa styrkum fótum á íslenskum markaði.




Þingmenn allra flokka vilja úttekt frá ríkislögreglustjóra í víðtæku samstarfi:

# Vilja ferðamennsku í hættumat

**ÖRYGGISMÁL** Hópur þingmanna úr öllum stjórnmálaflokkum á Alþingi hefur lagt fram þingsályktunartillögu um áhættumat vegna ferðamennsku á Íslandi.

> ➜ Markmið úttektar er sagt að fækka slysum og óhöppum ferðamanna.

Í framhaldi áhættumatsins verði metið hvort ástæða er til að setja sérstakar reglur um ferðir á þau svæði á Íslandi sem helst er áhættusamt að heimsækja.

Þingsályktunartillagan var lögð fram á síðasta þingi, og þá einnig af þingmönnum allra flokka. Hún fór svo langt að fá umfjöllun í umhverfis- og samgöngunefnd sem sendi út umsagnarbeiðnir vegna hennar. Þær gáfu til kynna að úrlausnar þessarar hugmyndar yrði ekki beðið mikið lengur.

Í greinargerð með tillögunni segir meðal annars að markmiðið sé að fækka slysum og óhöppum ferðamanna í óbyggðum og utan alfaraleiðar. Með því yrði fækkað þjáningum einstaklinga og kostnaði samfélagsins vegna leitar- og björgunarstarfa.

Sérstaklega er þetta talið brýnt í ljósi fjölgunar ferðamanna og hve mikið hefur teygst úr ferðamannatímanum yfir á haust og vetur.

- shá



**LEIT** Fyrirkomulag á Grænlandi og á Svalbarða er tekið sem dæmi í tillögunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# DEBENHAMS

## 20% AFSLÁTTUR

Tamaris

EITTHVAÐ SEM ALLAR ELSKA

## AF TÖSKUM OG SKÓM FYRIR DÖMUR, HERRA OG BÖRN



Verð áður 19.990,- **Nú 15.992,-**



Verð áður 15.990,- **Nú 12.792,-**



Verð áður 25.990,- **Nú 20.792,-**



Verð áður 25.990,- **Nú 20.792,-**



Verð áður 11.990,- **Nú 9.592,-**

Gildir út sunnudag

Jólaskilamiðarnir eru komnir

Finndu okkur á facebook

*Gerðu lífið skemmtilegra*

**Opið 11 - 21 í dag**

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



**VEGANESTI** Áhugasamir foreldrar styðja við nám barna.

## Allir foreldrar geta haft áhrif á einkunnir

Áhugasamir foreldrar með stutta skólagöngu geta haft jafnmikil áhrif á velgengni barna sinna í skóla og langskólagengnir foreldrar. Þetta eru niðurstöður rannsóknar Ceciliu von Otter í Svíþjóð sem byggir á viðtölum við fjögur þúsund foreldra frá 1968.

Rannsókn von Otter leiddi í ljós að árangur nemenda tengist ekki því í hvaða stétt foreldrarnir eru. Hún átti von á að þegar um til dæmis hjálp í stærðfræði væri að ræða gagnaðist það nemendum meira ef foreldrar væru langskólagengnir heldur en ef þeir væru bara með sex ára grunnskólanám. Í ljós kom að svo var ekki, heldur skipti áhugi foreldranna á námi barnanna máli.

Hins vegar reyndist áhugi langskólagenginna foreldra á námi barna sinna meiri en hinna.

Ekki á að gera foreldra ábyrga fyrir velgengni barna sinna, að mati von Otter. Betra sé að benda þeim á að um sé að ræða gjöf sem þeir geti gefið börnum sínum og hún geti verið afgerandi. - ibs

# Samræður foreldra góð vörn í baráttunni gegn einelti

**Benedikt Bragi Sigurðsson skólasálfræðingur leggur til að foreldrar myndi samtök sem séu virk alla grunnskólagöngu barnanna. Þurfa að ræða saman um félagsfærni og líðan barnanna, bæði eigin og annarra.**

„Þegar samskipti milli foreldra grunnskólabarna eru lítil er meiri hætta á því að einelti og samskiptavandi verði orðið alvarlegt vandamál þegar loks er tekið á því. Þá er hætta á að einstaka foreldrar, það er foreldrar þolanda, upplifi sig í einangrun.“ Þetta segir Benedikt Bragi Sigurðsson sálfræðingur sem starfar í fjórum grunnskólum í Kópavogi.

Helst vill hann sjá að foreldrar myndi samtök strax þegar börnin byrja í sex ára bekk og séu virk í þeim út grunnskólagönguna. „Eitt af því sem mér finnst gríðarlega mikilvægt í sambandi við einelti er að foreldrar hittist meira og tali saman. Foreldrar mættu ræða og fræðast um félagsfærni, um það hvernig bekknum er að ganga sem heild, hvernig barni þeirra líður, hvernig börnum annarra líður, hvort einhver sé skilinn út undan og svo framvegis. Það væri gott ef einhver stýrði fundinum, til dæmis umsjónarkennari, námsráðgjafi eða skólasálfræðingur. Við megum ekki gefast upp í vinnunni gegn einelti og við þurfum sífellt að reyna að bæta verklag og huga að nýjum leiðum sem gætu þjónað forvarnahlutverki.“

Í bæklingi, sem Benedikt hefur samið og sent foreldrum í fyrsta bekk í skólunum sem hann starfar í, hvetur hann foreldra til að bregðast við félagslegum vanda barna á jákvæðan hátt. „Í bæklingnum er meðal annars fjallað um félagsfærni barna, hvað félagsfærni er og hvernig megi efla hana. Þá eru örfá orð um þunglyndi og kvíða,“ greinir hann frá.



**BENEDIKT BRAGI SIGURÐSSON**

Benedikt segir allan gang á því hvernig börnunum í skólunum sem hann starfar í líður. „Mín tilfinning er að næstu árum verði aukning á félagsvanda og félagsfælni. Þessi vandi, sem þegar er orðinn mikill, liggur meðal annars í því að börn verja of miklum tíma í sjónvarpsáhorf og tölvuleiki. Með aukinni tölvunotkun unglinga og barna er hætta á að þau einangri sig meira.“

Sálfræðingurinn tekur það fram að það að hittast í tölvuleik eða á Facebook sé ekki það sama og að hittast. „Það er líka mikilvægt að foreldrar verji tíma með börnunum og þá ekki bara með því að hafa þau í kringum sig.“

Samskiptavandi er algengur meðal barna á aldrinum 6 til 12 ára, að því er Benedikt greinir frá. „Á þessum aldri eru börn að læra samskipti og hvernig er að vera góður vinur, hvenær eigi að deila með sér eftir, hvernig eigi að fylgja reglum í hópastarfi svo eitthvað sé nefnt. Það er mikilvægt að foreldrar séu meðvitaðir um þetta nám barnanna svo að þeir geti hjálpað þeim sem best. Þessi lærdómur er ekki síður mikilvægur en hvað annað, svo sem íslenska og stærðfræði. Samt er eins og foreldrar leggi miklu minni áherslu á félagsfærni og samskipti heldur en margt annað.“



**FÉLAGSVANDI** Með aukinni tölvunotkun unglinga og barna er hætta á að þau einangri sig meira. NORDICPHOTOS/GETTY

Að sögn Benedikts hafa margir haft á orði við hann að þeim finnist kvíði vera vaxandi vandamál hjá börnum á Íslandi. „Það er mikilvægt að þekkja sem best einkenni og eðli kvíða og þunglyndis, sérstaklega fyrir þá sem starfa í grunnskólum. Þá eru þeir betur í stakk búnir til að hjálpa börnum og foreldrum þeirra og jafnvel til þess að fyrirbyggja vandann.“

ibs@frettabladid.is



# Hver er þín hugmynd?

## Við leitum að orkutengdum hugmyndum að nýjum vörum eða þjónustu sem hafa burði til að keppa á alþjóðamarkaði.

Sendu inn þína hugmynd á **www.startupenergyreykjavik.com.**
Einfalt og þægilegt umsóknarform. Umsóknarfrestur er til og með
**11. nóvember 2014.**

TENGIVIRKI
YLRÆKT
FISKELDI
BORHOLUTÆKNI
BETRI NÝTING
ORKU
RAFBÍLAVÆÐING
ELDSNEYTISVINNSLA
DREIFIKERFI
VIÐARÞURRKUN
HUGBÚNAÐUR
VARMADÆLUR
VÉLBÚNAÐUR
VIÐHALDSÞJÓNUSTA
TÚRBÍNUR
FERÐAÞJÓNUSTA

**Markmið**

Startup Energy Reykjavik er að skapa umgjörð þar sem aðstandendur nýrra viðskiptahugmynda í orkutengdum iðnaði og tengdum greinum njóta ráðgjafar og leiðsagnar í þeim tilgangi að ýta af stað nýjum viðskiptatækifærum.

**Startup Energy Reykjavik**

Viðskiptasmiðjan Startup Energy Reykjavik fjármagnar og styður við verkefni og fyrirtæki í orkutengdum iðnaði og þjónustu. Teymin fá 5 milljónir í hlutafé og á tíu vikum vinna þau að því að fullmóta viðskiptahugmyndir sínar með aðstoð yfir 60 sérfræðinga. Í lokin kynna teymin viðskiptatækifæri sín fyrir mögulegum fjárfestum.

Startup Energy Reykjavik

Landsvirkjun | Arion banki | Nýsköpunarmiðstöð Íslands | GEORG Geothermal Research Group | klak innovit | Iceland geothermal


Kringlan
MIÐNÆTUR
15-70% AFSLÁTTUR AÐEI
TOPSHOP
25% afsláttur af öllum vörum
evans
25% afsláttur af öllum vörum
KAREN MILLEN
25% afsláttur af öllum vörum
CINTAMANI
25% afsláttur af öllum vörum
augað
25% afsláttur af öllum vörum
byggtogbúið Kringlunni
20% afsláttur af flestum vörum
10-15% afsláttur af öðrum vörum
HYGEA
20% afsláttur af öllum vörum
Gleraugað
30% afsláttur af gleraugum, 20% af linsum
DOGMA
20% afsláttur af öllum vörum
TE & KAFFI
20% afsláttur af Chilli mokka og Karamellu Sviss mokka, Kahla espresso bollar á 990 kr.
PANDORA
20% afsláttur af öllum vörum
OUTFITTERS NATION
20% afsláttur af öllum vörum
name it
20% afsláttur af öllum vörum
next
20% afsláttur af öllum vörum
gs skór
20% afsláttur af öllum skóm
focus
20% afsláttur af öllum skóm
Eirberg LÍFSTÍLL
20-50% afsláttur af flestum vörum
THE BODY SHOP
20% afsláttur af öllum vörum
Lyf&heilsa
20% afsláttur af öllum vörum
15% afsláttur af lausasölulyfjum
cobra
20% afsláttur af öllum vörum
Jens
20% afsláttur af öllum skartgripum
Levi's
10-40% afsláttur af öllum vörum
UNITED COLORS OF BENETTON.
10-40% afsláttur af öllum vörum
INDISKA
20% afsláttur af öllum vörum
MOTOR & MIA
30-70% afsláttur af öllum vörum
ZO•ON ICELAND
20% afsláttur af öllum vörum
Kaupfélagið
20% afsláttur af öllum skóm
ecco
20% afsláttur af öllum skóm
STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN
20% afsláttur af öllum skóm
skór.is KRINGLAN • SMÁRALIND
20% afsláttur af öllum skóm
FJÖLBREYTT SKEMMTIDAGSKRÁ AUK GLÆSILEGRA
KRINGLAN.IS
Tilboð gilda aðeins í dag og á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um mynd- og prentvillur.


OPIÐ TIL 12
SPRENGJA
NS Í DAG!
FRÁBÆR TILBOÐ FRÁ YFIR 100
VERSLUNUM OG VEITINGASTÖÐUM
WAREHOUSE
25% afsláttur
af öllum vörum
herra GARÐURINN
-klæðir þig vel
20-50% afsláttur
af öllum vörum
BIANCO®
FOOTWEAR
20-30% afsláttur
af öllum vörum
prooptik gleraugu
25% afsláttur
af öllum vörum
BOSS
HUGO BOSS
20% afsláttur
af öllum vörum
Timberland
20% afsláttur
af öllum vörum
meba
20% afsláttur
af öllum vörum
KÚNGÚNÓ
20% afsláttur
af öllum vörum
LINDEX
20% afsláttur
af öllum
brjóstahöldurum
NEON
KRINGLUNNI
20% afsláttur
af öllum vörum
extra
20% afsláttur
af völdum vörum
ÚTILÍF
20% afsláttur
af öllum vörum
TUZZI
FASHION IS PERSONAL
20% afsláttur
af öllum vörum
Markaðstorgið
20% afsláttur
af öllum vörum
SHARE
womens wear
20% afsláttur
af öllum vörum
Casa
20% afsláttur
af völdum vörum
heilsuhúsið
20% afsláttur
af öllum vörum
JÚNÍK
20% afsláttur
af öllum vörum
FRIIS COMPANY
20% afsláttur
af öllum vörum
DÝRABÆR
20% afsláttur
af öllum vörum
Kaffi Klassík
20% afsláttur
af öllu crepes
Café Bleu
20% afsláttur
af öllum salötum
POLARN O. PYRET
20% afsláttur
af öllum vörum
Kaffitár
20% afsláttur
af hátíðardrykkjum
og Hario kaffivörum
Ígló & Indí
20% afsláttur
af öllum fatnaði
nema jóla- og
flísfatnaði
galleri sautján
20% afsláttur
af öllum vörum
Deres
20% afsláttur
af öllum vörum
Kultur menn
20% afsláttur
af öllum vörum
SMASH
20% afsláttur
af öllum vörum
URBAN
20% afsláttur
af öllum vörum
SONOR
TILBOÐA SEM GILDA Í ALLAN DAG TIL MIÐNÆTTIS
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS


Kringlan
15-70% AFSLÁTTUR AÐEI
Dúkkuhúsið
20% afsláttur af öllum vörum
rhodium
20% afsláttur af öllum vörum
S·K·Í·F·A·N
20% afsláttur af íslenskri tónlist
GAME STÖÐIN
20% afsláttur af öllum tölvuleikjum
66° NORÐUR
20% afsláttur af öllum 66°NORÐUR fylgihlutum
MÝRIN
20% afsláttur af öllum fatnaði, 10% af öðrum vörum
ENGLABÖRNIN
20% afsláttur af öllum vörum
MAC
TAX FREE af öllum vörum
DÚKA
20% afsláttur af öllum vörum
iStore
20-60% afsláttur af öllum hulstrum og aukahlutum, 5000 kr. af Apple tölvum
20% afsláttur af klippikortum
KISS
20% afsláttur af öllum vörum
I am
3 fyrir 2 af öllum vörum
SIX
3 fyrir 2 af öllum vörum
kello
20% afsláttur af öllum vörum
40% afsláttur af Hendriku Waage skarti og Plomo o Plata klútum
noland
15-20% afsláttur af öllum vörum
BRIM
20% afsláttur af öllum fatnaði
20% afsláttur af völdum vörum
Dressmann
20% afsláttur af öllum vörum
20% afsláttur af skóm, buxum, peysum og stuttermabolum
ZIKZAK
30-50% afsláttur af völdum vörum
LINDEX kids
50% afsláttur af völdum vörum
Galla Buxnabúðin
25% afsláttur af öllum vörum
Leonard
20% afsláttur af öllum vörum
Café roma
Cappuccino og ítalskt biscotti á 590 kr.
MARTA
5000 kr. afsláttur af öllum skóm
20% afsláttur af pizzum
Boux AVENUE
20% afsláttur af öllum vörum
Accessorize
20% afsláttur af öllum vörum
JOE BOXER
20% afsláttur af öllum vörum
INGLOT
20% afsláttur af öllum vörum
JÓN & ÓSKAR
20% afsláttur af öllum vörum
COMPANYS
15% afsláttur af öllum vörum
AVEDA
15% afsláttur af öllum vörum
KRINGLAN.IS
Tilboð gilda aðeins í dag og á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um mynd- og prentvillur.


OPIÐ TIL 12
NS Í DAG!
FRÁBÆR TILBOÐ FRÁ YFIR 100
VERSLUNUM OG VEITINGASTÖÐUM
JACK & JONES
15% afsláttur
af öllum vörum
VERO MODA
15% afsláttur
af öllum vörum
VILA CLOTHES
15% afsláttur
af öllum vörum
SELECTED
15% afsláttur
af öllum vörum
20% afsláttur
af öllu tei
Marc O'Polo
20% afsláttur
af öllum vörum
ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN
2 fyrir 1
af köldum á krana
HAGKAUP
Ein ferð betra verð
20% afsláttur af
L'Oréal og Gosh
förðunarvörum og
af öllum ilmvötnum
Kultur
15% afsláttur
af öllum vörum
MIÐNÆTURSPRENGJA!
Fjölbreytt skemmtidagskrá auk glæsilegra tilboða
sem gilda í allan dag til miðnættis
Kl. 17.00 – 19.00 Dagskrá fyrir börnin
Blöðrugerðarmenn og andlitsmálun
Kl. 18.00 – 20.00 Lifandi dinnertónlist
á Stjörnutorgi
Kl. 18:00 – 23:00 Förðunarráðgjöf frá Make Up
skóla RFA & Smashbox
Kl. 18:00 – 23:00 Módelleit Elite í samvinnu
við Reykjavík Fashion Festival
Kl. 19:30 Lifandi djass á Blómatorgi
Kl. 20:30 Salsa Iceland danssýning
á Blómatorgi
Kl. 22:10 Kenneth Máni með uppistand
á Blómatorgi
Kl. 22:30 Regína Ósk og Eyþór Ingi
syngja klassíska glamúr
rokksmelli á Blómatorgi
Kl. 22:20 Miðnæturbíó – 2 fyrir 1
í Sambíó Kringlunni
The Judge og The Rewrite
Trúbadorar og fyndnar fígúrur á ferðinni um húsið.
Léttar veitingar í boði í göngugötu auk fjölbreyttra kynninga.
Barnagæsla í Ævintýralandi opin lengur eða til kl. 21!
SONOR
FACEBOOK.COM/KRINGLAN.IS

# Hagnaður álveranna þriggja dróst saman um 90 prósent

Afkoma Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði var jákvæð um 1,3 milljarða króna á síðasta ári miðað við 4,1 milljarðs hagnað árið 2012. Samanlagður hagnaður íslensku álveranna þriggja á árinu 2013 nam 798 milljónum króna.

**IÐNAÐUR** Íslensku álverin högnuðust um samtals 6,48 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði 798 milljóna króna, á síðasta ári. Samanlagður hagnaður fyrirtækjanna dróst þá saman um 90 prósent frá árinu 2012 þegar afkoman var jákvæð um 64,5 milljónir dala.

Hagnaður Alcoa Fjarðaáls í fyrra nam 10,7 milljónum dala, samkvæmt ársreikningi sem fyrirtækið skilaði til ársreikningaskrár ríkisskattstjóra í síðustu viku. Rekstur álversins, sem er í eigu bandaríska álrisans Alcoa, skilaði hins vegar 33,3 milljóna dala hagnaði árið 2012. Sölutekjur fyrirtækisins minnkuðu um 8,6 milljónir dala árið 2013 miðað við árið á undan. Rekstrarkostnaður jókst að auki um rúmar þrjár milljónir dala.

Magnús Þór Ásmundsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls, segir afkomu fyrirtækisins háða markaðsverði á áli og bendir á þá staðreynd að álverð lækkaði talsvert á árunum 2012 og 2013.

„Álverð hefur nú hækkað og það hefur áhrif á tekjur félagsins. Vonir okkar standa til þess að þessi hækkun á markaðsverði á áli sé komin til að vera og það eru aðrar markaðsforsendur eins og lækkun á álbirgðum í heiminum sem styðja við þetta,“ segir Magnús. Hann vill ekki svara því hvort fyrirtækið geri ráð fyrir að afkoman batni á þessu ári og segir fyrirtækið almennt ekki tjá sig um niðurstöður ársreikninga.

Rekstur Norðuráls á Grundartanga skilaði 27,6 milljóna dala hagnaði árið 2013, jafnvirði 3,4 milljarða króna, eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu. Árið 2012 var álverið rekið með jákvæðri afkomu upp á 46,6 milljónir dala og dróst hagnaðurinn því saman um 41 prósent milli ára.

Einnig hefur komið fram að álver Rio Tinto Alcan í Straumsvík var rekið með 31,8 milljóna dala, um 3,9 milljarða króna, tapi á síðasta ári. Tap félagsins fyrir skatta nam 41,3 milljónum dala.

Pétur Blöndal, framkvæmdastjóri Samtaka álframleiðenda (Samáls), segir jákvæðar horfur í áliðnaði en tekur fram að hann geti ekki spáð um afkomu einstakra fyrirtækja.

„Það blasir við að afkoman í heild ræðst af álverði og það sveiflast og ef við lítum til ársins 2012 var meðalálverð hjá LME (London Metal Exchange) 2.018 dollarar á tonn og það fór síðan niður í 1.845 dollara árið 2013 og það hefur auðvitað áhrif,“ segir Pétur.

„Ef við horfum á meðalverð þessa árs þá er það 1.847 dollarar. Það ræðst af því að verðið sveiflaðist niður í upphafi ársins en það hefur styrkst mjög á seinni hluta ársins og er núna í 2.050 dollurum. Maður leyfir sér því að vona að það sé bjart fram undan í þeim efnum enda skín það í gegn í fréttum viðskiptablaða og greiningardeilda að það er mikil umframeftirspurn í Evrópu og Bandaríkjunum og það dregur úr birgðum.“

haraldur@frettabladid.is

## AFKOMA ÁLFYRIRTÆKJANNA ÁRIN 2012-2013




*Heimild: ársreikningar fyrirtækjanna*



> Vonir okkar standa til þess að þessi hækkun á markaðsverði á áli sé komin til að vera og það eru aðrar markaðsforsendur eins og lækkun á álbirgðum í heiminum sem styðja við þetta.
>
> *Magnús Þór Ásmundsson, forstjóri Alcoa Fjarðaáls*



**SEÐLABANKASTJÓRI** Már Guðmundsson segir miklar launahækkanir í komandi kjarasamningum geta valdið því að hækka þurfi vexti á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stýrivextir lækka um 0,25%:

## Bankinn spáir 2,9% hagvexti

Seðlabankinn spáir því að hagvöxtur verði 2,9 prósent á árinu, en ekki 3,4 prósent eins og bankinn gerði ráð fyrir í ágúst, og líkur eru á að verðbólga hjaðni frekar á næstu mánuðum.

Þetta var á meðal þess sem kom fram á fundi Seðlabankans í gær þar sem Már Guðmundsson seðlabankastjóri og Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur bankans, kynntu efni Peningamála.

Már útskýrði þar einnig ákvörðun peningastefnunefndar Seðlabankans í gær um að lækka vexti bankans um 0,25 prósentustig. Seðlabankastjóri bentu á að nafnvextir bankans hefðu verið óbreyttir í tvö ár en að forsendur hefðu skapast til að draga úr hækkun raunvaxta.

- hg






**FYRIRTÆKIÐ** Í tilkynningu Fjarskipta segir að góð niðurstaða skýrist helst af markvissum kostnaðaraðgerðum og tekjustýringu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Besta ársfjórðungsniðurstaða félagsins frá upphafi:

## Hagnaður Vodafone eykst um 15 prósent

Rekstur Fjarskipta hf. (Vodafone) skilaði 476 milljóna króna hagnaði á þriðja ársfjórðungi samanborið við 415 milljóna hagnað á sama tíma 2013.

Samkvæmt uppgjörstilkynningu fjarskiptafyrirtækisins hefur afkoma fyrirtækisins aldrei verið betri á einum fjórðungi. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði, EBITDA, nam 1.023 milljónum króna og jókst um fjögur prósent. EBITDA-hagnaður Fjarskipta hefur aldrei áður farið yfir milljarð króna á einum fjórðungi.

Stefán Sigurðsson, forstjóri Fjarskipta, segir niðurstöðuna ánægjulega og að hún skýrist af markvissum kostnaðaraðgerðum og tekjustýringu.



**STEFÁN SIGURÐSSON**

„Tekjur voru stöðugar en á sama tíma tókst með markvissum aðgerðum að lækka kostnaðarverð sem bætir framlegð umtalsvert,“ segir Stefán.

Eiginfjárhlutfall fyrirtækisins er nú 53 prósent.

„Á ársfjórðungnum var jafnframt lögð lokahönd á nýja stefnu fyrir félagið auk þess sem áfram var unnið að styrkingu innviða og öryggismála. Allt framangreint eru mikilvæg verkefni sem styrkja félagið til framtíðar.“

- hg






**COLUMBIA** ALPINE ESCAPE
Stærðir M–XXL KK
**55.992 KR.**
FULLT VERÐ 69.990 KR.



**COLUMBIA** CARSON PASS
Stærðir S–XL KVK
**35.992 KR.**
FULLT VERÐ 44.990 KR.



**DIDRIKDSONS** MELKER
Stærðir S–3XL KK
**23.992 KR.**
FULLT VERÐ 29.990 KR.



**DIDRIKSONS** MARTHA DUFFE
Stærðir 34–48
**27.992 KR.**
FULLT VERÐ 34.990 KR.



**COLUMBIA** MAGUIRE
Stærðir M–XL
**23.992 KR.**
FULLT VERÐ 29.990 KR.



**COLUMBIA** GO TO
Stærðir M–XXL KK
**19.992 KR.**
FULLT VERÐ 24.990 KR.



**DIDRIKSONS** WILSON PUFF JAKKI
Stærðir 130–170
**9.592 KR.**
FULLT VERÐ 11.990 KR.



**COLUMBIA** GO TO
Stærðir S–XL KVK
**19.992 KR.**
FULLT VERÐ 24.990 KR.



**COLUMBIA** TWIST TIP
Stærðir 104–164
**14.392 KR.**
FULLT VERÐ 17.990 KR.



**COLUMBIA** ALPINE FREE
Stærðir 104–164
**12.792 KR.**
FULLT VERÐ 15.990 KR.



**COLUMBIA** EVO FLY
Stærðir 104–164
**15.992 KR.**
FULLT VERÐ 19.990 KR.



**DIDRIKSONS** HAMRES ÚLPA
Stærðir 80–140
**9.592 KR.**
FULLT VERÐ 11.990 KR.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 143555

Óljós svör á fundi eftirlitsnefndar Alþingis:

# Lögreglustjórinn er með fyrirvara

Lögreglustjórinn í Reykjavík mætti fyrir þingnefnd til að svara til um njósnir og gagnasafn lögreglunnar um lýðfrjálsa samborgara sína. Eins og kunnugt er safnaði lögreglan býsnum af upplýsingum um almenning og færði í skýrslur. Áherslan virðist hafa verið lögð á að færa til bókar stjórnmálaskoðanir þeirra sem lögreglunni þótti ástæða til að afla upplýsinga um. Starf lögreglunnar var nokkuð umfangsmikið. Flugumenn lögreglunnar fóru víða við upplýsingaöflun sína.

Hvað um aðrar njósnir? „Eftir því sem ég best veit þá er þetta einstakt dæmi. Ég veit ekki til þess að það séu til fleiri svona skýrslur. Ég hef a.m.k. ekki séð fleiri svona skýrslur,“ sagði Sigríður Björk Guðjónsdóttir við þingnefndina í gær. Lögreglustjórinn gætir þess að fullyrða ekkert um önnur tilfelli. Segi hún satt má ráða að hún hafi kosið að spyrja einskis, vita ekkert um önnur njósnamál lögreglunnar, séu þau til staðar, og kýs að hafa allan fyrirvara á svari sínu. Hún veit ekki, hefur ekki séð önnur mál. Hún hikar í svarinu.



**Sigurjón Magnús Egilsson**

sme@frettabladid.is

Á sama tíma segir lögreglustjórinn lögregluna safna upplýsingum um þá sem standi fyrir mótmælum á hverjum tíma og hvernig þau fara fram. En er lögreglan þá með einhverjum hætti í dag að safna upplýsingum um stjórnmálalegar skoðanir einstaklinga í þjóðfélaginu? „Nei, ég get fullyrt að svo er ekki. Við höldum ekki gagnagrunna um skoðanir fólks, pólitískar skoðanir eða neitt slíkt,“ sagði Sigríður Björk. Vandséð er hvernig þetta fer saman, að safna upplýsingum um fólk og segja nánast í sama svari að ekki séu haldnir gagnagrunnar um skoðanir fólks, meðal annars pólitískar skoðanir „… eða neitt slíkt.“ Þetta svar verður seint kokgleypt.

Því kom lögreglustjórinn ekki betur undirbúinn til fundar við þingnefndina? Hvers vegna var ekki hægt að svara fyrirvaralaust hvort til væru aðrar skýrslur um samborgana eða ekki? Lögreglustjórinn er í kjöraðstöðu til að kynna sér málið. Af hverju veit lögreglustjórinn ekki fyrir víst hvort fóðrið í Stasiskýrslu Geirs Jóns Þórissonar sé einstakt eða ekki? Er það svar lögreglustjórans tekið gilt, að hún hafi ekki séð aðrar skýrslur? Nei.

Lét þingnefndin þessi svör duga, hálfkveðnar vísur og loðin svör? Já, svo virðist vera. Lögreglan hafði fyrir því að færa ýmislegt til bókar um framgöngu Birgittu Jónsdóttur, nú alþingismanns. Birgitta var á fundinum með lögreglustjóranum:

„Ég verð að segja það fyrir mína parta, eftir að hafa lesið þessa skýrslu, að ég er mjög óörugg gagnvart ykkur. Mér finnst það mjög óþægilegt þegar ég les um það hvernig lögreglan túlkar hvernig starfsmenn þingsins hugsa um ákveðna þingmenn. Mér finnst þetta mjög alvarlegt mál,“ sagði Birgitta við fulltrúa lögreglunnar á nefndarfundinum.

Birgittu finnst þetta alvarlegt mál. Það á við um fleiri og svo eru greinilega fleiri sjónarmið uppi um það. Geir Jón segir sjálfur að skýrslan hafi ekki verið ætluð til húslestrar, en samt í áttina að því, ekki rétt? Innihaldið var allavega eins fundar virði, í musterinu að Háaleitisbraut 1 í Reykjavík.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fulltrúi útgerðarinnar var kjörinn

Alþingi hefur kosið þingmenn til starfa í samráðsnefnd um veiðigjöld. Einn þingmaður kemur úr hverjum þingflokkanna sex, sem eiga sæti á Alþingi. Trúlegast er að skiptar skoðanir verði meðal sumra þeirra þingmanna sem voru kjörnir í nefndina. Meðal nefndarmanna er Lilja Rafney Magnúsdóttur, Vinstri grænum, sem hefur bjargfasta trú á að útgerðin borgi ekki nóg og svo á sæti í nefndinni þingmaðurinn, sem lýsti því yfir í ræðustól Alþingis, að hann sæti á þingi sem fulltrúi útgerðarinnar, það er Páll Jóhann Pálsson, þingmaður Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi og Grindvíkingur. Trúlegast er hann annarrar skoðunar en Lilja Rafney.

### Bjarni seinn til svara

Athygli vakti þegar Oddný G. Harðardóttir sagði á Alþingi að hún hefði 18. september spurt Bjarna Benediktsson um þann virðisaukaskatt sem einstaklingar greiða. Hún sagði 47 daga og þar af 33 virka frá fyrirspurninni og minnti á að ráðherra hefur fimmtán virka daga til að skila inn skriflegu svari. „Þarna er um að ræða upplýsingar sem fleiri en ég eru að bíða eftir og skiptir miklu máli vegna afgreiðslu á stóru stefnumáli ríkisstjórnarinnar,“ sagði Oddný. Einar K. Guðfinnsson, forseti þingsins, sagði þetta bagalegt, en benti á að nú væru fyrirspurnir fleiri en áður og því gætu svör dregist.



### Þingkona Framsóknar vildi meira

Elsa Lára Arnardóttir, þingkona Framsóknarflokksins á Akranesi, segist aldrei hafa farið í felur með að hún vildi meiri skuldaleiðréttingar en nú verða gerðar. „… en ég er samt ánægð með að um sé að ræða almenna aðgerð sem mun ná til um 70 þúsund heimila. Framsókn hefur barist fyrir þessum málum og það má alveg koma fram að ef Framsóknarflokkurinn væri ekki í ríkisstjórn, þá hefði ekki komið til þessarar beinu niðurfærslu. Svo einfalt er það nú,“ skrifar þingkonan Elsa Lára á Facebook-síðu sína. Ljóst er að spennan magnast, það styttist í opinberun leiðréttingar ríkisstjórnarinnar.



sme@frettabladid.is

## HALLDÓR




FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




# Framhaldsskóli fyrir alla

MENNTUN



**Árni Páll Árnason**
formaður Samfylkingarinnar

Tillagan um að loka framhaldsskólum fyrir bóknámsnemendum yfir 25 ára aldri hefur eðlilega vakið hörð viðbrögð. Þeim er sagt að leita annað. En skólagjöld eru 225.000 kr. á önn í námi á háskólabrú í einkaskóla, en 13.000 í almennum framhaldsskólum. Hvers vegna þarf að loka ódýrum valkosti og búa til nýjan dýran? Maður um þrítugt hafði samband við mig vegna þessa. Hann er í öldungadeild að ljúka stúdentsprófi, til að geta fengið inngöngu í Lögregluskólann. Hann hefur verið á vinnumarkaði í láglaunastörfum um árabil. Af hverju á það að kosta hann 450.000 krónur á ári að ljúka framhaldsskólanámi, þegar 19 ára einstaklingur fær sama nám á 26.000 krónur? Af hverju á hann að borga refsigjald? Er hann lakari borgari? Er reynsla hans af vinnumarkaði til tjóns fyrir samfélagið?

Hin íslenska leið hefur verið sú að fólk fari á vinnumarkað, afli sér þar reynslu og komi svo aftur í skóla og ljúki námi. Er það verri leið en aðrar? Er vont að fá fólk með reynslu af vinnumarkaði í framhaldsskóla? Menntamálaráðherra segist vilja að framhaldsskólarnir séu „ungmennaskólar“. En af hverju eiga þá

**➜ Hin íslenska leið hefur verið sú að fólk fari á vinnumarkað, afli sér þar reynslu og komi svo aftur í skóla og ljúki námi. Er það verri leið en aðrar? Er vont að fá fólk með reynslu af vinnumarkaði í framhaldsskóla?**

skólar fyrir fullorðna að vera færri, dýrari og torsóttari?

Hin beina og breiða braut hefur alltaf verið fær fyrir þá sem vel standa og eru svo heppnir að verða ekki fyrir áföllum. Það þarf að huga að hinum, þeim sem hafa minna á milli handanna, þeim sem hafa ekki haft aðstæður til að sinna námi, þeim sem eignast börn snemma. Það felst engin nýsköpun í að breyta framhaldsskólanum í einsleitan ungmennaskóla fólks með einsleitan bakgrunn. Það er þvert á móti afturhvarf til þess sem tíðkaðist hér á landi fyrir meira en 100 árum síðan. Jafnaðarmenn hafa engan áhuga á að endurvekja það menntakerfi og um það verður engin sátt.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Setti ríkið tóninn fyrir launaleiðréttingu lækna?

KJARAMÁL



**Reynir Arngrímsson**
varaformaður Læknafélags Reykjavíkur

Í upphafi árs 2014 um það leyti sem kjarasamningur Læknafélags Íslands rann sitt skeið birti fjármálaráðuneytið/RSK auglýsingu um viðmiðunarupphæðir reiknaðs endurgjalds vegna sjálfstætt starfandi lækna. Voru læknar þá fluttir upp um flokk og færðir úr flokki annarra háskólamenntaðra sérfræðinga og viðmiðunarupphæðir hækkaðar. Þar er gert er ráð fyrir að lágmarkslaun lækna séu 850.000 kr. á mánuði. Áður hafði verið samsvörun milli launaliðar kjarasamnings LÍ og hins reiknaða endurgjalds sjálfstætt starfandi lækna. Miðað við núverandi launaliði í kjarasamningi LÍ og ráðuneytisins þurfa grunnlaun lækna að hækka umtalsvert svo þessari viðmiðun sé náð. Halda ber til haga að læknar á kjarasamningi LÍ greiða ekki í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins og njóta því lakari lífeyristrygginga en aðrir opinberir starfsmenn.

### Óviðunandi staða

Það þarf ekki lengi að skoða launaþróun og kjör hinna ýmsu starfsstétta, þó ekki skuli gert lítið úr mikilvægi þeirra eða ábyrgð, til að sjá óviðunandi stöðu sem læknum er búin og geta ekki lengur setið undir. Grunnlaun nýútskrifaðs læknis eru um 340.000 kr. og læknis með lækningaleyfi 370.000 kr. Byrjunargrunnlaun sérfræðilæknis er 530.000 kr. og fara hæst í 595.000 kr. eftir 14 ára starf. Þetta eru þau launakjör sem í boði eru á heilbrigðisstofnunum ríkisins á Íslandi. Heildartekjur einstaklinga geta verið breytilegar og hærri en þar ræður mestu um fjöldi sólarhringsvakta sem viðkomandi tekur í hverjum mánuði. Vaktafyrirkomulag byggist í flestum tilfellum á gæsluvöktum og vinnulotum samfellt í 24 klst. eða jafnvel lengri. Vinnudagar lækna eru oft langir og viðfangsefnin flókin og ekki í alla staði auðveld. Kröfur um þekkingu, reynslu og nákvæmni í vinnubrögðum eru gífurleg og mistök dýrkeypt og ekki liðin.

### Stjórnvöld daufheyrast

Til samanburðar má skoða þróun meðallauna ýmissa starfstétta hjá VR í launakönnun þess 2014 sem aðgengileg eru á heimasíðu félagsins. Þar má sjá að meðaltalsgrunnlaun bílstjóra eru nú 304.000 kr., móttökuritara við símavörslu 335.000 kr., gjaldkera við innheimtustörf 411.000 kr. Bókarar hafa 465.000 kr., sérhæfðir tryggingastarfsmenn 500.000 kr., fjármálastjórar 682.000 kr. og hag- og viðskiptafræðingar 620.000 kr. Himinn og haf er milli menntunarkostnaðar og tímalengdar náms lækna og þessara ágætu starfsstétta sem einnig þjóna mikilvægu hlutverki í klukkuverki samfélagsins. Starfsævi lækna er stutt í samanburði við allar aðrar stéttir.

**➜ Miðað við núverandi launaliði í kjarasamningi LÍ og ráðuneytisins þurfa grunnlaun lækna að hækka umtalsvert svo þessari viðmiðun náð sé.**

Algengt er að sérfræðingar snúi heim til starfa á fertugsaldri eftir að hafa verið í framhaldsnámi erlendis. Læknir lýkur námi 26-27 ára, fær lækningaleyfi 28-30 ára og sérfræðiviðurkenningu fjórum til sex árum síðar.

Læknar hafa nú í fyrsta sinn nýtt sér verkfallsrétt. Aðgerðir eru boðaðar fram í desember hafi samningar ekki náðst. Það þykir læknum miður og þeir sinna öllum bráða- og neyðartilfelli. Ástæða aðgerðanna er að núverandi launakjör eru ekki það dráttarafl sem dugar til að standa að endurnýjun í röðum sérmenntaðra lækna. Undanfarin misseri heyrir til undantekninga ef sérfræðilæknir flyst heim. Straumurinn er út. Mönnunarvandinn er raunverulegur. Með óviðunandi vinnuálagi og skertu aðgengi þurfandi sjúklinga. Þessu þarf að snúa við. Samtök lækna geta ekki horft aðgerðarlaus á þessa þróun. Stjórnvöld daufheyrast og sinna í engu aðvörunarorðum. Læknar eru orðvör stétt en enginn skyldi ætla að þeim sé ekki fullkomin alvara í aðgerðum sínum. Læknar vænta leiðréttinga á grunnlaunum í núverandi kjaradeilu.

# Hefur ríkið efni á því að semja ekki við lækna?

KJARAMÁL



**Eyjólfur Þorkelsson**
verðandi heimilislæknir

Allar stéttir samfélagsins eru mikilvægar og það er mjög erfitt, ef ekki ómögulegt að fullyrða hver sé mikilvægari en önnur. Ég tel hins vegar að færa megi rök fyrir því að læknar séu ein dýrmætasta stétt hvers samfélags. Fyrir því liggja einkum tvær ástæður. Sú fyrri er að læknar eru almennt fáir, t.d. eru læknar á Íslandi um helmingi færri en íbúar Húsavíkur. Hin ástæðan er að það tekur a.m.k. 16 ár að búa til einn sérfræðilækni sem er umtalsvert lengra en flestar aðrar stéttir. Þannig að það bæði munar virkilega um hvern einasta lækni og tekur mörg ár að bæta fyrir hvern sem hverfur.

Þó skynjar maður það ekki að fjármálaráðherra telji lækna yfir höfuð nokkuð sem vert er að halda í eða laða heim. Ég vil ekki trúa því að hans mat sé „Þeir geta þá bara farið" en þögn hans er ærandi nú þegar læknar sjá þann kost einan að fara í verkfall. Baráttan snýst þó ekki um það hvort læknar fari. Baráttan snýst eiginlega ekki heldur um hvort útborguð laun nýútskrifaðs læknis verði áfram 260.000 eða hækki eitthvað. Baráttan snýst um að íslenska heilbrigðiskerfið er undirmannað af læknum. Baráttan snýst um að

**➜ Þó skynjar maður það ekki að fjármálaráðherra telji lækna yfir höfuð nokkuð sem vert er að halda í eða laða heim.**

verja þá lækna sem eftir eru fyrir ómanneskjulegu álagi á allt of þungum eða allt of löngum vinnulotum. Baráttan snýst um að til auðnar horfir í heilu sérgreinunum; krabbameinslækningum, brjóstaskurðlækningum og sjálfri undirstöðunni, heimilislækningum. Heilbrigðiskerfið er komið að hættumörkum og fer yfir þau í náinni framtíð – ef ekki nú þegar. Þetta er því annað og meira en hefðbundin kjarabarátta. Þetta er nauðvörn fyrir framtíð heilbrigðiskerfisins og læknisfræði á Íslandi.

### Yfir til þín, Bjarni!

Nú hefur alþjóð fengið að vita að fjármálaráðherra sé hraustur maður. Eins gott, því nú þarf að taka hraustlega á því. Ég vil því senda honum brýningu í bundnu máli:

*„Þið kerfinu teflduð á tæpasta vað
svo tvísýnt er hvort það við hjarni.
Viljirðu bjarga því verðurðu að
við okkur semja, Bjarni"*




**Subaru XV 2.0i, sjálfskiptur**
Verð: 5.290.000 kr.

Ný LINEARTRONIC stiglaus sjálfskipting með þrepastillingum í stýri.

**6,6 l/100 km**
í blönduðum akstri



**10%** NÝR LÁNAMÖGULEIKI
**ÚTBORGUN** / 529.000 KR.

**SUBARU ER EINN ÖRUGGASTI BÍLL SEM ÞÚ GETUR KEYPT**

**Rekstraröryggi** og gott endursöluverð er það sem allir þekkja og kemur fyrst upp í hugann. Lágur þyngdarpunktur, þverliggjandi BOXER vél og sítengt fjórhjóladrif með tölvustýrðri stöðugleikastýringu er lykillinn að akstursöryggi. Allir Subaru eru með 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNCAP.

GERÐU ÖRUGG BÍLAKAUP – KAUPTU SUBARU!

B|L

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

VANNST ÞÚ Í GÆR?

SÍBS HAPPDRÆTTI

## VINNINGASKRÁ SÍBS

11. FLOKKUR 2014
ÚTDRÁTTUR 5. NÓVEMBER 2014

**Nissan Leaf rafbíll kr. 5.000.000**

33166

**Aukavinningar kr. 100.000**

33165 33167

**Kr. 500.000**

1125 2076 33511 36696 38450 43911 44706 52836 55743 62424

**Kr. 50.000**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 759 | 5712 | 9595 | 14918 | 18351 | 22276 | 26242 | 31546 | 35667 | 39623 | 44575 | 48042 | 52106 | 55434 | 59720 | 63867 | 70036 | 75958 |
| 785 | 5907 | 9701 | 15177 | 18435 | 22330 | 26547 | 31628 | 36224 | 39625 | 44728 | 48257 | 52283 | 55492 | 59938 | 64164 | 70185 | 76264 |
| 806 | 6465 | 10957 | 15260 | 18449 | 22855 | 27052 | 31788 | 36623 | 39735 | 44841 | 48349 | 52381 | 55561 | 59990 | 64864 | 70869 | 76628 |
| 1549 | 6925 | 11173 | 15582 | 18695 | 22980 | 27283 | 31919 | 36738 | 39801 | 45819 | 48612 | 52386 | 55724 | 60577 | 65479 | 70970 | 77075 |
| 2122 | 7137 | 11376 | 15798 | 19358 | 23645 | 27636 | 32533 | 36839 | 40148 | 45847 | 48735 | 53022 | 55942 | 61502 | 65898 | 71193 | 77876 |
| 2878 | 7527 | 11406 | 16600 | 19413 | 24145 | 28040 | 32836 | 36886 | 40535 | 45852 | 48785 | 53214 | 56692 | 61527 | 66114 | 71304 | 77943 |
| 3217 | 7775 | 12275 | 16645 | 19923 | 25109 | 28414 | 33064 | 37116 | 41073 | 45978 | 48870 | 53218 | 56715 | 61574 | 66651 | 71603 | 78288 |
| 3953 | 8243 | 12815 | 16793 | 19963 | 25262 | 28481 | 33077 | 37665 | 41345 | 46150 | 48880 | 53288 | 57121 | 61843 | 66657 | 71765 | 78516 |
| 4099 | 8315 | 13033 | 16917 | 20110 | 25308 | 28923 | 33157 | 38184 | 42803 | 46601 | 49928 | 53368 | 57189 | 62404 | 67453 | 71844 | 79176 |
| 4243 | 8457 | 13905 | 17301 | 20599 | 25353 | 29603 | 34189 | 38243 | 43477 | 46850 | 50202 | 54285 | 57297 | 62554 | 67840 | 72628 | 79454 |
| 4252 | 8535 | 14131 | 17311 | 20603 | 25515 | 29737 | 34200 | 38734 | 43495 | 47126 | 50393 | 54446 | 57617 | 62736 | 67917 | 72757 | 79510 |
| 4614 | 9099 | 14354 | 17518 | 21215 | 25575 | 30323 | 34367 | 39076 | 43674 | 47127 | 51330 | 55011 | 58124 | 63218 | 68909 | 73609 | 79987 |
| 4698 | 9195 | 14833 | 17580 | 21661 | 25704 | 30375 | 35362 | 39135 | 43807 | 47279 | 51402 | 55086 | 58958 | 63641 | 69301 | 73978 | |
| 5183 | 9434 | 14874 | 18299 | 22095 | 26073 | 31015 | 35451 | 39572 | 44044 | 47700 | 51596 | 55196 | 59693 | 63780 | 69387 | 75232 | |

**Vöruúttekt hjá N1 kr. 25.000**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 86 | 2887 | 6724 | 10233 | 15025 | 18942 | 23255 | 27403 | 32307 | 36152 | 41892 | 47687 | 51948 | 55699 | 60053 | 63724 | 67553 | 73811 |
| 119 | 2930 | 6751 | 10242 | 15127 | 18956 | 23367 | 27710 | 32352 | 36285 | 42259 | 47902 | 51960 | 55711 | 60076 | 64051 | 67632 | 73881 |
| 150 | 3113 | 6853 | 10407 | 15172 | 19007 | 23470 | 27794 | 32545 | 36480 | 42265 | 47913 | 51984 | 55906 | 60305 | 64058 | 67719 | 74418 |
| 386 | 3261 | 7142 | 10409 | 15286 | 19068 | 23491 | 28330 | 32554 | 36726 | 42453 | 48076 | 52022 | 55997 | 60444 | 64266 | 67797 | 74436 |
| 397 | 3398 | 7164 | 10414 | 15304 | 19262 | 23515 | 28501 | 32651 | 37022 | 42621 | 48194 | 52177 | 56022 | 60466 | 64270 | 68458 | 74888 |
| 526 | 3567 | 7178 | 10808 | 15372 | 19502 | 23695 | 28588 | 32766 | 37057 | 43092 | 48362 | 52186 | 56108 | 60470 | 64280 | 68526 | 75064 |
| 624 | 3594 | 7225 | 11069 | 15561 | 19589 | 23988 | 28772 | 32784 | 37335 | 43111 | 48465 | 52342 | 56618 | 60647 | 64356 | 68780 | 75206 |
| 676 | 3668 | 7351 | 11268 | 15625 | 19870 | 24093 | 28817 | 32908 | 37358 | 43234 | 48824 | 52387 | 56666 | 60735 | 64556 | 68852 | 75241 |
| 696 | 3688 | 7374 | 11491 | 15701 | 19892 | 24361 | 28852 | 32956 | 37480 | 43347 | 48956 | 52664 | 56731 | 60759 | 64562 | 69251 | 75351 |
| 761 | 3795 | 7400 | 11572 | 15868 | 19972 | 24390 | 29051 | 33133 | 38013 | 43425 | 48990 | 52716 | 56864 | 60892 | 64579 | 69564 | 75466 |
| 866 | 3880 | 7669 | 11662 | 16021 | 20048 | 24429 | 29293 | 33265 | 38120 | 43957 | 49234 | 52961 | 56950 | 60946 | 64628 | 70229 | 75478 |
| 888 | 4014 | 7671 | 11941 | 16104 | 20298 | 24544 | 29317 | 33725 | 38146 | 44051 | 49262 | 53100 | 57064 | 61081 | 64853 | 70275 | 76025 |
| 986 | 4020 | 7744 | 12017 | 16147 | 20374 | 24600 | 29322 | 33836 | 38303 | 44153 | 49515 | 53129 | 57127 | 61185 | 64907 | 70544 | 76061 |
| 1050 | 4182 | 7752 | 12159 | 16170 | 20417 | 24739 | 29335 | 33866 | 38470 | 44256 | 49570 | 53591 | 57174 | 61272 | 65055 | 70590 | 76287 |
| 1300 | 4323 | 8004 | 12178 | 16639 | 20502 | 25013 | 29804 | 33881 | 38803 | 44376 | 49671 | 53645 | 57242 | 61470 | 65203 | 70640 | 76956 |
| 1334 | 4354 | 8097 | 12235 | 16664 | 20587 | 25021 | 29936 | 33938 | 38941 | 44468 | 49817 | 53652 | 57302 | 61488 | 65332 | 70785 | 77089 |
| 1338 | 4364 | 8512 | 12368 | 16706 | 20744 | 25799 | 30052 | 33989 | 39033 | 44622 | 49849 | 53661 | 57396 | 61625 | 65395 | 71079 | 77215 |
| 1392 | 4390 | 8553 | 12377 | 17157 | 20748 | 25956 | 30255 | 34101 | 39070 | 45336 | 50003 | 53708 | 57407 | 61782 | 65418 | 71097 | 77388 |
| 1513 | 4403 | 8555 | 12591 | 17272 | 20847 | 26049 | 30354 | 34269 | 39088 | 45711 | 50236 | 53745 | 57461 | 62010 | 65555 | 71154 | 77396 |
| 1555 | 4594 | 8633 | 12974 | 17330 | 21242 | 26066 | 30955 | 34476 | 39130 | 45887 | 50441 | 53829 | 57725 | 62034 | 65749 | 71276 | 77593 |
| 1740 | 4730 | 8685 | 13107 | 17458 | 21403 | 26278 | 30971 | 34647 | 39651 | 45900 | 50846 | 53860 | 57791 | 62091 | 65755 | 71587 | 77631 |
| 1859 | 4738 | 8739 | 13118 | 17649 | 21510 | 26280 | 31054 | 34683 | 39942 | 46098 | 50871 | 53992 | 58011 | 62119 | 65838 | 71923 | 77728 |
| 1884 | 4802 | 9173 | 13128 | 17702 | 21606 | 26359 | 31167 | 34815 | 40155 | 46242 | 50955 | 54033 | 58085 | 62409 | 65875 | 72413 | 78252 |
| 2036 | 4856 | 9235 | 13298 | 17822 | 21646 | 26440 | 31182 | 34884 | 40487 | 46361 | 50966 | 54480 | 58109 | 62449 | 66174 | 72468 | 78456 |
| 2041 | 4864 | 9317 | 13351 | 17834 | 21672 | 26578 | 31390 | 34976 | 40550 | 46483 | 50974 | 54545 | 58192 | 62868 | 66190 | 72471 | 78677 |
| 2050 | 4882 | 9340 | 13436 | 18001 | 21706 | 26759 | 31404 | 35023 | 40753 | 46805 | 51208 | 54677 | 58265 | 62920 | 66410 | 72760 | 78691 |
| 2157 | 5047 | 9341 | 13691 | 18086 | 21909 | 26800 | 31426 | 35170 | 40817 | 46846 | 51258 | 54708 | 58510 | 63047 | 66701 | 72807 | 79337 |
| 2273 | 5270 | 9445 | 13840 | 18270 | 22418 | 27105 | 31716 | 35250 | 40989 | 46969 | 51305 | 54750 | 58604 | 63161 | 66839 | 72978 | 79574 |
| 2333 | 5452 | 9791 | 13844 | 18433 | 22508 | 27134 | 31787 | 35559 | 41077 | 47143 | 51334 | 54973 | 58744 | 63221 | 66952 | 73027 | 79866 |
| 2465 | 5501 | 10127 | 14599 | 18470 | 22788 | 27200 | 31929 | 35561 | 41120 | 47187 | 51499 | 55123 | 59509 | 63392 | 67108 | 73116 | |
| 2536 | 5616 | 10181 | 14672 | 18786 | 22860 | 27214 | 31947 | 35898 | 41123 | 47293 | 51669 | 55299 | 59931 | 63555 | 67361 | 73310 | |
| 2666 | 5652 | 10222 | 14695 | 18892 | 22868 | 27241 | 32142 | 35937 | 41144 | 47424 | 51926 | 55418 | 60033 | 63623 | 67440 | 73557 | |
| 2684 | 6389 | 10227 | 14825 | 18906 | 23181 | 27388 | 32232 | 35956 | 41802 | 47439 | 51929 | 55631 | 60041 | 63652 | 67454 | 73598 | |

**Kr. 15.000**

| | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 31 | 4133 | 7967 | 12336 | 16822 | 21623 | 26149 | 30938 | 33947 | 39259 | 43835 | 48371 | 52639 | 56326 | 62185 | 67739 | 71465 | 76139 |
| 33 | 4210 | 8001 | 12390 | 16853 | 21727 | 26349 | 30947 | 33991 | 39426 | 43888 | 48381 | 52686 | 56406 | 62216 | 67785 | 71548 | 76156 |
| 60 | 4218 | 8058 | 12448 | 16923 | 21775 | 26351 | 31006 | 34078 | 39484 | 44085 | 48427 | 52755 | 56721 | 62292 | 67835 | 71564 | 76303 |
| 84 | 4245 | 8205 | 12684 | 16958 | 21798 | 26531 | 31052 | 34194 | 39549 | 44087 | 48729 | 52771 | 56740 | 62479 | 67848 | 71676 | 76306 |
| 308 | 4301 | 8250 | 12762 | 16959 | 21802 | 26597 | 31106 | 34303 | 39557 | 44103 | 48820 | 52804 | 56746 | 62504 | 67927 | 71695 | 76392 |
| 354 | 4303 | 8260 | 13148 | 16993 | 21804 | 26634 | 31252 | 34377 | 39562 | 44179 | 48823 | 52864 | 56755 | 62724 | 67943 | 71745 | 76404 |
| 381 | 4420 | 8370 | 13153 | 17010 | 21935 | 26704 | 31331 | 34462 | 39589 | 44230 | 48861 | 52978 | 56765 | 62762 | 68010 | 71859 | 76436 |
| 390 | 4480 | 8456 | 13157 | 17042 | 21982 | 26820 | 31396 | 34911 | 39632 | 44255 | 48898 | 52987 | 56835 | 62829 | 68015 | 71934 | 76467 |
| 465 | 4518 | 8754 | 13268 | 17217 | 22038 | 26837 | 31481 | 34969 | 39638 | 44310 | 48963 | 53125 | 56884 | 62832 | 68077 | 71950 | 76595 |
| 501 | 4642 | 8839 | 13406 | 17281 | 22110 | 26904 | 31487 | 35076 | 39770 | 44336 | 49039 | 53135 | 57000 | 62881 | 68150 | 72001 | 76632 |
| 503 | 4683 | 8892 | 13429 | 17340 | 22158 | 26910 | 31495 | 35207 | 39912 | 44344 | 49136 | 53139 | 57161 | 63035 | 68187 | 72014 | 76718 |
| 629 | 4816 | 8901 | 13500 | 17528 | 22427 | 26926 | 31562 | 35398 | 39925 | 44415 | 49150 | 53242 | 57233 | 63304 | 68193 | 72026 | 76769 |
| 711 | 4930 | 8986 | 13505 | 17582 | 22717 | 26950 | 31600 | 35563 | 40069 | 44488 | 49348 | 53252 | 57454 | 63324 | 68232 | 72109 | 76771 |
| 991 | 5059 | 9197 | 13555 | 17595 | 22880 | 27064 | 31622 | 35617 | 40095 | 44509 | 49394 | 53456 | 57472 | 63487 | 68234 | 72186 | 76804 |
| 1002 | 5085 | 9253 | 13589 | 17797 | 22888 | 27220 | 31629 | 35639 | 40199 | 44513 | 49550 | 53500 | 57498 | 63745 | 68281 | 72669 | 77049 |
| 1018 | 5230 | 9276 | 13616 | 17871 | 22997 | 27233 | 31634 | 35806 | 40341 | 44733 | 49722 | 53519 | 57629 | 63838 | 68558 | 72674 | 77116 |
| 1151 | 5381 | 9287 | 13677 | 18137 | 23137 | 27252 | 31644 | 35821 | 40383 | 45137 | 49880 | 53569 | 57846 | 63902 | 68602 | 72702 | 77167 |
| 1237 | 5412 | 9371 | 13757 | 18179 | 23184 | 27276 | 31645 | 35873 | 40399 | 45392 | 49958 | 53597 | 58040 | 63954 | 68622 | 72711 | 77271 |
| 1283 | 5505 | 9403 | 13907 | 18189 | 23466 | 27288 | 31659 | 35968 | 40475 | 45563 | 49979 | 53649 | 58234 | 64014 | 68659 | 72781 | 77276 |
| 1330 | 5515 | 9541 | 14041 | 18313 | 23511 | 27505 | 31689 | 36052 | 40582 | 45571 | 50060 | 53695 | 58419 | 64124 | 68691 | 72922 | 77333 |
| 1378 | 5558 | 9551 | 14123 | 18318 | 23629 | 27697 | 31762 | 36074 | 40617 | 45602 | 50155 | 53750 | 58446 | 64148 | 68705 | 72925 | 77678 |
| 1557 | 5581 | 9563 | 14218 | 18538 | 24010 | 27770 | 31886 | 36293 | 40866 | 46026 | 50289 | 53790 | 58646 | 64331 | 68719 | 73302 | 77698 |
| 1720 | 5592 | 9578 | 14268 | 18796 | 24038 | 27796 | 31922 | 36295 | 40880 | 46027 | 50317 | 53943 | 58712 | 64340 | 68905 | 73314 | 77870 |
| 1804 | 5615 | 9668 | 14338 | 18815 | 24138 | 27849 | 31987 | 36315 | 40967 | 46100 | 50379 | 53984 | 58725 | 64449 | 69047 | 73370 | 78075 |
| 2101 | 5619 | 9731 | 14395 | 18865 | 24177 | 27961 | 32024 | 36428 | 41017 | 46135 | 50467 | 54117 | 58821 | 64474 | 69193 | 73417 | 78077 |
| 2142 | 5782 | 9779 | 14437 | 18982 | 24203 | 28046 | 32091 | 36529 | 41044 | 46151 | 50614 | 54207 | 58843 | 64514 | 69317 | 73497 | 78102 |
| 2168 | 5845 | 9816 | 14465 | 18995 | 24219 | 28226 | 32161 | 36616 | 41202 | 46232 | 50801 | 54226 | 58872 | 64592 | 69329 | 73512 | 78192 |
| 2259 | 6014 | 10049 | 14483 | 19111 | 24233 | 28293 | 32203 | 36906 | 41219 | 46341 | 50850 | 54302 | 58883 | 64751 | 69354 | 73573 | 78193 |
| 2265 | 6056 | 10109 | 14600 | 19131 | 24334 | 28354 | 32229 | 36997 | 41269 | 46368 | 50899 | 54408 | 58884 | 64784 | 69623 | 73608 | 78282 |
| 2325 | 6303 | 10240 | 14742 | 19755 | 24381 | 28489 | 32279 | 37042 | 41307 | 46436 | 50953 | 54560 | 58917 | 64787 | 69759 | 73748 | 78449 |
| 2539 | 6406 | 10271 | 14768 | 19856 | 24524 | 28509 | 32300 | 37085 | 41331 | 46437 | 50980 | 54563 | 59273 | 64795 | 69888 | 73790 | 78459 |
| 2541 | 6422 | 10736 | 14809 | 19875 | 24561 | 28676 | 32302 | 37129 | 41492 | 46529 | 51046 | 54607 | 59697 | 64824 | 70010 | 73815 | 78461 |
| 2572 | 6424 | 10777 | 14905 | 19901 | 24579 | 29078 | 32377 | 37160 | 41543 | 46568 | 51050 | 54637 | 59725 | 65020 | 70048 | 73979 | 78474 |
| 2609 | 6445 | 11024 | 14925 | 20061 | 24651 | 29204 | 32468 | 37244 | 41744 | 46573 | 51053 | 54651 | 59783 | 65088 | 70166 | 74294 | 78511 |
| 2620 | 6605 | 11040 | 14953 | 20145 | 24666 | 29551 | 32501 | 37246 | 41843 | 46575 | 51156 | 54701 | 59788 | 65124 | 70215 | 74371 | 78644 |
| 2762 | 6686 | 11080 | 15035 | 20153 | 24800 | 29645 | 32617 | 37277 | 42217 | 46666 | 51389 | 54773 | 60067 | 65416 | 70308 | 74390 | 78674 |
| 2797 | 6783 | 11091 | 15165 | 20191 | 24883 | 29705 | 32730 | 37323 | 42467 | 46700 | 51477 | 54814 | 60253 | 65500 | 70339 | 74541 | 78732 |
| 2806 | 6811 | 11167 | 15296 | 20531 | 24897 | 29764 | 32812 | 37526 | 42525 | 46767 | 51553 | 54874 | 60727 | 65626 | 70598 | 74606 | 78820 |
| 2899 | 6888 | 11196 | 15306 | 20614 | 24956 | 30028 | 32853 | 37550 | 42526 | 46818 | 51618 | 54875 | 60738 | 65694 | 70748 | 74797 | 78970 |
| 2954 | 6950 | 11227 | 15313 | 20626 | 25041 | 30174 | 33071 | 37586 | 42606 | 46919 | 51689 | 54891 | 60801 | 65928 | 70788 | 74878 | 79001 |
| 3031 | 7006 | 11259 | 15355 | 20743 | 25072 | 30206 | 33095 | 37692 | 42719 | 46975 | 51737 | 54942 | 60951 | 66294 | 70810 | 74883 | 79184 |
| 3049 | 7009 | 11297 | 15359 | 20746 | 25160 | 30261 | 33230 | 37708 | 42724 | 47138 | 51878 | 54956 | 61157 | 66306 | 70825 | 74922 | 79235 |
| 3058 | 7085 | 11358 | 15382 | 20910 | 25198 | 30336 | 33346 | 37800 | 42762 | 47307 | 52018 | 55173 | 61258 | 66406 | 70887 | 74973 | 79253 |
| 3065 | 7246 | 11380 | 15510 | 20921 | 25357 | 30387 | 33403 | 37847 | 42908 | 47531 | 52096 | 55275 | 61389 | 66448 | 70896 | 75110 | 79339 |
| 3269 | 7309 | 11483 | 15569 | 20952 | 25403 | 30390 | 33421 | 38041 | 42978 | 47656 | 52119 | 55451 | 61482 | 66474 | 70907 | 75256 | 79343 |
| 3294 | 7384 | 11484 | 15816 | 20967 | 25404 | 30437 | 33439 | 38095 | 43155 | 47657 | 52133 | 55549 | 61528 | 66773 | 70925 | 75324 | 79372 |
| 3327 | 7386 | 11781 | 15834 | 20993 | 25511 | 30528 | 33472 | 38209 | 43215 | 47737 | 52304 | 55762 | 61548 | 66855 | 70932 | 75363 | 79582 |
| 3336 | 7413 | 11856 | 15839 | 21145 | 25525 | 30551 | 33502 | 38221 | 43276 | 47790 | 52321 | 55917 | 61596 | 67011 | 71041 | 75557 | 79594 |
| 3613 | 7515 | 11908 | 16172 | 21213 | 25566 | 30642 | 33503 | 38257 | 43446 | 47903 | 52324 | 56055 | 61607 | 67101 | 71063 | 75596 | 79608 |
| 3781 | 7535 | 12069 | 16186 | 21259 | 25572 | 30716 | 33589 | 38610 | 43462 | 48020 | 52413 | 56073 | 61774 | 67117 | 71158 | 75621 | 79719 |
| 3875 | 7658 | 12288 | 16566 | 21279 | 25683 | 30769 | 33607 | 38673 | 43498 | 48079 | 52466 | 56147 | 61801 | 67339 | 71180 | 75688 | 79721 |
| 3902 | 7714 | 12297 | 16702 | 21336 | 25816 | 30801 | 33667 | 38969 | 43510 | 48080 | 52485 | 56167 | 62014 | 67380 | 71375 | 75696 | 79824 |
| 3990 | 7726 | 12303 | 16712 | 21482 | 25904 | 30903 | 33896 | 38976 | 43560 | 48155 | 52580 | 56256 | 62135 | 67396 | 71411 | 75803 | |

H:N Markaðssamskipti / SÍA

Tryggðu þér miða
á sibs.is eða í síma 560 4800

Afgreiðsla vinninga hefst þann 20. nóvember 2014
Birt án ábyrgðar um prentvillur

DRÖGUM ÚT RÍFLEGA 600 MILLJÓNIR Á ÁRINU



DRÖGUM ÚT NISSAN LEAF RAFBÍLL Í HVERJUM MÁNUÐI

# Alveg ferlegt bara…

TÚLKUNARÞJÓNUSTA



**Heiðdís Dögg Eiríksdóttir**
formaður Félags heyrnarlausra

**➜ Nú segjum við stopp. Leyfið okkur að vera virkir þjóðfélagsþegnar, foreldrar, börn, húseigendur, fjölskyldumeðlimir, vinnufélagar, ættingjar og fleira og fleira.**

Í þessum skrifuðu orðum sit ég á fundi hjá Norðurlandaráði heyrnarlausra (Dövas Nordiska Råd) og er alveg miður mín þar sem ég var að tilkynna fullrúum hinna Norðurlandaþjóðanna að túlkun í atvinnulífi, daglegu lífi og fjarsímatúlkun væri alveg í krassi á Íslandi eina ferðina enn. Hinir fulltrúarnir göptu af undrun þegar þau fengu svör við hve miklu væri varið í þessa túlkun, þetta er langt, langt, langt undir því sem gerist annars staðar á Norðurlöndum. Þetta hefur áhrif á mun miklu stærra samfélag en eingöngu þeirra sem reiða sig á íslenskt táknmál. Á fundinum ræddum við um sáttmála SÞ um réttindi fólks með fötlun, um tungumálasamninginn, um samning vegna félagslegrar aðstoðar og fleiri mál. Mikið þótti mér leiðinlegt að vera Íslendingur þá, fulltrúi fyrir hönd Íslands á þessum fundi þar sem við erum langt á eftir í þessum málum.

Ég hef séð hvað þetta hefur áhrif á marga félagsmenn Félags heyrnarlausra, marga sem eru tengdir þessum félagsmönnum, börn sem þurfa að sitja hjá og sjá foreldra sína vera utangátta, aldraða foreldra sem geta ekki átt samskipti við heyrnarlausu börnin sín, heyrnarlausa foreldra sem ná ekki að sinna skyldum sínum sem bekkjarfulltrúi eða umsjónarmaður í íþróttastarfi barnanna sinna og margt fleira.

Ekki er rétt að vísa málinu á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra, óréttlætanlegt er að ætlast til þess að forgangsraða eigi túlkunum með þessa pínulitlu fjárhæð sem veitt er í túlkun í daglegu lífi. Ekki er heldur rétt að vísa málinu til einhverrar nefndar, síðasta nefndin sem hefur verið starfandi er nefnd sem hefur unnið í rúmlega 4 ár. Enn hefur ekkert verið gert þrátt fyrir að tæplega 10 nefndir hafi verið starfandi síðan 1988.

Nú segjum við stopp. Leyfið okkur að vera virkir þjóðfélagsþegnar, foreldrar, börn, húseigendur, fjölskyldumeðlimir, vinnufélagar, ættingjar og fleira og fleira.

Ég vil geta mætt á næsta fund hjá Norðurlandaráði heyrnarlausra sem stoltur Íslendingur sem er ekki mörgum tugum ára á eftir öðrum Norðurlandabúum í túlkaþjónustu fyrir heyrnarlausra.

# Miðhálendi Íslands: Háspennulínur og hraðbrautir? Nei, takk!

UMHVERFISMÁL



**Steingrímur J. Sigfússon**
alþingismaður

**➜ Vegagerðin hefur ekki talið sig fara varhluta af samdrætti og niðurskurði og því miður með réttu. Stórir hlutar vegakerfisins eru að grotna niður. Hvernig er þá hægt að koma því við að setja mat á Sprengisandsleið í forgang?**

Tilkynningar tveggja aðila, Landsnets og Vegagerðarinnar, um að vinna sé að hefjast við umhverfismat á háspennulínu og uppbyggðum vegi um Sprengisand sæta tíðindum. Fyrir það fyrsta vaknar spurningin; er það svona sem framtíð miðhálendisins á að ráðast? Að einstakir framkvæmdaaðilar hefji undirbúning svo umdeildra framkvæmda án undangenginnar opinberrar umræðu og stefnumótunar sem tekur mið af viðhorfum dagsins og framtíðarinnar?

Er nóg að menn telji sig hafa glugga í gömlu miðhálendisskipulagi, sem einmitt nú sætir endurskoðun, sbr. vinnu við mótun Landsskipulagsstefnu 2015-2026? Og hvaðan kemur fé til þessara verkefna? Vegagerðin hefur ekki talið sig fara varhluta af samdrætti og niðurskurði og því miður með réttu. Stórir hlutar vegakerfisins eru að grotna niður. Hvernig er þá hægt að koma því við að setja mat á Sprengisandsleið í forgang?

### Um hjartað þvert

Það er ekkert einkamál Landsnets og Vegagerðarinnar hvort farið verður með skóg háspennumastra og uppbyggðan veg þvert um hjarta miðhálendis Íslands. Ég kalla það að fara um hjarta miðhálendisins ef þræða á möstur og uppbyggðan veg milli friðlands í Þjórsárverum og Hofsjökuls á aðra hönd og Vatnajökulsþjóðgarðs að meðtöldum Vatnajökli og Tungnafellsjökli á hina. Og, síðan áfram norður um víðáttur Sprengisands allt norður í Bárðardal. Vissulega hefur Landsnet með í sínum drögum að matsáætlun þann möguleika að einhver hluti leiðarinnar á allra viðkvæmasta svæðinu fari í jörð og Vegagerðin gerir ekki ráð fyrir heilsársvegi. En hér þarf að mörgu að hyggja.

Verður ekki þrýstingurinn á að hafa jarðstrengsbútinn í 220 kv. línu sem allra stystan ef nokkurn og veginn það uppbyggðan og burðarmikinn að sumarið teygist í 6-9 mánuði ef ekki árið allt? Í upphafi skyldi endinn skoða ef yfir höfuð á að leggja af stað.

### Bíðum við

Áhugi Landsnets á þessari framkvæmd kemur mér minna á óvart en þátttaka Vegagerðarinnar. Ég vissi ekki til þess að nýr vegur um Sprengisand væri þar framarlega í áætlunum og þaðan af síður að Vegagerðin væri svo vel sett með fjármuni að hún gæti kostað miklu til í slík áform nú. Og spyrja má; á að tengja nýjan Sprengisandsveg við Bárðardalsveg vestri í núverandi ástandi eða væri ráð að byggja hann upp fyrst? Og hvað með Kjalveg; væri frekar einhver friður um að lagfæra hann eitthvað á næstu árum en leyfa Sprengisandi að bíða? Þurfa ekki þing og þjóð að koma með einhverjum hætti beint og milliliðalaust að svo stóru máli sem framtíð miðhálendisins er áður en ákvarðanir eru teknar?

Er ekki mál að vakna, bræður og systur, áður en það verður of seint?




## Samsung Galaxy Note 4

Android | 32 GB | 16 MP | 2,7 GHz | 5,7" | 2160p@30fps | 4G

Verð **5.990 kr.***
á mánuði í 24 mánuði

staðgreitt 134.900 kr.
*nánar á siminn.is/vefverslun

# Miðborgarvaka

## Í MIÐBORGINNI OKKAR TIL KL. 22 Í KVÖLD

Miðborgin okkar blæs til sérstakrar Miðborgarvöku langt fram á kvöld. Tilvalið tækifæri til að festa kaup á fyrstu jólagjöfunum og nýta sér sértilboð og afslætti. Þá verður líf og fjör í kringum Iceland Airwaves og ógrynni tónleika, bæði á hátíðinni sjálfri og á hinni sívinsælu off-venue dagskrá.

**Næg bílastæði og munið bílastæðahúsin.**

**DIMMALIMM**
20% afmælisafsláttur af öllum vörum.
Laugavegi 53b

**Kraum**
20% af Ástu treflum. Nýjar Huginn Muninn skyrtur á 10% afslætti. Eldri á 20% afslætti.
Aðalstræti 10

**ANNARANNA**
20% afsláttur af völdum vörum, DJ Óli Dóri og léttar veitingar.
Laugavegi 77

**Lífstykkjabúðin**
Jólagjöfin hennar fæst hjá okkur.
Laugavegi 82

**ICEWEAR ICELAND**
Léttar veitingar og 10% afsláttur.
Þingholtsstræti 2-4

**SUOMI PRKL! DESIGN**
20% afsláttur af öllu nema Múmínkrúsum.
Laugavegi 27

**hrím HÖNNUNARHÚS**
20% afsláttur af íslenskri hönnun – 10% afsláttur af öllum vörum.
Laugavegi 25

**hrím ELDHÚS**
20% afsláttur af íslenskri hönnun – 10% afsláttur af öllum vörum.
Laugavegi 32

BÍLASTÆÐASJÓÐUR
LEIGUFÉLAG ÍSLANDS







**GEYSIR**

Djass í kjallaranum og 2 fyrir 1 af ullarsokkum.

**Skólavörðustíg 16**

**Ullarkistan**

LAUGAVEGI 25 101 REYKJAVÍK · HAFNARSTRÆTI 99-101 600 AKUREYRI · WWW.ULLARKISTAN.IS

20% afsláttur af Sportswool og ýmis önnur tilboð á Janus ullarfatnaði.

**Laugavegi 25**

**Kirsuberjatréð**

Vesturgötu 4 - Reykjavík - Tel: +354 5628990 - www.kirs.is

Ráðskonugleði – tilboð á völdum vörum alla helgina.

**Vesturgötu 4**

**STORKURINN**

MEIRA EN GARNVERSLUN

ROWAN garn á 20% afslætti.

**Laugavegi 59**

**ZO·ON ICELAND**

Opið til 21:00. 20% afsláttur af öllum vörum.

**Bankastræti 10**

**volcano ICELANDIC DESIGN**

15% afsláttur ef keypt er ein vara, 3 vörur: 20% afsláttur og 5 vörur: 30% afsláttur.

**Laugavegi 40**

**kroll**

15% afsláttur af öllum vörum í dag og í kvöld til kl 22:00.

**Laugavegi 49**



BERGSTAÐIR
KOLAPORT
RÁÐHÚSIÐ
STJÖRNUPORT
TRAÐARKOT
VESTURGATA
VITATORG

**SIGURBOGINN**

20% afsláttur af öllu í Sigurboganum.

**Laugavegi 80**

**Spúútnik**

Partídressin og Airwaves tónar. Opið til kl. 22:00 í kvöld. Sjáumst!

**Laugavegi 28b**

**NOSTALGÍA**

Pallíettur, pelsar og partí! Opið til kl. 22:00 í kvöld. Velkomin.

**Laugavegi 39**

**GYLLTI KÖTTURINN**

Opið 10-22. Ný sending. Nældu þér í hlýjan pels eða jólapeysu. Léttar veigar og 15% afsláttur.

**Austurstræti 8**

**Ígló & Indí**

20% afsláttur af öllum fötum nema jóla- og flísfötum.

**Skólavörðustíg 4a**

**EINVERA**

Léttar veitingar og 20% afsláttur af völdum vörum.

**Laugavegi 35**

**Timberland**

20% afsláttur af öllum vörum.

**Laugavegi 6**



VERUM, VERSLUM OG NJÓTUM ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!

— WWW.MIDBORGIN.IS —

MIÐBORGIN OKKAR



**Heilsuhúsið**

20% afsláttur af öllum vörum.

Laugavegi 20b

**Rammagerðin** – Iceland Gift Store

Laufabrauð og jólarjúpur. Gjafakort frá Hugrúnu Ívarsdóttur fylgir seldum vörum.

Hafnarstræti 19

**Flash**

20% - 30% afsláttur af öllum vörum.

Laugavegi 54

**Dúkkuhúsið**

20% afsláttur af öllum vörum.

Vatnsstíg 3



**Borð fyrir tvo** – Laugavegi 95

15% afsláttur af öllum stellum.

Laugavegi 97

**Herrafataverzlun Kormáks & Skjaldar**

10% afsláttur af öllum vörum.

Laugavegi 59

**eva**

15% af öllum vörum frá By Malene Birger.

Laugavegi 26

**FATÓ markaður**

Bjórveitingar. 60% afsláttur af öllum herrajakkafötum. Moss jakkaföt á 19.995 kr.

Laugavegi 26

**Michelsen úrsmiðir**

10% til 70% af öllum vörum á Miðborgarvöku.

Laugavegi 15

**Ilse Jacobsen Hornbæk**

50% afsláttur af völdum gúmmístígvélum og regnfatnaði.

Laugavegi 33

**MyConceptStore**

Léttar veitingar, rokkuð stemning.

Laugavegi 45

**Kjólar & Konfekt**

15% afsláttur af öllum vörum.

Laugavegi 92

Bílastæðasjóður · Leigufélag Íslands

Gjafakort Miðborgarinnar okkar

Fáanlegt í bókaverslunum miðborgarinnar

**aurum** BY GUÐBJÖRG

Þrír heppnir viðskiptavinir fá óvænta gjöf 11. desember á 15 ára afmæli AURUM.

Bankastræti 4

**aurum** LÍFSTÍLL

15% afsláttur af öllum vörum í tilefni dagsins. Mikið úrval af fallegum jólagjöfum.

Bankastræti 4

**CAFÉ MEZZO**

Tilboð á panini og salötum. Happy hour frá 18 til 22.

Lækjargötu 2a

**Couture**

Laugavegi 86-94 101 Reykjavík Tel: 00354 5111060

Góð stemning – hlökkum til að sjá ykkur.

Laugavegi 86

**STURLA**

20% afsláttur af völdum vörum í kvöld. Klæðið ykkur upp fyrir jólin í Sturlu.

Laugavegi 27

**BLUE LAGOON ICELAND**

Bláa Lónið býður 20% afslátt af öllum Blue Lagoon húðvörum í versluninni.

Laugavegi 15

**KRONKRON**

Laugavegi 63b

P

BERGSTAÐIR
KOLAPORT
RÁÐHÚSIÐ
STJÖRNUPORT
TRAÐARKOT
VESTURGATA
VITATORG

## Opið til kl. 22 í kvöld.
## Næg bílastæði og munið bílastæðahúsin.

VERUM, VERSLUM OG NJÓTUM ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!

— WWW.MIDBORGIN.IS —

MIÐBORGIN OKKAR

## AF NETINU

### Misskilin nautn

Maður nokkur var dæmdur í Héraðsdómi fyrr í haust fyrir að hafa strokið yfir brjóst og ber kynfæri fjórtán ára stúlku. Við sama tilefni var hann sýknaður af því að hafa látið hana strjúka yfir kynfæri sín, þar sem athöfnin var ekki „til þess fallin almennt að veita honum kynferðislega fullnægingu“. Dómurinn er meðal annars í samræmi við dóm Hæstaréttar frá árinu 2012, þar sem maður tróð fingrum í endaþarm og leggöng konu og klemmdi þar á milli. Athæfið taldist ekki til kynferðisbrots í ljósi þess að ásetningur geranda var að meiða þolanda, en ekki af kynferðislegum toga. Ef við stöldrum aðeins við ákvæði hegningarlaga sem dómarnir eru byggðir á þá kemur hvergi fram í þeim, eða í kynferðisbrotakafla hegningarlaga yfirleitt, að áskilið sé að kynferðisbrot séu til þess fallin að veita geranda einhverskonar fróun, þó dómstólar hafi vissulega svigrúm til að líta til annarra sjónarmiða. Því virðist sem túlkunin byggi á algengum misskilningi um eðli kynferðisbrota þar sem raunin er sú að kynferðisbrot eru almennt ekki framin þegar gerandi missir stjórn á losta sínum, heldur eru brotin ofbeldisbrot, framin til að niðurlægja, drottna yfir og stjórna þolanda.

http://www.deiglan.is

*Katrín Thorsteinsson*

# Svanurinn 25 ára – saga af umhverfisvitund

UMHVERFI

**Åsa Romson (Svíþjóð)**
**Kirsten Brosbøl (Danmörk)**
**Sanni Grahn-Laasonen (Finnland)**
**Sigurður Ingi Jóhannsson (Ísland)**
**Tine Sundtoft (Noregur)**
umhverfisráðherrar á Norðurlöndum

Nemandi situr í skólastofu og litar svan sem prýðir bakhliðina á stílabókinni. Við vaskinn þvær annar sér um hendur með sápu sem merkt er þessum sama svani. Við sjáum hann víðar; þegar farið er á fætur, á leið til vinnu, á vinnustaðnum, úti í búð og á eldhúsborðinu heima á stílabókum barnanna okkar.

Í 25 ár hefur umhverfismerkið auðveldað almenningi á Norðurlöndum að taka tillit til umhverfisins á einfaldan og áhrifaríkan hátt með því að leita uppi hinn auðþekkjanlega græna svan. Svanurinn setur umhverfiskröfur fyrir vörur á öllum stigum lífsferils þeirra; við framleiðslu, notkun og förgun. Merkið tryggir að umhverfisáhrif vörunnar séu lítil miðað við aðrar vörur í sama flokki.

Og rétt eins og ljóti andarunginn verður hann hreinni og fegurri með aldrinum. Þær kröfur sem þarf að uppfylla til að mega nota Svansmerkið eru nefnilega hertar á þriggja eða fimm ára fresti. Framleiðendur fá ekki að sofna á verðinum, heldur er þess krafist að þeir bæti stöðugt vörur sínar.

Svansmerkið hefði þó ekki náð slíkri útbreiðslu hefði almenningur ekki tekið meðvitaða ákvörðun um að setja umhverfið í forgang. Svanurinn á nefnilega allt sitt undir umhverfisvitund einstaklinga og grundvöllur merkisins er trúin á mátt einstaklingsins.

Árið 1988 birtu Sameinuðu þjóðirnar og Brundtland-nefndin skýrslu um framtíðarsýn í umhverfismálum og sjálfbærri þróun. Þar var því slegið föstu að umhverfisvernd væri ekki aðeins fyrir fáa útvalda, heldur gætu allir lagt sitt af mörkum til að draga úr umhverfisspjöllum. Ári síðar skreið Svanurinn – rökrétt framhald þessarar niðurstöðu – úr egginu, en oft er vísað til merkisins sem „verkfærakassa“ hins opinbera til að stuðla að því að neytendur velji umhverfisvæna kosti – sem þeir hafa og gert.

### Áreiðanleg staðfesting

Þrátt fyrir miklar kröfur og ströng matsferli hefur atvinnulífið einnig tileinkað sér Svaninn. Svanurinn er tákn ábyrgra framleiðsluhátta og þar með áreiðanleg staðfesting þess að vara sé umhverfisvæn – ekki aðeins fyrir viðskiptavini heldur líka fyrirtæki.

Svanurinn er orðinn stór – 25 ár eru liðin síðan Norræna ráðherranefndin kom honum á legg og staða merkisins er hugsanlega sterkari í dag en nokkurs annars norræns merkis. Nánar tiltekið þekkja yfir 90 prósent almennings á Norðurlöndum Svaninn og næstum jafn margir hafa mikla trú á því að svansmerktar vörur séu ekki eins skaðlegar umhverfinu og aðrar. Þetta þýðir að Svanurinn er best heppnaða umhverfismerking

**➜ Þrátt fyrir miklar kröfur og ströng matsferli hefur atvinnulífið einnig tileinkað sér Svaninn.**

sem við þekkjum í dag og endurspeglar traust og meðvitund neytenda. „Allir“ þekkja Svansmerkið, sem er einstakt í sinni röð á Norðurlöndum. Nú sækjast meira að segja byggingariðnaðurinn og hótelkeðjur eftir því að uppfylla kröfur Svansins. Einnig er til umræðu að verðbréfasjóðir geti öðlast Svansmerkið. Ekki síst vegna loftslagsvandans verðum við að halda ótrauð áfram að stuðla að sjálfbærni í framleiðslu og neyslu í því augnamiði að lágmarka umhverfisáhrif.

Eigi það að takast þurfum við að hafa möguleika á að velja vörur með upplýstum hætti. Með Svaninum höfum við öðlast sameiginlega umhverfismerkingu – með því einfaldlega að hafa augun opin getum við öll tekið tillit til umhverfisins í dagsins önn. Norðurlönd hafa það orð á sér innan alþjóðasamfélagsins að þar láti fólk sér annt um hvert annað og náttúruna en möguleikar neytenda til að hafa áhrif ráða úrslitum um árangurinn af hvaða umhverfisstefnu sem er.

Við erum þekkt fyrir hreina orku, fagra náttúru og atvinnulíf sem er í fremstu röð þegar kemur að umhverfistækni. Síðast en ekki síst eru norrænir neytendur meðvitaðir um umhverfismál.

Ábyrgum framleiðendum, skólanemum og neytendum óskum við til hamingju með 25 ára afmæli Svansins!

# Flett ofan af fornu samsæri?

SAMKEPPNI



**Oddgeir Einarsson**
hæstaréttarlögmaður

Nýverið var Samkeppniseftirlitinu sent erindi þar sem umbjóðandi minn, Mjólkurbúið ehf., hélt því fram að náið samstarf MS og KS undanfarin ár bryti gegn ákvæðum samkeppnislaga sem banna samkeppnishamlandi samráð fyrirtækja.

Málið snýst í grundvallaratriðum um hvort MS njóti undanþágu búvörulaga frá ákvæðum samkeppnislaga. Í búvörulögum kemur fram að aðeins „afurðastöðvar í mjólkuriðnaði“ njóti undanþágunnar.

Ræður því úrslitum hvort MS sé „afurðastöð“ í skilningi búvörulaga. Hugtakið er sérstaklega skilgreint í lögunum þannig: „Afurðastöð er hver sú atvinnustarfsemi lögaðila eða einstaklings sem tekur við búvörum úr höndum framleiðenda til vinnslu, flokkunar, pökkunar, geymslu, heildsölu og/eða dreifingar.“

Að mati umbjóðanda míns hefur MS augljóslega aldrei uppfyllt þetta skilyrði þar sem félagið hefur aldrei átt í viðskiptum við framleiðendur (bændur) með mjólk. Hið rétta er að Auðhumla, sem á meirihluta hlutafjár í MS, kaupir mjólkina af bændum og á þær fasteignir sem mjólkin er lögð inn í eftir að hún hefur verið sótt til bænda. Af þeim sökum er Auðhumla, og hefur alltaf verið, aðili að Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) en MS ekki.

Þessu til enn frekari stuðnings má nefna að þegar núgildandi undanþáguákvæði í búvörulögunum voru sett árið 2004 sagði m.a. í greinargerð með frumvarpinu að lögunum á Alþingi: „Í þessu felst að fara ber varlega þegar lagður er sá skilningur í lagaákvæði að þau undanskilji tiltekna þætti í atvinnustarfsemi gildissviði samkeppnislaga og þar með íhlutunarvaldi samkeppnisyfirvalda. Því þarf með skýrum lagatexta að lögfesta vilja löggjafans til þess undanskilja ákveðna þætti landbúnaðarins gildissviði samkeppnislaga.“

Eftir að fréttir bárust af því að tilkynnt hefði verið um meint brot MS og fleiri aðila til Samkeppniseftirlitsins birtust útskýringar forstjóra MS í fjölmiðlum. Meðal annars sagði hann í viðskiptablaðinu þann 28. október sl. að hann teldi „vangaveltur byggðar á misskilningi“. Þessu til stuðnings nefndi hann að MS væri „skilgreind sem afurðastöð samkvæmt Matvælastofnun“.

### Kýrskýrt

Um þetta er það að segja að hvergi í regluverki Matvælastofnunar er stofnuninni falið að skilgreina hvaða aðilar séu afurðastöð og hvað þá samkvæmt framangreindri skilgreiningu í búvörulögum. Vísun í skilgreiningu Matvælastofnunar er því að mati umbjóðanda míns í besta falli misskilningur en í versta falli blekking.

Forstjóri MS sagði enn fremur að skilgreining á afurðastöð færi ekki eftir því hvort fyrirtækið væri í reikningssambandi við bændur. Auðhumla sjái um reikningshaldið en innviktun mjólkur sé á höndum MS. Hér gerir forstjóri MS afar lítið úr hlutverki Auðhumlu og nefnir að það sjái bara um „reikningshaldið“.

Ef rétt væri að MS væri afurðastöðin og Auðhumla sjái bara um reikningshaldið er rétt að spyrja: Ef það, að sækja mjólkina fyrir kaupandann Auðhumlu, ræður úrslitum um hvort aðili er afurðastöð, en ekki hver

**➜ Það var því alveg kýrskýrt árið 2010 að MS var ekki afurðastöð heldur Auðhumla.**

kaupi í raun mjólkina og gerir reikninga fyrir henni, af hverju er MS þá ekki aðili að samtökum afurðastöðva í stað Auðhumlu?

Í fréttatilkynningu sem birtist í Viðskiptablaðinu þann 28. janúar 2010 var fjallað um ráðningu Guðna Ágústssonar til SAM. Þar sagði m.a.: „Afurðastöðvar, sem taka við mjólk beint frá framleiðendum, eiga rétt á að gerast aðilar að samtökunum. Allar afurðastöðvar landsins eiga aðild að SAM.“

Það var því alveg kýrskýrt árið 2010 að MS var ekki afurðastöð heldur Auðhumla. Ekkert hefur breyst síðan þá og er MS heldur ekki afurðastöð í dag. Þar sem MS er ekki afurðastöð má ljóst vera að samráð félagsins við aðra aðila sem sannanlega hefur átt sér stað og gerir enn t.d. um verðtilfærslur og skiptingu markaða fellur undir samkeppnislög.

Að mati umbjóðanda míns virðist Samkeppniseftirlitið líkt og margir aðrir ranglega hafa litið svo á undanfarin ár að MS væri undanþegið samkeppnislögum að einhverju leyti. Jafnvel umbjóðanda mínum kom ekki annað til hugar. Umbjóðandi minn hefur nú skorað á Samkeppniseftirlitið að hefja þegar í stað rannsókn á háttsemi MS og annarra á mjólkurmarkaði undanfarin ár, sérstaklega með hliðsjón af því hvort ákvæði um ólögmætt samráð kunni að eiga við um háttsemi aðila. Málið er nú á borði Samkeppniseftirlitsins.

Á mjólkurfernum MS stendur nú áberandi stöfum: „Hefur þú flett ofan af fornu samsæri nýlega?“ Þeirri spurningu er auðsvarað.




Í ELDBORG HÖRPU
— 20. desember —
kl. 21:00 – UPPSELT
kl. 17:00 – Aukatónleikar
Á tónleikunum flytja Pálmi, Ragnheiður og góðir gestir fjölmargar þekktar jólaperlur. Ekki missa af þessu tækifæri til að eiga ógleymanlega stund í Eldborg með þessum ástsælu flytjendum.
Aðrir flytjendur:
Tólf manna strengjasveit, ásamt hljómsveit undir stjórn Þóris Úlfarssonar. Sönghópur Fríkirkjunnar við Tjörnina. Gunnar Gunnarsson stýrir og leikur á Hammond-orgel. Sigurður Helgi, Ragnheiður og Ninna Rún, börn Pálma.
MIÐASALA HAFIN Á AUKATÓNLEIKA
á harpa.is, midi.is eða í síma 528 5050
DÆGURFLUGAN
HARPA
Brandenburg

markhonnun.is

# ÚTKALL Í NETTÓ!






**Útkallsbækur Óttars Sveinssonar hafa verið eitt vinsælasta lesefni Íslendinga í tvo áratugi. Spennuþrungnar frásagnir úr íslenskum veruleika. Í þessari bók er lýst ótrúlegri samkennd, fórnfýsi og þrautseigju íslenskra sjómanna á úrslitastundum. Um hver jól grúfa þúsundir Íslendinga sig niður í Útkallsbækurnar og leggja þær ekki frá sér fyrr en að lestri loknum.**

Hér er sagt frá ævintýralegum björgunaraðgerðum út af Breiðafirði árið 1962 eftir að togarinn Elliði frá Siglufirði hafði legið á hliðinni í glórulausu hafróti og éljagangi. 28 manna áhöfn beið örlaga sinna svo klukkustundum skipti.

„Ég hata þig ekki," sagði Sigurður Guðmundsson, fyrrum háseti á Goðafossi, er hann í október 2011 hitti mann af kafbátnum U 300 sem skaut niður stolt Íslendinga við bæjardyr Reykjavíkur árið 1944. Við fáum einnig lýsingu á þessum tilfinningaþrungna fundi og kynnumst nýrri hlið af sögunni um árásina á Goðafoss.

**3.599 KR**

Birt með fyrirvara um stafsetningarvillur og/eða myndavíxl

nettó bækur
Kræsingar & kostakjör

**Tilboðið gildir 6. - 9. nóvember 2014**
www.netto.is

# Almannaútvarp aldrei mikilvægara

RÚV
Hallgrímur Indriðason
formaður Félags fréttamanna

Enn einu sinni er framtíð RÚV í óvissu af því að hugsanlega á að skera niður. Þetta er staða sem starfsmenn RÚV hafa nú búið við í sex til sjö ár. Fáir virðast hugsa um að á RÚV vinna starfsmenn sem á þessum árum hafa þurft að búa við að það sem þeir hafa byggt upp eftir niðurskurð er rifið niður í næsta niðurskurði. Þetta er niðurdrepandi, og enn eru hugmyndir um að halda áfram á þeirri braut. Ég er rólyndismaður með mikið langlundargeð, en þetta er farið að verða býsna þreytandi.

Það sem eykur svo á þreytuna er skrítin gagnrýni sumra stjórnmálamanna á fréttaflutning Fréttastofu RÚV, sem menn hafa jafnvel litið á sem dulbúnar hótanir. Að vísu er vandfundinn sá stjórnmálamaður sem er ánægður með allan fréttaflutning RÚV enda er það ekki hlutverk fjölmiðils að gera stjórnmálamenn ánægða. Og það á að hafa skoðanir á því sem gert er hjá RÚV. En samviskusamur fréttamaður getur illa tekið því að vera sagður ganga erinda einhverra sérhagsmuna, enda er slíkt ekkert annað en atvinnurógur. Og þetta vita flestir Íslendingar, enda treysta 76% þjóðarinnar fréttastofu RÚV og þrefalt fleiri treysta RÚV en fjölmiðlum almennt.

### Meira en hjá flestum

En þarf RÚV ekki líka að skera niður eins og aðrir? Það hefur sannarlega verið gert, og það meira en hjá flestum, ef ekki öllum, öðrum ríkisstofnunum. Niðurskurðurinn á RÚV byrjaði ekki með hruninu. Hann byrjaði þegar RÚV var breytt í opinbert hlutafélag árið 2007. Þá var lífeyrisskuldbindingum og rekstri húsnæðisins við Efstaleiti – þar á meðal skuldunum – dembt á RÚV sjálft en það hafði áður verið á ríkinu. Og ekki fylgdu fjármunir til að standa straum af því. Þetta var því í raun skerðing á tekjum og hófust því hagræðingaraðgerðir þegar á því ári. Fáar aðrar stofnanir sem breytt var í opinbert hlutafélag þurftu að taka þetta á sig. Nú fer fjórðungur af útgjöldum RÚV í fjármagnskostnað vegna þessara skulda. Væri ekki gáfulegra að nýta þessar 800 milljónir í góða dagskrá?

Í ofanálag urðu miklar uppsagnarhrinur haustið 2008, snemma árs 2010 og haustið 2013. Og það er enn verið að hagræða. Og dæmi eru um að stjórnmálamenn hafi gengið svo langt að þeir gagnrýna niðurskurðaraðgerðir sem eru tilkomnar vegna niðurskurðar sem þeir sjálfir samþykktu!

Þá er það vitað mál að útvarpsgjaldið hefur ekki skilað sér allt til RÚV. Síðasta ríkisstjórn gekk meira að segja svo langt að hækka útvarpsgjaldið en skera niður fjárframlög til RÚV og hlutfall þess sem RÚV fær af útvarpsgjaldinu hefur farið stöðugt lækkandi. Það er ekki aðeins RÚV sem hefur verið hlunnfarið þar heldur íslenskir skattgreiðendur.

### Óboðleg staða

En svo við snúum okkur að fréttastofunni þá hefur hún laskast mikið frá því hún varð til í núverandi mynd haustið 2008 þegar fréttastofur útvarpsins og sjónvarpsins sameinuðust. Niðurskurðurinn síðan þá jafnast á við mannskapinn sem var áður á fréttastofu sjónvarpsins. Það eru sem sagt álíka margir fréttamenn að vinna fréttir bæði í útvarp og sjónvarp nú, og voru einungis að vinna fréttir í útvarpi fyrir sjö árum. Þjónustan er þó enn þá nánast sú sama. Var einhver að tala um að hagræðing hefði ekki skilað sér í fækkun starfa? Álagið er nú að fara að segja til sín hjá fréttamönnum og þegar hafa margir af þeim reyndustu hætt störfum en þeir sem eftir eru hafa gert ótrúlega vel í að halda fréttaþjónustunni. Staðan á fréttastofunni er einfaldlega sú að það er orðið sífellt erfiðara vegna mannfæðar. Og slík staða í almannaútvarpi er óboðleg.

**➜ Hagræðing hefur gert það að verkum að endurnýjun tækjakosts hefur setið á hakanum og það sést reglulega í útsendingum bæði útvarps og sjónvarps. Þá fást ekki fjármunir til að endurnýja dreifikerfið sem gerir RÚV erfitt að sinna öryggis- og almannavarnahlutverki sínu.**

Hagræðing hefur gert það að verkum að endurnýjun tækjakosts hefur setið á hakanum og það sést reglulega í útsendingum bæði útvarps og sjónvarps. Þá fást ekki fjármunir til að endurnýja dreifikerfið sem gerir RÚV erfitt að sinna öryggis- og almannavarnahlutverki sínu.

Fjölmiðlar hafa gengið í gegnum ýmislegt undanfarin misseri, ekki bara fjárhagslega heldur líka í eignarhaldi. Það gerir það að verkum að það hefur aldrei verið nauðsynlegra en nú að hafa fjölmiðil sem fær umboð sitt eingöngu frá almenningi, er óháður stjórnmálaflokkum jafnt sem viðskiptaveldum og getur veitt hvoru tveggja ríkt aðhald, upplýst þjóðina og skapað henni umræðuvettvang. RÚV þarf að fá svigrúm til að rækja þessa skyldu sína.

Ég styð heilshugar þá kröfu útvarpsstjóra og stjórnar RÚV að stofnunin fái útvarpsgjaldið óskert eins og það er núna. Það er komið nóg í niðurskurði og nú þarf RÚV að fá það svigrúm til að byggja upp dagskrá og innviði í stað þess að allt sé rifið niður jafnharðan. Ef lengra verður gengið getur RÚV ekki sinnt sínu lögbundna hlutverki eins og það er samkvæmt lögum. Það hlutverk hefur aldrei verið mikilvægara en einmitt í dag.

# Hömlur á viðskiptafrelsi eru brýn nauðsyn

VIÐSKIPTI
Einar Ólafsson
bókavörður

Með því að segja að hömlur á viðskiptafrelsi séu brýn nauðsyn verða eflaust margir til að telja mig gamaldags og íhaldssaman, enda er það útbreidd skoðun að framtíðin liggi í æ frjálsari viðskiptum.

Frelsi til athafna og samskipta er sannarlega í grundvallaratriðum af hinu góða og það ætti að hafa að leiðarljósi. Það á líka við um frelsi manna til að stunda viðskipti sín á milli. En algert frelsi er óhugsandi í samfélagi, frelsi til athafna hlýtur alltaf að takmarkast við að þær skaði ekki aðra.

Þess vegna eru ýmsar hömlur á frelsi almennt viðurkenndar. T.d. hafa hömlur á frelsi til ýmissa athafna vegna umhverfisáhrifa smám saman verið auknar. Og það er einmitt vegna umhverfisáhrifa sem nauðsynlegt er að takmarka viðskiptafrelsið. Vöruflutningar valda mengun. Stórir vörubílar, flugvélar og skip valda mengun. Loftslagsbreytingar af völdum mengunar geta haft geigvænlegar afleiðingar á umhverfi okkar og við verðum, þegar til framtíðar er litið, að velja milli þeirra og takmarkana á ýmsu frelsi, svo sem frelsi til vöruviðskipta um langan veg. Þess vegna er mikilvægt að leitast sé við að vörur séu framleiddar sem næst kaupandanum. Þar verður þó við ramman reip að draga, því að voldugir og áhrifamiklir aðilar munu beita sér gegn því þegar það ógnar hagsmunum þeirra. Auk þess þykir það ekki nútímalegt og þess vegna mun almenningur líka verða tregur í taumi, ekki síst margir sem telja sig upplýsta og nútímalega.

**➜ Og það er einmitt vegna umhverfisáhrifa sem nauðsynlegt er að takmarka viðskiptafrelsið. Vöruflutningar valda mengun.**

Og svo krefst það líka mikilla breytinga á viðskipta- og framleiðslukerfi heimsins. Efnahagskerfi heimsins.

### Má útfæra á ýmsan hátt

Þess vegna er mikilvægt að fara að huga að þessu sem allra fyrst, því að óhjákvæmilega taka róttækar breytingar í þessum efnum langan tíma. Þessar viðskiptatakmarkanir má útfæra á ýmsan hátt annan en með beinu banni. Frekar mætti hugsa sér mengunargjald á vöruflutninga, kílómetragjald eða eitthvað svoleiðis.

Í þessu sambandi getum við leitt hugann að viðskiptafrelsi með landbúnaðarvörur, enda er mörgum það mjög hugleikið. Íslendingar geta kannski hrósað happi yfir þeim takmörkunum sem við höfum nú á þeim viðskiptum. Við þurfum sem sagt ekki róttækan viðsnúning á því sviði heldur getum við þróað breytingar á því út frá þessari nauðsyn. Við þurfum ekki að rífast um gjöld á innflutning landbúnaðarvara, þau er sjálfsögð sem mengunargjöld. Að undanskildum vörum sem valda smithættu verður innflutningur leyfður, en við sættum okkur við að innfluttar vörur verði dýrar vegna mengunargjaldsins. Gjalds sem sjálfsagt rennur svo í sameiginlega sjóði.

# Öryggisdagar Strætó og VÍS

UMFERÐ
Reynir Jónsson
framkvæmdastjóri Strætó bs.

Árlegir öryggisdagar Strætó og VÍS hófust 21. október og standa yfir í 5 vikur. Að þessu sinni er sérstök áhersla lögð á öryggi farþega Strætó ásamt almennu öryggi og er markmið átaksins að fækka slysum og árekstrum um 30% á milli ára. Átakið byrjaði innanhúss hjá Strætó, meðal annars með því að fara vel yfir öryggismál og einnig tóku starfsmenn þátt í að vinna þau skilaboð sem Strætó sendir frá sér í átakinu.

Öryggisdagar, sem eru haldnir árlega, eru samstarfsverkefni Strætó og VÍS og er ætlun þeirra að auka forvarnir í umferðinni. Með verkefninu vilja Strætó og VÍS leggja sitt af mörkum til að fækka slysum, efla öryggi farþega og starfsmanna Strætó, minnka tjón og auka almennt öryggi á götum borgarinnar. Umtalsverður árangur hefur náðst við að fækka tjónum og slysum frá því að öryggisdagar Strætó fóru fyrst í gang árið 2010. Árangurinn sýnir, svo ekki verður um villst, að með samstilltu átaki getum við bætt okkur í umferðinni.

Við státum af góðum árangri sem ber fyrst og fremst að þakka starfsfólki Strætó og virkri þátttöku okkar í að efla öryggi í akstri með vinnubrögðum sem eru til fyrirmyndar. Á síðustu tveimur árum hefur tjónum fjölgað aðeins aftur og því kappsmál að ná enn betri árangri. Með því að fækka tjónum og slysum aftur eykst öryggi okkar allra.

### 11 milljónir

Snögghemlun er algengasta orsök slysa á farþegum og er það nokkuð sem vagnstjórar hafa alltaf í huga því umhyggja fyrir farþegum okkar á að vera fyrsta boðorð í akstri Strætó.

Vagnstjórar Strætó eru meðvitaðir í umferðinni, ávallt á varðbergi og ástunda vistakstur. Vistakstur er mjúkur og þægilegur akstur sem fer vel með farartækið, farþega og ökumenn. Með því að halda vöku okkar og sýna sérstaka aðgát fækkum við óhöppum og bætum öryggi allra í umferðinni. Það verður aldrei hægt að komast algjörlega hjá því að hemla í neyð í þungri umferð höfuðborgarsvæðisins en með því að halda góðri vegalengd á milli bíla getum við minnkað áhættuna.

Í ár stefnir í að farþegar Strætó verði um 11 milljónir, við höfum jafnframt fjölgað ferðum og þar með eknum kílómetrum. En þrátt fyrir að við höfum í fleiri horn að líta þá er ég sannfærður um að við getum fækkað slysum og tjónum enn frekar með aukinni árvekni og fyrirhyggju.

Við hjá Strætó erum stolt af þeim árangri sem við höfum náð, en það má ekki sofna á verðinum. Öryggi í umferðinni er ekki átaksverkefni heldur þurfum við að sýna árvekni og vinna saman að fækkun slysa alla daga ársins. Það er von mín að með samstilltu átaki takist okkur að bæta þjónustuna og efla öryggisvitund okkar góða starfsliðs og annarra vegfarenda til langframa.




Hafðu samband við sérfræðinga okkar í Rekstrarlandi í síma 515 1100 eða næsta útibú Olís og leitið tilboða.
REKSTRARLAND – léttir þér lífið
Rekstrarland er byggt á fyrrum rekstrarvörudeild Olís og er dótturfyrirtæki Olíuverzlunar Íslands hf.
www.rekstrarland.is
Mörkinni 4 | 108 Reykjavík | Sími 515 1100


Jólin þín byrja í IKEA
3.650,-
VINTERMYS krans
Ø40cm. Rautt 602.889.42
Einnig til gyllt 002.782.29
Jólabæklingurinn kemur út í dag!
Það ríkir alltaf mikil eftirvænting eftir jólunum hjá okkur í IKEA. Í jólabæklingnum okkar getur þú skoðað hluta úrvalsins, bæði nýjar vörur og þessar sígildu sem margir eru farnir að þekkja og bíða eftir. Bæklingnum er dreift í dag inn á öll heimili landsins sem samþykkja fjölpóst.
Fylgstu líka með á Facebook, Instagram og á heimasíðunni www.IKEA.is til að missa ekki af skemmtilegum viðburðum í versluninni fram að jólum eins og bakstri, jólasveinamyndatöku, tónleikum og fleira. Jólaskapið er allsráðandi og við tökum vel á móti þér.
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is
IKEA

## MERKISATBURÐIR

**1231** Keisari Japans, Tsuchimikado, deyr.

**1796** Dómkirkja Reykjavíkur vígð. Hún var átta ár í byggingu.

**1860** Abraham Lincoln er kjörinn forseti Bandaríkjanna.

**1897** Leikritið Pétur Pan frumsýnt í Empire-leikhúsinu í New York.

**1921** Minningarhátíð í Landakotskirkju vegna þess að átta aldir eru liðnar frá andláti Jóns Ögmundssonar, fyrsta Hólabiskups.

**1988** Conchita Wurst, sigurvegari í Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva árið 2014, fæðist í Austurríki.

**2013** Skipið Fernanda dregið að höfn í Grundarfirði viku eftir að kviknar í því suður af Vestmannaeyjum.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, sonur og afi,

**HALLDÓR GESTSSON**
**þúsundþjalasmiður,**
**Akureyri,**

lést laugardaginn 25. október.
Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 7. nóvember kl. 13.30.

**Hildur Halldórsdóttir**
**Þórður Halldórsson**
**Hlynur Halldórsson**
**Guðrún Jónsdóttir**
**afaungarnir.**
**Jón Ísleifsson**
**Halldóra Kristín Hauksdóttir**
**Fanney Lind Pétursdóttir**



Ástkær eignmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur, bróðir okkar og afi,

**ÞÓRARINN RAGNAR ÁSGEIRSSON**

andaðist á heimili sínu 3. nóvember.
Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 14. nóvember kl. 13.00.

**Hildur S. Friðriksdóttir**
**Ásta Þórarinsdóttir**
**Sigurður G. Geirsson**
**Kristinn Eiríkur Þórarinsson**
**Ásta Hallý Nordgulen**
**Erla M. Ásgeirsdóttir**
**Lúðvík Jóhann Ásgeirsson**
**og barnabörn.**



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,

**JÓNATANS SVEINSSONAR**
**hæstaréttarlögmanns,**
**Álfkonuhvarfi 59, Kópavogi.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Sóltúns fyrir frábæra umönnun.

**Nanna Jónasdóttir**
**Hróbjartur Jónatansson**
**Valgerður Jóhannesdóttir**
**Sveinn Jónatansson**
**Brynja Ólafsdóttir**
**Jónas Jónatansson**
**Anna Margrét Tómasdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginkona mín og móðir,

**KRISTÍN S. R. GUÐMUNDSDÓTTIR**
**þjónustustjóri**
**í viðskiptasöludeild Icelandair,**

lést sunnudaginn 2. nóvember á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.
Útförin fer fram frá Digraneskirkju fimmtudaginn 13. nóvember kl. 13.00.

**Jón Ögmundsson**
**Guðmundur Þór Kristjánsson**
**Kristján Örn Kristjánsson**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**KÁRI ELÍASSON**
**rakarameistari, Mávahlíð 22,**

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 31. október sl. Útförin fer fram frá Laugarneskirkju föstudaginn 7. nóvember kl. 15. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Minningarsjóð Sóltúns.

**Elías Kárason**
**Ásgerður Káradóttir**
**Hannes Jón Helgason**
**Katrín og Kári Jón**

**ÞETTA GERÐIST:** 6 NÓVEMBER 1954

## Upphafið að þorrablótsmatseðlinum

Veitingastaðurinn Naustið var stofnaður á þessum degi fyrir 60 árum en hann er þekktastur fyrir að hafa verið fyrsti staðurinn til að bjóða upp á þann þorrablótsmatseðil sem þekktur er í dag.

Þorrablótsmatseðillinn var fyrst auglýstur árið 1956 en þá bauð Naustið upp á hefðbundinn íslenskan mat fornan; súran, reyktan og/eða saltaðan.

Þorrablótin koma fyrst fram í heimildum frá miðöldum en þau lögðust af eftir kristnitöku á Íslandi. Á nítjándu öld vekja íslenskir stúdentar í Kaupmannahöfn siðinn að nýju en hann nær ekki almennri útbreiðslu hér á landi fyrr en Naustið hóf að bjóða upp á þorramat. Síðan þá hefur verið vinsælt að halda þorrablót á þorranum og í núorðið telja margir það ómissandi.





**MÚLAKOT Í FLJÓTSHLÍÐ** Eigendur staðarins eru reiðubúnir að afhenda hann sjálfseignarstofnun gegn því að hún endurbyggi hann og varðveiti til framtíðar. MYND/MINJASTOFNUN ÍSLANDS

# Ræða varðveislu og endurbyggingu Múlakots

Koma á á fót sjálfseignarstofnun um minjar í Múlakoti í Fljótshlíð sem friðlýstar voru fyrr á árinu. Þar koma saman listasaga, garðyrkjusaga og saga ferðaþjónustu.

Unnið er að því að koma á fót sjálfseignarstofnun um minjar í Múlakoti í Fljótshlíð og verður á laugardaginn haldin málstofa þar um varðveislu og endurreisn staðarins. Pétur Ármannsson, arkitekt og sviðsstjóri hjá Minjastofnun Íslands, er einn þeirra sem fjalla um Múlakot á málstofunni. Hann segir núverandi eigendur Múlakots, Sigríði Hjartar og Stefán Guðbergsson, reiðubúin að gefa minjastaðinn gegn því að sjálfseignarstofnun taki við honum, endurbyggi hann og varðveiti til framtíðar.

„Mannvirkin að Múlakoti voru friðlýst fyrr á þessu ári. Þarna er íbúðarhús frá 1898 sem var stækkað í áföngum og er í raun eitt elsta sveitahótel landsins. Þetta var frægur áningarstaður í sveitinni, bæði þegar farið var í Þórsmörk og austur fyrir fjall,“ segir Pétur.

Hann getur þess að Múlakot hafi, auk tengingar við ferðaþjónustu, sérstaka tengingu við íslenska listasögu. „Listamaðurinn Ólafur Túbals bjó lengi í Múlakoti og þarna dvöldu margir listmálarar og máluðu málverk þaðan sem eru þjóðkunn og í eigu Listasafns Íslands.“

Í Múlakoti er einn elsti og merkilegasti einkagarður landsins sem Guðbjörg Þorleifsdóttir lagði grunninn að, að því er Pétur greinir frá. „Þarna koma þess vegna saman listasaga, garðyrkjusaga og saga og þróun ferðaþjónustu.“

Pétur tekur það fram að gamla húsið sé mjög vel varðveitt. „Það er eiginlega engu búið að breyta en það er úr sér gengið og brýn þörf er á að bjarga því. Það eru í raun síðustu forvöð.“

Fyrr á þessu ári var veittur styrkur til viðgerða og eru þær hafnar á elsta hluta hússins. „Þetta er hins vegar mikið verkefni og það þarf að safna peningum og mynda hreyfingu um verkefnið.“

Ráðgert er að á staðnum verði sýning um sögu bæjarins, íslenska málaralist sem honum tengist, upphaf hótelrekstrar í sveit á Íslandi og sögu lystigarðs Guðbjargar Þorleifsdóttur.

Málstofan í Múlakoti hefst klukkan 14 á laugardaginn. ibs@frettabladid.is



**FJALLAR UM MÚLAKOT** Pétur Ármannsson, arkitekt og sviðsstjóri hjá Minjastofnun Íslands, er einn þeirra sem fjalla um Múlakot á málstofunni.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**TÍSKULÖGGA?**
Leikkonan Kathy Griffin hefur ljóstrað upp að hún hafi verið beðin um að taka við þættinum Fashion Police sem vinkona hennar, Joan Rivers sáluga, sá um. Hún hefur þó enn ekki gert upp við sig hvort hún taki tilboðinu.









**MINNKAR BÓLUR OG ROÐA**
Formúlan styður viðgerðarferli húðarinnar. Hún hefur kláðastillandi áhrif og minnkar bólur og roða.

# HEFUR ÞÚ REYNT ALLT?

**GENGUR VEL KYNNIR** *Salcura DermaSpray er 100% náttúrulegt meðferðarúrræði í úðaformi sem getur veitt langvarandi bata við m.a. þurrki í húð, exemi og sóríasis. Frábær árangur, auðvelt í notkun og engar aukaverkanir.*

Salcura DermaSpray hefur hjálpað fjölmörgum Íslendingum sem eru að kljást við húðvandamál. Það inniheldur einstaka náttúrulega formúlu sem styður viðgerðarferli húðarinnar, kemst djúpt ofan í húðina og nærir hana innan frá og út. Það er líka þægilegt í notkun, hefur kláðastillandi áhrif og minnkar bólgur og roða, segir Elísabet Guðmundsdóttir, vörustjóri Salcura hjá Gengur vel efh.

„Salcura Zeoderm-húðkrem er notað til að græða og næra efstu lög húðarinnar þegar þau eru þurr og/eða sködduð. Það inniheldur kraftmikið andoxunarefni sem ver húðfrumur gegn skaða, öflugt afeitrunarefni sem bindur og eyðir eiturefnum og róar kláða og bólgu.

Spreyið og kremið ganga hratt og vel inn í húðina og smitast því ekki í fötin. Til að tryggja hámarksárangur er mælt með notkun a.m.k. þrisvar sinnum á dag í byrjun og svo eftir þörfum."




**„Ég hef verið að glíma við slæman þurrk á höndunum síðastliðinn vetur, húðin var bæði sprungin og blæðandi. Eftir aðeins 3ja daga meðferð með Salcura DermaSpray og Zeoderm-kremi greri húðin alveg og þurrkurinn hvarf. Nú nota ég vörurnar eftir þörfum fyrir mig og fjölskylduna." Magnea Guðmundsdóttir, 32 ára, 2ja barna móðir í Reykjavík.**

**FYRIR ALLA SEM ÞJÁST AF**

| | |
|---|---|
| Exemi | Útbrotum |
| Sóríasis | Þurri húð |
| Rósroða | Ofsakláða |
| Kláða í húð | |

**ÚTSÖLUSTAÐIR**
Flest apótek og heilsubúðir. Nánari upplýsingar á: **www.gengurvel.is**



**HEFUR HJÁLPAÐ MÖRGUM**
„Salcura DermaSpray kemst djúpt inn í húðina og nærir hana innan frá og út," segir Elísabet Guðmundsdóttir, vörustjóri hjá Gengur vel ehf.

**GANGA HRATT INN Í HÚÐINA**
Vörurnar ganga hratt og vel inn í húðina og smitast því ekki í fötin.










**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kkolbeins@365.is, s. 512 5447












**FALLEGAR FLÍKUR** Guðbjörg notar frá þremur og upp í átta peysur til að búa til hverja flík. MYND/VALLI

# EIN PEYSA VERÐUR TIL ÚR MÖRGUM

**LOPAPEYSUENDURVINNSLA** *Guðbjörg Rut Pálmadóttir hönnuður nýtir gamlar og illa farnar lopapeysur til að búa til nýjar og fallegar flíkur.*

Guðbjörg vinnur hjá Fataflokkun Rauða krossins þar sem mikið fellur til af lopapeysum sem ekki eru seljanlegar. „Við látum vissulega gera við margar peysur en sumar er ekkert hægt að laga. Mig langaði að finna einhverjar nýjar leiðir til að nýta þær og datt í hug að búa til nýjar flíkur úr þeim. Þótt ermi sé ónýt er mikið annað eftir af peysunni og oft má finna mjög skemmtileg mynstur og fallegar samsetningar í illa förnum lopapeysum,“ segir Guðbjörg. Hún tók sig því til og safnaði saman peysum sem hún spretti í sundur og skeytti saman. „Ég nota lágmark þrjár peysur og allt upp í sjö til átta í hina nýju flík.“

Guðbjörg velur vel þær peysur sem hún skeytir saman. „Peysuhlutarnir verða að tóna saman,“ segir hún en gráir litir hafa verið mest áberandi hingað til í hönnun hennar.

Peysurnar eru allar unnar í höndunum. „Ég prjóna þær saman en sauma ekki í saumavél. Ég passa að allar lykkjur liggi rétt og því má segja að þetta sé nánast ný peysa fyrir utan þessa fleti sem ég endurnýti.“

Guðbjörg er búin að gera þrjár endurunnar peysur en er byrjuð á þó nokkrum til viðbótar. „Ég er líka með húfur og trefla í smíðum enda er nánast hægt að nýta allt af peysunni. Það er fínt að gera húfur úr berustykkjum og trefla má gera úr hinum ýmsu afgöngum.“

Enn er þessi hönnun Guðbjargar á tilraunastigi en hana langar að þróa hönnun sína enn frekar og minna um leið á endurnýtingu og endurvinnslu. „Við verðum að nýta þennan dýrgrip sem við höfum í höndunum.“

Þeir sem vilja vita meira geta sent Guðbjörgu tölvupóst á gudbjorg.rut@gmail.com.

**solveig@365.is**



**HÖNNUÐUR** Guðbjörg starfar hjá Fataflokkun Rauða krossins þar sem falla til fjölmargar illa farnar lopapeysur. Þær nýtir Guðbjörg til að búa til nýjar flíkur. MYND/VALLI


MIÐNÆTUROPNUN KRINGLUNNAR
20% AFSLÁTTUR AF L'ORÉAL
Á MIÐNÆTUROPNUN KRINGLUNNAR,
Í TILEFNI AF ÞVÍ AÐ L'ORÉAL ER NÚ
KOMIÐ Á 2. HÆÐ Í HAGKAUP KRINGLU.
L'ORÉAL
PARIS
HAGKAUP
Ein ferð betra verð










# SKEMMTILEGASTI DAGUR ÁRSINS

**MIÐBORGARVAKA** *Efnt verður til Miðborgarvöku á Laugavegi í dag og verður opið til 22 í öllum verslunum. Anna Kristín Magnúsdóttir, eigandi Kjóla og konfekts, segir Miðborgarvöku að hausti einn skemmtilegasta viðburð ársins.*

Verslunareigendur í miðborginni bjóða upp á veitingar og uppákomur og verða með ýmis tilboð í tilefni Miðborgarvöku í dag. Undanfarin ár hefur verið efnt til Miðborgarvöku að vori og hausti en haustvakan er yfirleitt haldin um svipað leyti og Airwaves. Það verður því án efa líf í bænum enda fjöldi tónleika á dagskrá.

Anna Kristín Magnúsdóttir, eigandi verslunarinnar Kjóla & konfekts á Laugavegi 92, segir Miðborgarvöku einn skemmtilegasta dag ársins hjá verslunareigendum í miðborginni. „Það er svo ótrúlega mikið líf hérna í bænum og flestallar verslanir með einhverja viðburði. Við verðum með plötusnúða og 15 prósent afslátt af öllum vörum svo dæmi séu nefnd.“

Anna Kristín segir þúsundir innlendra og erlenda gesta í bænum í tengslum við Airwaves og að fólki finnist Miðborgarvakan algert ævintýri. „Það hefur myndast notaleg stemning og allir eru svo glaðir. Margir nýta jafnframt tilboð og afslætti og hefja jólagjafakaupin.“ Anna Kristín segir Airwaves-gesti mjög áhugasama um íslenska hönnun og tísku og keppast þeir um að finna séríslenska vöru til að skarta á hátíðinni.

Kjólar & konfekt var opnuð í desember fyrir tveimur árum. „Við erum svolítið ofarlega á Laugaveginum sem er ört vaxandi svæði. Við gætum ekki verið ánægðari enda hafa viðtökurnar verið frábærar,“ segir Anna Kristín.

Í versluninni eru bæði innfluttir kjólar og kjólar sem eru saumaðir á staðnum, auk barnakjóla. Anna Kristín segir leitast við að vera með kjóla sem henta öllum. „Við pössum okkur á að bjóða upp á fjölmörg snið og sanngjarnt verð. Við erum með allt frá tjullkjólum yfir í mikið úrval af svörtum kjólum fyrir jafnt hversdagsleg sem fínni tilefni.“



**ALLIR GLAÐIR** Anna Kristín Magnúsdóttir segir stemninguna á Miðborgarvöku notalega. Hún segir Airwaves-gesti mjög áhugasama um íslenska hönnun og tísku og keppast þeir um að finna séríslenska vöru til að skarta á hátíðinni.

# LEA T MEÐ SAMNING VIÐ REDKEN

Brasilíska fyrirsætan Lea T hefur brotið á bak aftur margar hindranir og fordóma í tískuiðnaðinum. Hún er músa og fyrrverandi aðstoðarkona Riccardo Tisci hjá Givenchy en hefur nú skrifað undir meiriháttar samning um að gerast andlit Redken. Ástæðan fyrir því að þetta þykir frásagnarvert er að Lea T er transkona.

Lea T, sem er einnig mikil baráttukona gegn einelti, er fyrsta transfyrirsætan sem landar samningi við jafn þekkt merki og Redken. Fyrirsætan er þekkt fyrir þykkan og fallegan makkann og því ekki að furða að Redken hafi sóst eftir samningi við hana.

Redken-samningurinn er í raun aðeins nýjasti sigur Leu T í tískubransanum. Hún hefur birst í fjölmörgum auglýsingum Givenchy og kyssti meðal annars Kate Moss á forsíðu Love magazine.



**FYRIRSÆTA OG TRANSKONA** Lea T hefur verið áberandi í tískuheiminum undanfarið en hún er músa Riccardo Tisci hjá Givenchy og hefur setið fyrir í ófáum auglýsingum fyrir tískurisann.


Opið til
miðnættis í kvöld
í Kringlunni
25%
AFSLÁTTUR AF ÖLLU
VORUM AÐ FÁ NÝJAR VÖRUR
evans.
TOPSHOP
WAREHOUSE
KAREN MILLEN
DOROTHY PERKINS

# RETRO SÓFAR

TILBOÐSVERÐ Í NOKKRA DAGA

GILDIR 6 - 15 NÓVEMBER



TILBOÐSVERÐ 139.900

RETRO SÓFI 170 CM kr. 169.900



TILBOÐSVERÐ 139.900

RETRO SÓFI 170 CM kr. 169.900

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM PÚÐM

GILDIR 6 - 15 NÓVEMBER



Dupion 50X50 kr. 7.990

TILBOÐSVERÐ 6.880

TILBOÐSVERÐ 6.390

Vintage velvet 50X50 kr. 8.600

LÍNAN

BÆJARLIND 16 - KÓPAVOGUR - SÍMI 553 7100 - WWW.LINAN.IS
OPIÐ MÁNUDAGA TIL FÖSTUDAGA 12 - 18 LAUGARDAGA 11 - 16




FRIDA



NOSTRUM



FLUGA DESIGN

# HÖNNUÐIR SÝNA

**HÖNNUN** *Íslenskir listamenn og hönnuðir kynna vörur sínar í Ráðhúsi Reykjavíkur um helgina. Hönnun og handverk fer nú fram áttunda árið í röð.*

Sýningin Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur hefst í dag. Rúmlega fimmtíu listamenn og hönnuðir taka þátt og meðal þess sem hægt er að skoða eru skartgripir, fatnaður, leðurvörur og skór, handspunnið band, munir úr horni og beini, trémunir og keramik svo eitthvað sé nefnt. Þátttakendur eru á staðnum og kynna sjálfir vörur sínar.

Þetta er í tólfta sinn sem Handverk og hönnun stendur fyrir og skipuleggur þennan viðburð en sýningin var haldin í fyrsta sinn árið 2006. Á sýningunni verða Skúlaverðlaunin einnig afhent í sjöunda sinn, fyrir besta nýja hlutinn á sýningunni. Verðlaunin, sem styrkt eru af Samtökum iðnaðarins, verða afhent á opnunardeginum þann 6. nóvember.

Sýningin er opin í dag frá klukkan 16 til 19 og frá föstudeginum 7. til mánudagsins 10. nóvember er hún opin milli klukkan 10 og 18.

Hægt að kynna sér þátttakendur á síðunni www.handverkoghonnun.is/radhusid.



SES DESIGN



HALLDORA



DJULSDESIGN


Barnaheill
Save the Children á Íslandi

vissir þú að...
Ofbeldisfullir tölvuleikir
hafa áhrif á börn.




HELGA ÓSK EINARSDÓTTIR



VARPIÐ

# HÚÐVÖRUR

FIMMTUDAGUR **6. NÓVEMBER 2014** | **Kynningarblað**



## Góð ráð í kuldanum

**Þegar kalt er í veðri og bætir í vind tapar húðin raka sem mikilvægt er að bæta henni upp.**
**SÍÐA 2**

## Þróaðar af húðlæknum

**Húðvörurnar frá Neostrata eru þróaðar af húðlæknum og framleiddar eftir ströngustu gæðakröfum.**
**SÍÐA 3**

## Helstu óvinir húðarinnar

**Reykingar, sólböð og lélegt mataræði eru helstu óvinir húðarinnar.**
**SÍÐA 4**

# Mikilvægt að viðhalda raka

Nú þegar hitatölurnar fara lækkandi, menn kynda meira og bætir í vind hefst baráttan við að halda húðinni heilli og heilbrigðri. Mikilvægast er að bæta húðinni upp þann raka sem hún tapar í kulda og trekki.

Þurrt og kalt vetrarloftið gengur á olíubirgðir húðarinnar sem dregur úr raka hennar. Þá getur kláði farið að gera vart við sig og þurrkur og jafnvel hreistur myndast. Eins geta húðsjúkdómar eins og exem og psoriasis blossað upp eða versnað. Fari sprungur að myndast komast bakteríur frekar inn í húðina sem getur valdið bólgu og þrota og þeir sem glíma við húsjúkdóma verða oft varir við versnandi einkenni. Til að draga úr líkum á vandamálum þarf að hugsa sérstaklega vel um húðina yfir köldustu vetrarmánuðina. Hér fara nokkur góð ráð.



Best er að bera á húðina beint eftir sturtu á meðan hún er ennþá rök.

### 1. Klæðið ykkur vel

Veljið skjólgóðar útiflíkur. Ekki gleyma höndum, hálsi og andliti. Ískaldur vindur getur hæglega ýtt undir þurrk. Sniðgangið ertandi fatnað sem klæjar undan,

### 2. Ekki vera of lengi í sturtu eða baði

Það er freistandi að standa lengi undir heitri sturtunni eða að liggja í heitu baði þegar kalt er í veðri en löng og heit böð eru ávísun á þurra húð.

**a)** Farið frekar í eins stutta sturtu og mögulegt er og hafið bununa aðeins volga.

**b)** Notið sápu fyrir viðkvæma húð. Slíkar sápur eru minna ertandi.

**c)** Ekki þurrka húðina of harkalega.

**d)** Berið rakakrem á húðina á meðan hún er ennþá rök. Veljið lyktarlaust ofnæmisprófað krem í feitari kantinum.

### 3. Byrjið að bera á húðina um leið og kólnar í veðri

Best er að fyrirbyggja vandamál með því að bæta húðinni strax upp þann raka sem hún tapar í þurru og köldu veðri. Karlmenn eru oft tregir til að bera á sig krem en þeir þurfa ekki síður á því að halda en konur. Best er að bera á sig eftir bað og byrja á vandamálasvæðum. Sumir sem glíma við húðvandamál bera á sig og vefja svo plastfilmu utan um sérlega slæm svæði og leyfa henni að vera í um hálfa klukkustund. Það tekur vissulega tíma en linar þjáningar og húðin verður silkimjúk.



Karlmenn þurfa ekki síður að bera á sig en konur.

### 4. Hugið að heilsunni

Ónæmiskerfið á þátt í myndun psoriasis og exems og því er mikilvægt að reyna að styrkja það og bægja pestum og öðrum ófögnuði frá. Viðkvæmir ættu að huga að flensusprautu en auk þess er gott að þvo hendur reglulega, taka nauðsynleg vítamín og fá nægan nætursvefn. Streita og óhollt mataræði geta líka haft slæm áhrif á húðina.

*Heimild: health.com*

## *Hvernig húðgerð ert þú með?*

Húðin er stærsta líffærið og verður óhjákvæmilega fyrir áhrifum af lífsstíl okkar og utanaðkomandi áreiti, hverju við látum ofan í okkur og því sem við berum á okkur. Nauðsynlegt er að vita hvers konar húðgerð við erum með til að hugsa sem best um húðina og velja réttu efnin.



- Fjarlægið allan farða af andlitinu. Þvoið andlitið vel með mildri andlitssápu og vatni og þerrið. Ekki fara þó offari í þvottinum.
- Látið húðina jafna sig. Klukkustund ætti að gefa húðinni tíma til að ná því ástandi sem er henni eðlilegt. Ekki snerta andlitið á þér meðan þú bíður.
- Þrýstið létt á húðina með bréfþurrku. Farið vel yfir T-svæðið á andlitinu, það er ennið og niður nefið og hökuna.
- Greinið nú húðgerðina með því að horfa vel í spegilinn og skoða bréfþurrkuna. Yfirleitt er húðgerð skipt niður í fjóra flokka, Venjuleg, feit, þurr og blönduð.
- Venjuleg húðgerð skilur ekki eftir sig fitu í bréfþurrkunni. Hún ætti að vera fyllt og mjúk viðkomu.
- Feit húð skilur eftir sig fitu í bréfþurrkunni. Algengt er að feit húð glansi aðeins og svitaholurnar eru vel sýnilegar.
- Þurr húð gæti verið örlítið stíf og jafnvel flagnað. Yfirleitt eru svitaholurnar smáar í þurri húð. Nauðsynlegt er veita þurri húð raka.
- Blönduð húð er algengasta húðgerðin. Hún hefur einkenni allra hinna þriggja, er oftast feit á T svæðinu en venjuleg eða þurr annars staðar á andlitinu.

*Heimild: www.wikihow.com*













**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Jónatan Atli Sveinsson, jonatan@365.is, s. 512-5446 **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

# Húðvörur sem húðlæknar mæla með

**Neostrata-húðvörurnar eru þróaðar af húðlæknum og framleiddar eftir ströngustu gæðakröfum. Þær innihalda ekki ilmefni og eru ofnæmisprófaðar. Neostrata-vörurnar gefa húðinni jafnari hörundslit og heilbrigt og frísklegt yfirbragð.**

Neostrata-húðvörurnar innihalda efni sem kallast ávaxtasýrur, en rannsóknir sýna að þær hafa verulega bætandi áhrif á húðina. AHA-sýrur (alpha-hydroxy acids) og PHA (poly-hydroxy acids) eru einstakir rakagjafar og flýta fyrir endurnýjun húðfrumnanna. „Þannig vinna Neostrata-húðvörurnar gegn ótímabærri öldrun húðarinnar, þurrki og skemmdum í húð af völdum sólarljóss,“ segir Guðrún Einarsdóttir, sölufulltrúi Icepharma, sem er með umboð fyrir Neostrata-húðvörurnar. „Neostrata-húðvörurnar gefa húðinni jafnari hörundslit og heilbrigt og frísklegt yfirbragð. Þær eru þróaðar af húðlæknum og framleiddar eftir ströngustu gæðakröfum en eru ekki prófaðar á dýrum, innihalda hvorki ilmefni né lit og eru ofnæmisprófaðar.“

Þær Neostrata-húðvörur sem innihalda sterka AHA-sýru (glycolic acid) hafa um árabil verið notaðar af húðlæknum með góðum árangri við ýmsum húðvandamálum. „Þessar húðvörur innihalda átta til tuttugu prósent AHA-sýru og fást í apótekum gegn ávísun frá lækni. Húðlæknar veita auk þess áhrifaríkar sýrumeðferðir með allt að sjötíu prósent styrk. Efnin komast þannig dýpra inn í húðina og örva nýmyndun bandvefs sem oft leiðir til þess að yfirborð húðarinnar verður sléttara og fínlegra,“ útskýrir Guðrún.

### Hvað eru ávaxtasýrur?

AHA- og PHA-sýrur eru einstakir rakagjafar og flýta fyrir endurnýjun húðfrumnanna og vinna því gegn ótímabærri öldrun húðarinnar, þurrki og skemmdum í húð af völdum sólarljóss.

Glycolic-sýra er eitt af innihaldsefnum sykurreyrs. Glycolic-sýra hefur minnstu sameindina af AHA-fjölskyldunni og fer því hraðast inn í húðina. „Rannsóknir sýna að Neostrata-húðvörur sem innihalda glycolic-sýru og eru notaðar í daglegri umhirðu draga úr fínum línum, hrukkum og gefa húðinni heilbrigt útlit.“

Gluconolactone er önnur kynslóð af ávaxtasýrum. Gluconolactone er PHA-sýra sem er náttúrulegt andoxunarefni og segir Guðrún hana vera einstakan rakagjafa. „Gluconolactone ertir ekki húðina og hæfir öllum húðgerðum, einnig viðkvæmri húð. Neostrata-húðvörur sem innihalda gluconolactone gefa húðinni jafnara og frísklegra yfirbragð.“

Lactobionic-sýra er samsett PHA-sýra sem er afleiða laktósa (mjólkursykurs) og gluconicsýra. „Lactobionic-sýra er áhrifaríkt andoxunarefni með einstaka rakamyndandi eiginleika sem mýkja og slétta húðina.“

„Sítónusýra eða citric acid er sýra sem notuð er bæði í mat og snyrtivörur. Andoxunareiginleiki hennar hjálpar til við að minnka eyðileggjandi áhrif sólar og mengunar. Rannsóknir sýna að citric acid dregur úr öldrun húðarinnar og minnkar fínar línur og hrukkur,“ segir Guðrún.



Guðrún segir Neostrata-húðvörurnar meðal annars vinna gegn ótímabærri öldrun húðarinnar. MYND/GVA

Hún bætir við að mandelic-sýra sé sýra sem dragi úr olíuframleiðslu í húðinni. „Auk þess hefur hún bakteríueyðandi áhrif og hentar því óhreinni húð. Rannsóknir sýna að mandelic-sýra dregur úr öldrun húðarinnar.“

***Neostrata-húðvörur sem innihalda PHA-sýrur eru seldar í apótekum. Þær henta öllum húðgerðum, einnig viðkvæmri húð.***

***Neostrata-húðvörur sem innihalda AHA-sýrur fást í apótekum gegn ávísun frá lækni.***

## *Neostrata fyrir feita og bólótta húð*

**Neostrata-húðvörur sem henta feitri og/eða bólóttri húð, sem hætt er við blettum og útbrotum, leysa upp óhreinindi og halda húðfitu og opnum fitukirtlum í skefjum. Þrjár vörur frá Neostrata henta feitri og erfiðri húð.**

### Spot treatment gel

Neostrata spot treatment gel inniheldur 2% salisýlsýru, neohydroxy complex, sem er einstök samsetning af AHA-sýrum, auk A-vítamíns. Spot treatment gel hreinsar bólótta húð, dregur úr bólumyndun, auðveldar endurnýjun frumnanna og bætir útlit húðarinnar. Hlaupið er borið á bólur sem eru að myndast. Spot treatment gel má nota eitt og sér eða samhliða öðrum Neostrata-vörum. Hlaupið er í handhægum umbúðum sem fara vel í vasa eða tösku.







### Clarifying facial cleanser

Bakteríueyðandi, freyðandi og rakagefandi húðhreinsir sem inniheldur hvorki sápu né ilmefni. Húðhreinsinn má nota á allar húðgerðir. Hann er sérstaklega góður fyrir feita og bólótta húð, hæfir einnig vel húð sem þolir ekki sápu. Clarifying facial cleanser inniheldur bakteríueyðandi efni (triclosan), mýkjandi jurtakraft (chamomile), auk PHA-sýru (4% gluconolactone) en hún er náttúrulegt andoxunarefni sem gefur húðinni góðan raka.

### Sheer hydration SPF 15

Létt og olíulaust húðkrem sem bæði jafnar húðina og kemur í veg fyrir sjáanleg öldrunarmerki á húð. Kremið hentar húð sem er í eðli sínu feit eða viðkvæm fyrir röku loftslagi. Phytotal, sem er náttúruleg blanda, hjálpar til við að minnka fitu í húðinni, án þess að erta hana. Inniheldur einnig NeoGlucosamine, en það er vísindalega sannað að NeoGlucosamine hjálpar til við að minnka sjáanlega dökka öldrunarbletti og graftarbólur og um leið bætir það áferð húðarinnar og gerir hana stinnari. Fjölvirk UVA/UVB-sólarvörn ver húðina gegn öldrun. Kremið er væntanlegt í sólarvarnarstuðli SPF-35.




## *Neostrata við rósroða*

**Neostrata-vörur eru góðar við umhirðu húðar sem hætt er við rósroða, með öflugum efnum sem vinna gegn sýnilegum einkennum öldrunar á viðkvæmri og auðertri húð.**




### Facial cleanser - pha 4

Þessi hreinsir hentar jafnt fyrir venjulega húð og þeirri sem hætt er við rósroða. Inniheldur hvorki olíu né sápu og hreinsar húðina án þess að þurrka hana. Mildur en áhrifaríkur húðhreinsir sem gefur húðinni raka. Hreinsar húðina og fjarlægir farða án þess að raska eðlilegri húðfitu. Hæfir öllum húðgerðum, einnig viðkvæmri og þurri húð.

### Bio-hydrating cream - pha 15

Bio-hydrating cream-PHA 15 vinnur gegn ótímabærri öldrun húðarinnar, gefur húðinni endingargóðan raka og næringu og yfirbragð hennar verður mýkra, frísklegra og jafnara. Enn fremur getur regluleg notkun dregið úr fínum línum. Bio-hydrating cream inniheldur háan styrk af PHA-sýru (15% gluconolactone) auk E-vítamíns.




## *Neostrata fyrir venjulega húð*

**Neostrata-vörur fyrir venjulega húð henta öllum húðgerðum og fólki á öllum aldri. Þessar vörur er hægt að nota ásamt húðslípun, leysigeislameðferð og öðrum húðaðgerðum sem krefjast þess að húðin fái bestu hugsanlega umhirðu.**







### Bionic Face Cream - pha 12

Bionic Face Cream - PHA 12 vinnur gegn ótímabærri öldrun húðar, endurnýjar húðfitu og yfirbragð húðarinnar verður mýkra og frísklegra. Hentar mjög vel eftir sterka sýrumeðferð, húðslípun og leysigeislameðferð. Regluleg notkun getur dregið úr fínum línum og gefur húðinni jafnara yfirbragð. Bionic Face Cream inniheldur tvær PHA-sýrur (8% gluconolactone, 4% lactobionic acid) auk E-vítamíns. Þetta eru þrjú andoxunarefni sem gefa húðinni góðan raka og vernda hana gegn sindurefnum.

### Daytime Protection Cream spf 23 - pha 10

Rakagefandi, olíulaust krem sem gefur húðinni góðan raka og veitir vörn gegn UVA- og UVB-geislum sólar. Daytime Protection Cream inniheldur tvær PHA-sýrur (8% gluconolactone, 2% lactobionic acid) auk E-vítamíns sem nærir húðina og mýkir. Enn fremur verndar E-vítamín húðina gegn skemmdum af völdum útfjólublárra geisla. Gefur húðinni heilbrigt og ferskt útlit.




### Facial cleanser - pha 4

Inniheldur hvorki olíu né sápu og hreinsar húðina án þess að þurrka hana. Mildur en áhrifaríkur húðhreinsir sem gefur húðinni raka. Hreinsar húðina og fjarlægir farða án þess að raska eðlilegri húðfitu. Hæfir öllum húðgerðum, einnig viðkvæmri og þurri húð.



## ÓVINIR HÚÐARINNAR

**Verstu óvinir** húðarinnar eru reykingar, sólböð og lélegt mataræði. Þetta þrennt eykur öldrun húðarinnar. Þá er vitað að stress getur fjölgað hrukkum. Þeir sem eru stressaðir eru líka í meiri hættu að fá exem og útbrot. Góður svefn er þar fyrir utan lykillinn að fallegri húð.

**Strax eftir** tvítugt minnkar kollagen í líkamanum og húðin byrjar að eldast. Mikilvægt er að huga vel að húðinni frá unga aldri, sérstaklega verja hana gegn útfjólubláum geislum sólarinnar. Ef maður vill ekki verða hrukkóttur er ekki ráðlegt að vera mikið í sól. Notið sólvarnarkrem til varnar hrukkum og ekki síður húðkrabbameini.

**Matvörur skipta** máli fyrir húðina. Andoxunarefni í fennel, negul, pipar og kanil eru góð fyrir húðina. Sömuleiðis ýmis ber, eins og bláber, krækiber, jarðarber og fleiri tegundir. Grænt te er einnig gott fyrir húðina og getur hægt á öldrun hennar. Fiskiolía, omega-3, er húðinni nauðsynleg, sérstaklega á það við þá sem þjást af húðvandamálum, exemi og húðþurrki. Fólki með þurra húð er ráðlagt að forðast sápu og ekki fara í of heita sturtu. Berið gott rakakrem á þurra húð.



## STREITA STRESSAR HÚÐINA

**Streita hefur** neikvæð áhrif á húðina. Ástæðan er streituhormónið kortisól sem leysist úr læðingi þegar stressið verður of mikið.

Hormónið getur haft ýmis áhrif á húðina. Til dæmis þornar húð upp og tapar ljóma. Þá hækkar kortisól blóðsykurinn sem leiðir til ferlis sem skemmir kollagen og elastín sem halda húðinni sléttri og fínni. Þetta getur leitt til skemmda í húðinni auk þess sem stöðugar streitugrettur mynda línur í enni.

Roði í húð er eitt af einkennum streitu. Hann verður vegna aukins blóðflæðis sem þenur út háræðar í andlitinu.

Streita eykur bólgur sem leiða til bólumyndunar.

Streita leiðir af sér svefnlausar nætur sem aftur geta leitt til bauga og þrútinna augna.

## HEIMAGERÐUR MASKI

**Lárpera eða avókadó** er nokkurs konar náttúrulegt rakakrem. Það er ríkt af hollri fitu og E- og C-vítamínum og er gott fyrir líkamann hvort sem er að innan eða utan, það borðað eða borið á húðina. Avókadó hefur verið notað í gegnum árin sem náttúruleg húðmeðferð, sérstaklega fyrir þá sem eru með þurra húð.

Auðvelt er að búa til avókadómaska heima hjá sér. Þá er einu avókadó stappað saman við örlitla mjólk og haframjöl. Þegar allt er orðið vel blandað saman er maskinn borinn á hreint andlitið og hann látinn vera á í tíu mínútur. Hreinsið svo vel af með nægu vatni.








GUERLAIN
UN SOIR
À L'OPÉRA
MAKE-UP COLLECTION
NOËL / CHRISTMAS 2014
COQUE D'OR
20% afsláttur af Guerlain
dagana 6.–9. nóvember í Lyfjum & heilsu Kringlunni.
Ráðgjafi verður á staðnum og veitir faglega ráðgjöf
ásamt því að kynna glæsilegar nýjungar úr jólalínunni.
Lyf & heilsa
Kringlunni
www.lyfogheilsa.is

# J-LO SKRIFAR UM SANNA ÁST

**JÁTNINGAR** *Jennifer Lopez var að senda frá sér bókina „True Love“ en í henni segir hún frá lélegu sjálfsmati sínu, erfiðleikum í samböndum og hræðslu við að vera ein. Aðdáendur hennar eiga líklega erfitt með að skilja slíkar játningar þar sem söngkonan er þekkt fyrir djarfleika á sviði og er óhrædd við að sýna nekt.*

Jennifer er einstaklega hæfileikarík. Hún er 45 ára kvikmyndaleikkona, söngkona, dansari, fatahönnuður og dómari í American Idol-sjónvarpsþættinum. Jennifer hefur gefið út sjö hljómplötur og hefur unnið til margvíslegra verðlauna fyrir tónlistarflutning.

Jennifer hefur verið í allnokkrum samböndum en er einstæð tveggja barna móðir í dag. Sambönd hennar hafa jafnan vakið athygli, enda herrarnir þekktir, Ojani Noa, Cris Judd, Sean Combs, Ben Affleck og Marc Anthony. Börn hennar, Max og Emme, eru tvíburar fæddir árið 2008. Jennifer segist hafa lært mikið um sjálfa sig á meðan hún skrifaði bókina en um sama leyti var hjónaband hennar og Marcs Anthony til átta ára að leysast upp. Hún viðurkennir að skilnaðurinn hafi verið mjög erfiður. „Ég hélt ég væri sterk stelpa úr Bronx-hverfinu en annað hefur komið í ljós,“ sagði Jennifer í viðtali við hina þekktu fréttakonu Mariu Shriver í þættinum Today á NBC-sjónvarpsstöðinni. Jennifer sagði að eftir skilnaðinn hefði hún sökkt sér á kaf í skemmtanabransann og reynt af öllum mætti að ná góðum árangri þar.

Gagnrýnendur segja að Jennifer Lopez hafi aldrei litið betur út. Myndir sem teknar voru af henni um helgina á gala-hátíð í Los Angeles í síðum, flegnum og glitrandi Gucci-kjól hafa birst um allan heim. Á gala-kvöldinu var leikstjórinn Quentin Tarintino heiðraður. Ekki er langt síðan Jennifer var umtöluð og gagnrýnd fyrir nýtt tónlistarmyndband með laginu Booty þar sem rassinn er í aðalhlutverki. Eitt er víst að hún er ekkert feimin við að sýna líkamann hálfnakinn. Hún er ríkasta leik- og söngkona af suðuramerískum ættum í Hollywood.



**Í GUCCI-KJÓL** Jennifer vakti athygli um síðustu helgi í þessum glitrandi kjól á heiðurshátíð í Los Angeles. MYNDIR/GETTY

**KLÆDD** Þarna er J-Lo á leið í upptöku á American Idol en heldur meira klædd en venjulega.

**Í VIÐTALI** Á leið í viðtal í fyrradag á NBC-sjónvarpsstöðinni í New York.

**AMERICAN IDOL** Á leið í Idolið í Los Angeles fyrir nokkrum dögum.

**Í NEW YORK** Þessi mynd var einnig tekin í fyrradag í Soho-hverfi í New York.

**ÓFEIMIN** Jennifer Lopez hefur verið gagnrýnd fyrir myndband með nýjasta laginu Booty þar sem rassinn er í aðalhlutverki.


## Hin frábæru útdregnu verðlauna hlið frá dreambaby fáanleg á Íslandi

**Dreambaby býður upp á ýmsar lausnir til að vernda börn fyrir slysum í heimahúsum.**

Að vernda barnið á heimilinu er forgangsverkefni allra foreldra og mikilvægt er því að geta takmarkað aðgang barna að vissum stöðum eins og að stigum og eldhúsi og jafnvel utandyra.

Útdregna hliðið frá Dreambaby er einstaklega létt og endingargott. Hliðið er hannað til að passa í op sem er allt upp í 140cm á breidd. Hliðið fæst annað hvort í svörtu eða hvítu og rúllast upp þegar það er ekki í notkun svo það tekur ekkert óþarfa pláss.

Einnig býður dreambaby upp á margar gerðir af skápa- og skúffu læsingum, hornhlífar, gúmmímottur í baðið, gardínu- og rafmagnssnúrustyttir, flatskjás og hillufestingar, baðsæti og ýmsilegt fleira.





**Kíkið á okkur á facebook undir Dreambaby öryggisvörur**
https://www.facebook.com/DreambabyOryggisvorur

atc. ARCTIC TRADING COMPANY

dreambaby growing safely




**FRÆG OG FLOTT** Þau Lady Gaga og Tony Bennett í H&M-fötum. MYND/H&M

# LADY GAGA OG TONY BENNETT Í AUGLÝSINGUM H&M

Hinir heimsfrægu tónlistamenn Lady Gaga og Tony Bennett verða andlit H&M-verslanakeðjunnar fyrir jólin. Þetta heiðurspar gaf nýlega út hljómplötuna Cheek to Cheek sem þegar hefur vakið mikla athygli. Bæði Lady Gaga og Tony Bennett komu til Íslands árið 2012. Bennett var með vel heppnaða tónleika í Hörpu en Lady Gaga kom til að taka við alþjóðlegri viðurkenningu úr Lennon-Ono friðarsjóðnum. Það var Yoko Ono sem afhenti viðurkenninguna.

Tony Bennett, sem er 88 ára að aldri, hefur á undanförnum árum gert plötur með ýmsum heimsfrægum yngri söngvurum. Má þar nefna söngkonuna Amy Winehouse en það var síðasta hljómplata söngkonunnar áður en hún lést.

Auglýsingar fyrir hljómplötu Bennetts og Lady Gaga urðu forráðamönnum H&M innblástur til að horfa til þess glamúrs og skemmtanalífs sem var í kringum 1940. Jólatískan ber keim af þessum tíma. Aldrei áður hefur H&M notað andlit manns á níræðisaldri í auglýsingum.






**SKOKKUR**
ÁÐUR 5.990
NÚ 3.990
ein stærð



**PILS**
ÁÐUR 3.990
NÚ 1.990
stærðir 36-52



**GOLLA**
ÁÐUR 4.990
NÚ 3.490
stærðir 36-56



**KJÓLL**
ÁÐUR 10.990
NÚ 3.990
stærðir S-XXXL



**SÍÐUR BOLUR**
ÁÐUR 6.990
NÚ 3.490
stærðir 38-50



**GOLLA**
ÁÐUR 6.990
NÚ 4.490
stærðir 36-54



**BOLUR**
ÁÐUR 2.990
NÚ 1.990
stærðir 38-50



**TÚNIKA**
ÁÐUR 8.990
NÚ 3.990
stærðir 42-54



**GOLLA**
ÁÐUR 5.990
NÚ 3.490
ein stærð



**LEGGINGS**
ÁÐUR 2.990
NÚ 1.990
stærðir 36-56



**SÍÐUR BOLUR**
ÁÐUR 6.990
NÚ 3.490
stærðir 38-50

Fylgstu með Tískuhúsi Zik Zak á Facebook    1. hæð Kringlunnar    Sími: 551-1314

## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílalíf



**TILBOÐ 1.990.000.-**
NISSAN MURANO 3.5.Árg.'07,ek. aðeins 83.þ km,bensín, sjálfsk. leður,topplúga ofl,litur vel út,er á staðnum.Rnr.352054.



**100 % LÁN MÖGULEGT**
TOYOTA YARIS SOL.Árg.'00,ek. aðeins 144.þ km,mikið endurnýjaður,sjálfskiptur,er á staðnum.Tilboð 590.000.- Rnr.104894.



**100 % LÁN MÖGULEGT**
MAZDA 2.Árg.'07,ek.134.þ km,bensín,5 gírar,er á staðnum. Tilboð 990.000.- Rnr.105044.



**100 % LÁN MÖGULEGT**
VW PASSAT STATION.Árg.'05,ek. aðeins 103.þ km,bensín, sjálfskiptur,er á staðnum.Tilboð 990.000.- Rnr.351919.



**DÍSEL - SJÁLFSKIPTUR**
SKODA Octavia ambiente dísel. Árgerð 2007, ekinn aðeins 126þ. km. dísel, sjálfskiptur. Lítur vel út! Tilboðsverð 1.790þ. Rnr.104418. Er á staðnum - Bílalíf



**100 % LÁN MÖGULEGT**
TOYOTA COROLLA VVTI. Árg.'01,ek.aðeins 179.þ km,litur vel út,sjálfskiptur,er á staðnum.Verð aðeins 490.000.- Rnr.104963.



**100 % LÁN MÖGULEGT**
MMC LANCER WAGON. Árg.'04,ek.173.þ.km,bensín,5 gírar,litur vel út,er á staðnum.Verð aðeins 590.000.Rnr.105067.

**Bílalíf**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

TOYOTA
Toyota Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotakletthalsi.is



TOYOTA Land cruiser 150 gx leður. Árgerð 2014, ekinn 31 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 10.350.000. Rnr.204279.

**Toyota Kletthálsi**
**Kléttháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 570 5220**
**Opið virka daga 9-18, lau 12-16.**
**www.toyotakletthalsi.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



Kia Sportage EX 4wd. Árgerð 2013, ekinn 35 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.290.000. Rnr.990958. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



TOYOTA Yaris sol. Árgerð 2012, ekinn 18 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 2.590.000. Rnr.990929.



SUZUKI Grand vitara. Árgerð 2009, ekinn 66 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.190.000. Rnr.240150. TILBOÐ NÚ kr: 2.790.000,-



MERCEDES-BENZ ML 250 bluetec 4matic. Árgerð 2012, ekinn 20 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.900.000. Rnr.990950.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

STÓRA BÍLASALAN



Subaru Forester Premium Árgerð 2014. Ekinn 26þ.km. Sjálfskiptur. Glæsilegur vagn sem er á staðnum. Verð 4.990þ.kr. Raðnr 156739. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

ÍSBAND.IS
BÍLAINNFLUTNINGUR



**NÝ A-LINER EXPEDITION**
ÚTSALA, A-liner Expedition, Léttur toppur, ísskápur, Truma, álfelgur ofl, ATH aðeins 1 stk eftir á þessu frábæra verði, Verð aðeins 2.490.000kr, Er á staðnum hjá okkur,

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og lau 11-15**
**http://www.isband.is**

bíll.is
bestir í bílum...



**ALGJÖR MOLI**
LAND ROVER Range rover supercharged sport. Árgerð 2007, ekinn 64 Þ.KM Hlaðinn búnaði Verð 5.790.000. Rnr.193645.sími 6952015



**2014 MODEL**
TOYOTA Rav4 gx plus. Árgerð 2014, ekinn 22 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.490.000. Rnr.195095. sími 6952015

**Bíll.is**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**

100bílar.is
bílasala



Toyota Yaris Terra, árg. 5/2005, ek 149þkm, bensín, beinskiptur, Góður bíll og gott eintak, Ásett verð 780þ.kr, Er á staðnum hjá okkur,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00, Lau 11-15**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Isuzu dmax árg. ,07 ek. 111 þ. ný dekk mjög snyrtilega bíll uppl. í síma 8923207.

Til sölu Nissan Maxima árg. 2000. ekinn 250þ. Parfnas smá lagf. Má greiða með vísa eða masterc. kortaláni. Uppl. í s. 776-5625.

Seldur.is

**KAUPUM BÍLA**
**HÆRRA UPPÍTÖKUVERÐ**
Við staðgreiðum bílinn þinn og þú getur þar með fengið staðgreiðsluafslátt af nýja bílnum. Sendu okkur upplýsingar í gegnum www.seldur.is og við sendum þér staðgreiðslutilboð.

## 250-499 þús.



**EYÐIR LITLU - TILBOÐ 320 ÞÚS!**
OPEL ASTRA-G 1,2 ECOTEC árg ,01 ek.151 þús, 5 dyra, bsk, heilsársdekk, sk. 15 tímakeðja, eyðir mjög litlu, ásett verð 450 þús TILBOÐ 320 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni í 36 man s.841 8955

## 500-999 þús.



**TILBOÐSVERÐ 699ÞÚS STGR !!!**
Audi A6 2.4 árg ,01. ek. 187þús km. station. sjálfsk. nýsk. ný vetrardekk. smurbók ásett verð 1.190þús. Tilboðsverð aðeins 699þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. uppl í s:659-9696



**FRÁBÆRT EINTAK!!!**
M.Bens C180 1.8 compact. árg ,02. ek 126þús km. bsk. sk ,15. ný nagladekk. Leður. Topplúga. vel útbúinn, mjög eyðslugrannur. Ásett v:1.490þús. Tilboðsverð aðeins 990þús. vísaláni í boði. uppl í s:659-9696



**TILBOÐ 690 ÞÚS - VÍSLÁN Í BOÐI**
CITRON C4 2006 ek,152 þús, bsk, sk.15, góð vetradekk, mjög góður bíll sem lýtur vel út, ásett verð 890 þús TILBOÐ 690 þús möguleik á 100% vísaláni í 36 man s.841 8955

## Bílar óskast

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**
Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vinnuvélar




**VINNUVÉLADEKK**
Vorum að fá nýja sendingu af vinnuvéladekkjum. Búkolludekk-hjólaskófludekk Ofl Ýmsar algengar Stærðir O.K.Varahlutir S: 6961050 okspares@simnet.is

## Lyftarar



Baumann lyftari (4 way sideloader) árgerð 2007 með aðeins 300 tíma. Lyftir 4 tonnum, 12 metra mastur. Hleðslutæki fylgir. Frábært verð. Uppl.í s. 821 9980.

## Bílaþjónusta




## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Par á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

**SENDIBILL.IS**
Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Nudd

Nuddtilboð/heilsunudd. Sími. 615 3394. Opið frá 10-19.

## Spádómar




## Rafvirkjun




## Toyota Yaris Hybrid Active – Nýir bílar



**Árgerð 2014**
**Sjálfskiptir. Hiti í sætum, hraðastillir, lyklalaust aðgengi o.m.fl..**
**Verð 3.090.000kr.**
**Raðnúmer 156732.**

STÓRA BÍLASALAN
*Sjá nánar á www.stora.is*
**Kletthálsi 2 • 110 Rvk**
**S. 586 1414 • www.stora.is**

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði

**NÝLEG 60M² SAMPYKKT ÍBÚÐ Á ANNARRI HÆÐ AÐ FLATARHRAUNI 7 Í HAFNARFIRÐI.**
Skiptist í eldhúskrók, alrými, stofu, 1 svefnherbergi og baðherbergi m/sturtu og þvottavélaaðstöðu, húsaleigubætur fást á þessa íbúð og hægt að skrá lögheimili. Innifalið í leiguverði er hiti og rafmagn ásamt hússjóð. Leiga pr/mánuð er 130.000 kr. tveir mánuðir fyrirfram við samning. Íbúðin er laus ca. 15.11., óskað er eftir meðmælum og hreinu sakavottorði!

Vinsamlega sendið umsókn á piero@bjb.is

**TIL LEIGU 80-400 FM HÚSNÆÐI MEÐ ALLT AÐ 4M LOFTHÆÐ MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Nýbýlavegi og Auðbrekku (gömlu Toyota húsunum) hentar undir léttan iðnað, heildsölur o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

Til leigu nýleg 2ja herb. íbúð við Norðlingaholt ásamt bílskýli. Leiga 145þús. Trygging 3 mán. Uppl. í s. 663 4141

Til leigu mjög snyrtileg stúdíóíbúð, ca. 40fm, miðsvæðis í Kópavogi, stutt í alla þjónustu. Verð 100 þús.pr.mán + hiti og rafmagn. Uppl. í s. 893 6814 frá kl. 13-21

### Húsnæði óskast

Strætisvagnabílstjóri óskar eftir 2ja herbergja íbúð til leigu. Reglusemi og skilvísar greiðslur. S. 697 8420

### Sumarbústaðir

**Til sölu parhús**



Hellatún í Ásahreppi í Rangárvallsýslu. Parhús (154,4fm)með tveimur íbúðum 67,8fm og 86,6fm, byggt úr holsteini 1944. Húsið stendur á eignarlóð. FRÁBÆRT HÚS Í FERÐAÞJÓNUSTU. Heitt og kalt vatn. Verð 12,9 m skipti koma til greina. Uppl. í s. 845-1300

### Geymsluhúsnæði

**BÚSLÓÐAGEYMSLA NORÐURLANDS**

Geymum búslóðir pakkaðar á Euro brettum. Húsnæðið er upphitað og vaktað. Hvert bretti á 5000 krónur á mánuði. Panta þarf pláss með fyrirvara. Einnig er í boði: langtíma samningur að lágmarki 1 ár á töluvert hagstæðara verði.
**Síma 8922074**
**Búslóðageymsla Norðurlands Ólafsfirði / Akureyri**

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.


**STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS**




vísir
Félag Fasteignasala

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**
ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.
HANDAFL EHF s. 777 2 333


**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

**ÓÐINSGÖTU 4**
SÍMI 570 4500,
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is
www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 1A – HEIL HÚSEIGN



**Frábært fjárfestingartækifæri í hjarta miðborgarinnar.**

**Eignin er samtals 471,0 fermetrar að brúttóflatarmáli, kjallari og fimm hæðir og skiptist þannig:**

- Í kjallara eru geymslur og lagerhúsnæði.
- Á jarðhæð er verslun.
- Á 2. - 5. hæð hússins eru íbúðir.
- Þrennar svalir eru útaf efstu hæð hússins.
- Glæsilegt útsýni til allra átta.
- Á 2., 3. og 4. hæð eru svalir til norðurs.
- Mögulegt er að setja lyftu í stigahús.

Eignin er öll til afhendingar fljótlega þar sem skammtímaleigusamningar eru í gildi um allt hið selda.

**Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.**

## Kögursel 9

**Vel staðsett fjölskylduhús**



**OPIÐ HÚS**

Fimmtudag 6.nóvember
frá **kl.18:00-18:30**

Einkar glæsilegt og vel við haldið 216,9 fm einbýlishús þar af 32 fm. bílskúr við Kögursel í Breiðholti.

Húsið er sérlega rúmgott og vel skipulagt, staðsett innarlega í rólegri götu. Innkeyrsla og inngangur í húsið er hellulagður og með hitalögn. Garðurinn er gróinn og fullfrágenginn með stórum sólpalli.

Verð: **56,9 millj.**



Nánari upplýsingar veitir
**Hilmar Jónasson**
sölufulltrúi
**sími:** 695 9500
hilmar@miklaborg.is



**Óskar R. Harðarson**
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Lágmúla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

**TRAUSTI fasteignasala**



*Kristján Baldursson*
*Hdl. Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari*

## Flókagata 8, 105 Reykjavík




**Opið hús í dag milli kl 17:30 til 18:00**
Steinað parhús á þremur hæðum, samtals 194,9m2 í grónu hverfi í Reykjavík, þar af er 26,9 m2 nýlegur bílskúr. Eldhús er nýlegt og snyrtilegt. Rúmgóð stofa með útgengt út á svalir og út í stóran garð. Baðherbergi hefur nýlega verið tekið í gegn. Nýlegar rennur og þakkantur. Á jarðhæð er 1-2ja herb. íbúð með sérinngangi sem hentar til útleigu. **Verð: 60.5 millj.**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

## TILLAGA AÐ DEILISKIPULAGI ÁSBÚÐAR OG HOLTSBÚÐAR

## FORKYNNING

Í samræmi við 4. mgr. 40. greinar skipulagslaga nr. 123 2010 auglýsir Garðabær hér með forkynningu á tillögu að deiliskipulagi Ásbúðar og Holtsbúðar. Svæðið sem skipulagið nær til eru göturnar Ásbúð og Holtsbúð. Við gerð tillögunnar hefur verið leitast við að viðhalda þeim ákvæðum sem voru hluti af upphaflegu skipulagi Ásbúðar og Holtsbúðar en auk þess eru nú sett ákvæði um nýtingarhlutfall íbúðarhúsa og breytta aðkomu og landnotkun á lóðinni Holtsbúð 87 (fyrrum hjúkrunarheimili).

Deiliskipulagstillagan er sett fram á uppdrætti og í greinargerð.

**Forkynning stendur yfir til 1. desember 2014.**

**Kynningarfundur verður haldinn í Tónlistarskóla Garðabæjar, Kirkjulundi 11, mánudaginn 10. nóvember klukkan 17:15.**

Þar verður tillagan kynnt og fyrirspurnum svarað.

Á meðan á forkynningu stendur er hægt að koma ábendingum til skipulagsstjóra sem einnig mun svara fyrirspurnum um útfærslu tillögunnar. Öllum ábendingum verður komið á framfæri við skipulagsnefnd og bæjarstjórn, en vakin er athygli á því að þær teljast ekki formlegar athugasemdir. Að lokinni forkynningu verður tillagan lögð fram í skipulagsnefnd og vísað þaðan til afgreiðslu bæjarstjórnar. Þegar bæjarstjórn hefur samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi verður það gert með áberandi hætti og gefst þá tækifæri til að gera formlegar athugasemdir við tillöguna innan athugasemdafrests.

Tillagan er aðgengileg á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is og í þjónustuveri Garðabæjar til 1. desember 2014.

**Arinbjörn Vilhjálmsson**
**skipulagsstjóri Garðabæjar.**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is


BYLGJAN Í SAMVINNU VIÐ PRIME OG EITT LAG ENN KYNNA
ÞORLÁKSMESSUTÓNLEIKAR 2014
BUBBI
MORTHENS
BUBBI
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á MIÐI.IS OG MENNINGARHUS.IS
19. DESEMBER
BÍÓHÖLLIN AKRANESI
21. DESEMBER
HOF AKUREYRI
23. DESEMBER
HARPA REYKJAVÍK
prime
BYLGJAN 989
midi.is
HOF
HARPA



2 | KL. 20:10
**Heilsugengið**
Halldóra Sigurðórsdóttir var orðin svo slæm af vefjagigt að hún ákvað að breyta öllu í sínu daglega lífi og hönnuðurinn Sigga Heimis býður okkur heim.

# Fjölbreytt fimmtudagskvöld



2 | KL. 20:35
**Masterchef USA**
Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með hinum alræmda Gordon Ramsey í forgrunni



2 | KL. 22:05
**The Blacklist**
Vandaður spennuþáttur með James Spader í hlutverki hins magnaða Raymond Reddington.



2 | KL. 22:50
**Person Of Interest**
Fyrrverandi leigumorðingi og dularfullur vísindamaður leiða saman hesta sína til þess að koma í veg fyrir glæpi í New York.



G | KL. 22:25
**The Untold Mistery Of The United States**
Stórbrotin heimildaþáttaröð frá Oliver Stone þar sem varpað er nýju ljósi á stórviðburði í sögu Bandaríkjanna.



3 | KL. 20:15
**X Factor UK**
Einn vinsælasti þáttur veraldar er loksins kominn til Íslands. Simon Cowell, Mel B, Cheryl Cole og Louis Walsh skipa dómnefndina.



Krakkastöðin | KL. 18:58
**Lína Langsokkur**
Skemmtileg teiknimynd um sterkustu stelpu í heimi og vini hennar, þau Önnu og Tomma.

Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | | | | | | 8 | 2 |
| | 6 | | | | | 9 | | |
| 1 | | 4 | | 8 | | | | |
| | | 7 | | | | 1 | 9 | |
| | 1 | | | 3 | | 4 | | 8 |
| | 3 | 5 | 9 | | | 7 | | |
| | 8 | | | 7 | 5 | 2 | 3 | |
| | 5 | 2 | | 9 | 8 | 6 | 1 | |
| | | 1 | | | 6 | | | |

MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | 4 | 7 | 6 | | |
| | | | | 1 | 6 | | | 3 |
| | | | | | 3 | 4 | 7 | |
| 9 | | 6 | | | | | 3 | |
| | 1 | | | 2 | 4 | 7 | | |
| 4 | | | | 3 | | | | |
| | | 3 | 1 | 8 | | 2 | 6 | 7 |
| 2 | | | | 6 | | 8 | | |
| 8 | | 9 | 4 | | | | | 5 |

ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | | | 3 | | | | | |
| 6 | | | | | | 8 | | 5 |
| | | 9 | | 6 | | | | |
| 7 | | 6 | 4 | | 3 | | 9 | |
| | | | 8 | | 5 | 6 | 1 | |
| | | 5 | | | 9 | | | 7 |
| | 4 | | | | 7 | | 3 | |
| | | 8 | | | | | | |
| 5 | | | 9 | | | 7 | | 8 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 7 | 9 | 1 | 8 | 4 | 6 | 2 | 5 |
| 2 | 6 | 8 | 3 | 5 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 1 | 4 | 5 | 6 | 7 | 2 | 8 | 9 | 3 |
| 4 | 8 | 1 | 7 | 9 | 3 | 5 | 6 | 2 |
| 5 | 9 | 2 | 8 | 6 | 1 | 7 | 3 | 4 |
| 6 | 3 | 7 | 4 | 2 | 5 | 9 | 1 | 8 |
| 7 | 1 | 6 | 2 | 4 | 8 | 3 | 5 | 9 |
| 8 | 5 | 3 | 9 | 1 | 7 | 2 | 4 | 6 |
| 9 | 2 | 4 | 5 | 3 | 6 | 1 | 8 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 6 | 3 | 5 | 7 | 1 | 9 | 8 | 2 |
| 5 | 7 | 9 | 8 | 2 | 4 | 3 | 1 | 6 |
| 8 | 1 | 2 | 9 | 3 | 6 | 7 | 4 | 5 |
| 7 | 8 | 5 | 6 | 4 | 9 | 2 | 3 | 1 |
| 2 | 4 | 1 | 3 | 5 | 8 | 6 | 7 | 9 |
| 3 | 9 | 6 | 2 | 1 | 7 | 8 | 5 | 4 |
| 6 | 2 | 7 | 4 | 8 | 5 | 1 | 9 | 3 |
| 9 | 5 | 8 | 1 | 6 | 3 | 4 | 2 | 7 |
| 1 | 3 | 4 | 7 | 9 | 2 | 5 | 6 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | 3 | 1 | 4 | 6 | 2 | 9 | 7 |
| 9 | 1 | 7 | 2 | 3 | 5 | 8 | 4 | 6 |
| 2 | 4 | 6 | 7 | 8 | 9 | 3 | 5 | 1 |
| 3 | 6 | 2 | 8 | 5 | 7 | 9 | 1 | 4 |
| 7 | 9 | 8 | 3 | 1 | 4 | 5 | 6 | 2 |
| 4 | 5 | 1 | 9 | 6 | 2 | 7 | 8 | 3 |
| 6 | 3 | 9 | 4 | 2 | 8 | 1 | 7 | 5 |
| 8 | 2 | 4 | 5 | 7 | 1 | 6 | 3 | 9 |
| 1 | 7 | 5 | 6 | 9 | 3 | 4 | 2 | 8 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Velgengni er lélegur kennari. Hún fær klárt fólk til að halda að það geti ekki tapað.“

*Bill Gates.*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** kaups, **6.** klukka, **8.** persónufornafn, **9.** gagn, **11.** í röð, **12.** klingja glösum, **14.** kambur, **16.** mun, **17.** sægur, **18.** tálbeita, **20.** ekki heldur, **21.** afli.

**LÓÐRÉTT**
**1.** áfengisblanda, **3.** kraðak, **4.** land í Suðvestur-Asíu, **5.** sár, **7.** heimilistæki, **10.** fjör, **13.** hjör, **15.** felldi tár, **16.** kóf, **19.** ónefndur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** sölu, **6.** úr, **8.** sín, **9.** nyt, **11.** bd, **12.** skála, **14.** spöng, **16.** ku, **17.** mor, **18.** agn, **20.** né, **21.** fang.
**LÓÐRÉTT: 1.** púns, **3.** ös, **4.** Líbanon, **5.** und, **7.** ryksuga, **10.** táp, **13.** löm, **15.** grét, **16.** kaf, **19.** nn.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Þorsteinn Þorsteinsson (2.242), Taflfélagi Vestmannaeyja, hafði hvítt gegn Jóni Trausta Harðarsyni (2.092), Skákdeild Fjölnis, á Íslandsmóti skákfélaga.**

**Hvítur á leik:**



**54. Bxg7!** (hirðir ekki um að svartur geti vakið upp drottningu með skák) **54....h1D+ 55. Bxh1 Hxh1+ 56. Ke2.** Svartur gafst upp þar sem hann getur ekki hindrað uppkomu f-peðsins hvíta. **www.skak.is:** Unglingameistaramót Íslands (u20) hefst á morgun.

# NÝR 4BLS BÆKLINGUR

## ALLAR HEITUSTU VÖRURNAR Í GLÆSILEGUM BÆKLING

**4BLS BÆKLINGUR**
NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP




ÞÚ ÞARFT BARA AÐ SKANNA QR KÓÐANN • TIL AÐ FÁ NÝJASTA BÆKLINGINN Í SÍMANN ÞINN •

TILBOÐ GILDIR AÐEINS Í 3 DAGA
FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ:)
3 DAGA TILBOÐ
EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST




**SAMSUNG**
**SNJALLÚR GEAR 2 NEO**
**27.900**
ALGENGT VERÐ 29.900

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**OPNUNARTÍMAR**
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

netto




**KUBBAR - SETT**
~~VERÐ ÁÐUR 4.998 KR~~
**3.498 KR**



**GÍTAR OG HLJÓÐNEMI**
~~VERÐ ÁÐUR 6.998 KR~~
**4.898 KR**

# GERÐU JÓLAINNKAUPIN SNEMMA!




**HLJÓMBORÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 2.998 KR~~
**2.098 KR**




**DÚKKUSETT**
~~VERÐ ÁÐUR 2.998 KR~~
**2.098 KR**



**VERKFÆRASETT Í BAKPOKA**
~~VERÐ ÁÐUR 5.998 KR~~
**4.198 KR**




**ELDHÚSSETT**
~~VERÐ ÁÐUR 4.998 KR~~
**3.498 KR**

**Leikfangaútsalan er frá 6. - 17. nóv 2014 eða á meðan birgðir endast**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# 30% AFSLÁTTUR AF VÖLDUM LEIKFÖNGUM




**SKRAP SKRIFSPJALD**
~~VERÐ ÁÐUR 1.998 KR~~
**1.398 KR**




**TESETT**
~~VERÐ ÁÐUR 2.998 KR~~
**2.098 KR**




**BÍLASETT - MÆLABORÐ**
~~VERÐ ÁÐUR 7.998 KR~~
**5.598 KR**




**HERO 5 KUBBASETT**
~~VERÐ ÁÐUR 4.998 KR~~
**3.498 KR**



**KUBBASEETT**
~~VERÐ ÁÐUR 9.998 KR~~
**6.998 KR**




**ARMBANDS SETT**
~~VERÐ ÁÐUR 3998 KR~~
**2.645 KR**



**DÚKKA MEÐ PELA**
~~VERÐ ÁÐUR 3.998 KR~~
**2.798 KR**




**ELDHÚS**
~~VERÐ ÁÐUR 9.998 KR~~
**6.998 KR**




**KUBBAKASTALI**
~~VERÐ ÁÐUR 8.998 KR~~
**6.298 KR**




**NINJA KUBBADÚKKUR**
~~VERÐ ÁÐUR 4.998 KR~~
**3.498 KR**




**TRUKKUR - KUBBAR**
~~VERÐ ÁÐUR 4.998KR~~
**3.498 KR**

**BÍLASETT - KUBBAR**
~~VERÐ ÁÐUR 3.998 KR~~
**2.798 KR**




**SVEITABÆR - KUBBAR**
~~VERÐ ÁÐUR 7.998 KR~~
**5.598 KR**

**VÉLMENNI**
~~VERÐ ÁÐUR 3998 KR~~
**2.798 KR**







**ELDHÚS**
~~VERÐ ÁÐUR 9.998 KR~~
**6.998 KR**




**CHIMA - KUBBAKALLAR**
~~VERÐ ÁÐUR 4.998 KR~~
**3.498 KR**




Fótbolta-spilin og möppurnar eru komnar



**LISTAMAÐURINN** Búi leitar inn á við eftir myndefninu.

# Þetta er mitt abstrakt-DNA

Búi Kristjánsson opnar sýningu í kvöld í Smiðjunni listhúsi í Ármúla 36. Hann leyfir myndlistinni að koma til sín óþvingaðri úr hugskotinu.

„Ég vil frekar að listaverkin tali sínu máli en að ég sé að lýsa þeim í orðum. Allir einstaklingar eiga sitt abstrakt DNA og þetta er mitt,“ segir Búi Kristjánsson myndlistarmaður, þegar hann er spurður út í sýninguna sem hann opnar í Smiðjunni listhúsi í Ármúla 36 í kvöld klukkan 20.

Hann kveðst ekki sækja myndefnið í umhverfið eða annað sem auga hans nemi heldur leiti hann inn á við, í undirmeðvitundina. „Því skíri ég ekki myndirnar heldur gef þeim númer eftir því hvenær hugmyndirnar koma til mín. Þannig verða þær í sjálfu sér að einu konseptverki sem á sér upphaf og ég er ekki farinn að sjá fyrir endann á því,“ útskýrir hann.

Búi hóf myndlistarnám á listasviði FB og hefur síðan lokið námi við Myndlista-og handíðaskólann, Tækniskólann og Háskólann í Reykjavík. Hann hélt tvær sýningar í New York og eina í London á síðustu 18 mánuðum. - gun

# Tveggja heima verk, ólíkt öðrum konsertum sem samdir hafa verið

Meðal atriða á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu í kvöld er klarínettukonsert eftir Svein Lúðvík Björnsson tónskáld. Hann samdi verkið sérstaklega fyrir Einar Jóhannesson klarínettuleikara, það er persónulegt og skrifað frá hjartanu að sögn flytjandans.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is





**TÓNSKÁLDIÐ OG FLYTJANDINN** „Ég held þetta sé alveg heiðarlegt stykki og hlakka mikið til,“ segir Sveinn og Einar kveðst hafa hitt á fallega æð í honum þegar hann stakk upp á að hann skrifaði klarínettukonsert. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þeir eru staddir í Hörpunni, Sveinn Lúðvík Björnsson tónskáld og Einar Jóhannesson klarínettuleikari. Mikið stendur til. Einar er að fara að spila nýjan konsert eftir Svein með sinfóníunni. Sveinn hefur ekki fylgst með æfingum en kveðst engar áhyggjur hafa. „Ég veit þetta verður allt í fína,“ segir hann. „Held þetta sé alveg heiðarlegt stykki og hlakka mikið til.“ Þegar ég bið þá félaga að lýsa aðeins verkinu verður Einar fyrst fyrir svörum:

„Sveinn Lúðvík skrifar mjög persónulega músík, bara frá hjartanu. Þetta er tveggja heima verk, mjög dularfullt, ólíkt öðrum konsertum sem samdir hafa verið. Þegar ég byrjaði að æfa hann fannst mér ég kominn inn í annars manns draum og varð nánast feiminn. En svo gerði ég þennan draum að mínum og fann leið til að koma honum til skila.“

„Ég treysti Einari fullkomlega,“ segir Sveinn Lúðvík. „Hef líka alltaf verið heppinn með flytjendur að mínum verkum, þeir hafa haft áhuga fyrir að gera vel og taka áhættuna með mér.“ Hann segir Caput-hópinn hafa haldið honum uppteknum, líka Kammersveit Reykjavíkur og ýmsa sólóista. „Þetta nýja verk er fyrir stærri hljómsveit en ég hef skrifað fyrir áður – sveitin fær reyndar engin ósköp að gera – það eru helst einhverjar árásir á grey einleikarann!“ Þeir Einar hlæja báðir. „Já, ég sagði áðan að þetta væri eins og draumur en auðvitað er það meira eins og martröð hvernig hljómsveitin fer með mig,“ segir klarínettuleikarinn.

> Sveitin fær reyndar engin ósköp að gera – það eru helst einhverjar árásir á grey einleikarann.

Sveinn Lúðvík hefur alla tíð haft dapra sjón en segir það engin áhrif hafa á tónlistarstörf sín. „Það er ópraktískt að vera sjónskertur en það kemur tónlistinni ekkert við. Ég get skrifað hana með stækkunarforriti í tölvunni.“ Upphaflega lærði hann söng og píanóleik, aðalhljóðfærið varð samt gítar en hann var alveg að fara að svissa yfir í lútu þegar hann ákvað að snúa sér að tónsmíðanámi hjá Atla Heimi Sveinssyni. Atli Heimir hefur kallað hann „ljóðskáldið í hópi tónskálda“ vegna hnitmiðaðra vinnubragða.

Einar kveðst hafa kynnst Sveini Lúðvík fyrir nokkrum árum. „Þá var hann í þeim hugleiðingum að skrifa óperu og ég átti kannski að fá þar eitthvert lítið sönghlutverk. Þetta var mikið drama og mjög spennandi en af ýmsum ástæðum valt það útaf borðinu,“ botnar Sveinn Lúðvík. Einar segist þá hafa spurt Svein Lúðvík í hálfkæringi af hverju hann skrifaði ekki klarínettukonsert. „Ég hitti svona á fallega æð í honum. Nú er komið að frumflutningnum þannig að ég fæ sönghlutverkið gegnum klarínettið!“



**LISTAMAÐURINN** Hverfulleikinn er henni hugstæður.

## Táknrænt mál landakorta

Bryndís Kondrup opnar sýningu í Ketilhúsinu á Akureyri á laugardaginn klukkan 15. Hún nefnir hana Af jörðu – De Terrae og fjallar þar um holdgervingu og hverfulleika.

Bryndís kveðst á síðustu árum hafa sökkt sér ofan í pælingar um lífið og nú haldi hún áfram vegferðinni um lendur tilverunnar. Sýningin er opin þriðjudaga til sunnudaga frá 12 til 17. Aðgangur er ókeypis. - gun

# Syngja Ave Maríur og önnur trúarleg verk

Kvennakórinn Vox feminae heldur tónleika í tilefni allra sálna messu í Fella- og Hólakirkju í kvöld.

„Allra sálna messa er helguð minningu látinna og efnisskráin er í takt við það. Við ætlum að syngja Ave Maríur, messu og önnur trúarleg verk eftir mörg af þekktustu tónskáldum sögunnar. Þar má nefna Bach, Mozart og Schubert,“ segir Hallveig Andrésdóttir, ein hinna tónvissu kvenna í Vox feminae sem syngja í Fella-og Hólakirkju í kvöld undir stjórn Margrétar Pálmadóttur. Guðný Einarsdóttir organisti leikur á píanó og orgel og Victoria Tsarevskaia á selló.

Hallveig segir stærsta verkið á dagskránni vera messu op. 187 eftir Josef Rheinberger. „Við höfum ekki sungið þessa messu fyrr, að undanskildum einum kafla,“ segir hún og hvetur fólk til að koma að hlýða á fagra tóna, kveikja á minningarkerti og minnast látinna ástvina.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30 og miðaverð er 2.000 krónur. - gun



**VOX FEMINAE** *Kórinn hefur víða sungið í helgidómum erlendis. Þessi mynd er tekin fyrir réttu ári í Notre Dame-kirkjunni í París.*

Veittu húðinni þann kraft sem hún þarf
til að endurnýjast og gefa þrívirka lyftingu.
Mótar, styrkir og mýkir hrukkur.




BIO-PERFORMANCE
Advanced Super Restoring Cream

NÝ UPPGÖTVUN FRÁ SHISEIDO.
Með aldrinum hægir á starfsemi stofnfrumna sem viðhalda hreysti húðarinnar. Einstök formúla frá Shiseido, Bio-Renewal Complex, gefur frumunum þann kraft sem þarf til að gefa þrívirka lyftingu innanfrá.

ÁRANGUR
Eftir 1 viku virtist húðin þéttari, stinnari og sléttari.
Eftir 4 vikur voru djúpar hrukkur ekki eins sýnilegar.

SHISEIDO www.shiseido.com

**30% afsláttur af Shiseido í Lyfjum & heilsu**
á Miðnætursprengju Kringlunnar.

www.lyfogheilsa.is

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*

# Óhuggulegt lögreglu-morð á Siglufirði

BÆKUR ★★★☆☆

**Náttblinda**
Ragnar Jónasson
VERÖLD


RAGNAR JÓNASSON

Náttblinda er fimmta bókin í seríunni um Ara Þór Arason lögreglumann á Siglufirði og baráttu hans við norðlensk glæpamál í samtíð og fortíð. Málið sem hér er í forgrunni er eitt það erfiðasta sem komið hefur til kasta Ara því í upphafi sögu er nýr yfirmaður hans, Herjólfur að nafni, skotinn með haglabyssu af stuttu færi við yfirgefið hús rétt fyrir utan bæinn. Sagan teygir síðan anga sína víða í tíma og rúmi, en meginviðfangsefnið í þeim málum sem koma inn á borð Ara og Tómasar, hans gamla varðstjóra sem kallaður er til, er heimilisofbeldi gagnvart konum með öllum þeim óhugnanlegu eftirköstum sem slíkt hefur. Inn í söguna blandast að vanda heimilislíf Ara, en þau Kristín kona hans eru nýbakaðir foreldrar með því álagi sem fylgir og heldur hriktir í stoðum sambandsins.




Ragnar kann þá list að vefa glæpasögu og miðlar upplýsingum í passlegum skömmtum, flækir rannsóknina og beinir grun að ýmsum eins og vera ber til að halda lesandanum við efnið. Sagan fær svo aukna vídd með brotum úr dagbók ungs manns sem lokaður er inni á geðsjúkrahúsi, en lesandinn hefur ekki hugmynd um hver sá maður er eða hvernig þessi brot tengjast morðmálinu sem er í forgrunni sögunnar fyrr en rétt á síðustu blaðsíðunum. Þessi óvissa eykur spennuna og frjóvgar hugarflug lesandans sem auðvitað er á fullu að leysa gátuna sjálfur á undan lögreglumönnum. Sjálft glæpamálið og flækjurnar í kringum það er einnig óvenjulegt í íslensku umhverfi og vekur ýmsar spurningar um öryggi lögreglumanna, en því miður hefur lesandinn áttað sig á því hver ódæðismaðurinn er of snemma í sögunni til að hún haldi spennunni til enda. Spurningarnar um afleiðingar heimilisofbeldis eru hins vegar ígrundaðar og tímabærar og snerta djúpt.

Þótt sögusviðið sé sem fyrr Siglufjörður kemur bæjarbragurinn og íbúarnir óvenju lítið við sögu, flestir þátttakendur í flækjunni eru aðkomufólk og ekki laust við að maður sakni dálítið stemningar smábæjarins sem Ragnari hefur tekist svo vel að fanga í fyrri bókum sínum. Þessi saga gæti gerst hvar sem er. Það er hins vegar algjört aukaatriði og ekki annað en heimtufrekja fordekraðs lesanda að fara fram á að höfundar haldi sig á sömu slóðum alla tíð.

Bókaseríur um sama lögreglumanninn, þau glæpamál sem hann fær til umfjöllunar, þróun hans sem manneskju og áföllin í einkalífinu hafa notið mikilla vinsælda í gegnum áratugina en oft vill brenna við að höfunda þrjóti örendið og sá rammi sem sú uppskrift setur þeim verði of þröngur til að sagan blómstri, en Ragnar fellur ekki í þá gryfju. Ari er geðþekk persóna sem lesandanum þykir vænt um og hefur áhuga á að fylgjast með. Hæfilega venjulegur, hæfilega vitlaus og í hæfilega hefðbundnum aðstæðum til að hægt sé að samsama sig honum og þykja vænt um hann. Það er því mikill missir að honum úr íslenskri glæpasagnaflóru, en Ragnar hefur lýst því yfir að Náttblinda sé síðasta bókin um hann, allavega í bili. Maður verður bara að vona að það bil verði ekki of breitt.

Friðrika Benónýsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Vel fléttuð glæpasaga um hluti sem snerta okkur öll, en heldur ekki spennunni til enda.


## ÁRSFUNDUR LISTAHÁSKÓLANS 2014

**LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS BOÐAR TIL ÁRSFUNDAR FIMMTUDAGINN 20. NÓVEMBER KL. 16:00.**

Fundurinn verður haldinn í tónlistarsal skólans við Sölvhólsgötu, gengið inn frá horni Skúlagötu og Klapparstígs.

Á fundinum kynna stjórnendur skólans starfsemi hans og rekstur. Fyrirspurnir og umræður.

Fundurinn er öllum opinn.
Stjórn Listaháskóla Íslands

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts



BJARNI BJARNASON „Við eigum flest minningar um martraðir og drauma." FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Hægara sagt en gert að skilja manneskju

**Skáldsagan Hálfsnert stúlka eftir Bjarna Bjarnason kemur út í dag. Söguefnið hefur leitað á hann lengi og á upphaf sitt í lestri á bók um drauma Díönu prinsessu.**

„Sagan hefst á því að 23 ára stúlka sem hefur verið týnd í ellefu ár kemur vafrandi út úr skógi í Ástralíu og menn fara að velta því fyrir sér hver hún sé og hvar hún hafi verið allan þennan tíma," segir Bjarni Bjarnason beðinn að segja í örstuttu máli frá söguþræði bókar sinnar Hálfsnert stúlka sem kemur út í dag. „Sögumaðurinn Róbert, sem er sálgreinandi, fær hana til meðferðar og það er hans verkefni að finna út úr því hver hún er og hvaðan hún kemur. Hann sjálfur á reyndar kannski nóg með sig eftir áfall og eitt þema bókarinnar er hvenær maður hefur skilning á annarri manneskju. Getur maður þekkt einhvern? Verkefni sálgreinandans er auðvitað að skilja fólk og komast til botns í því, en það er hægara sagt en gert."

### Draumaævi óþekktrar stúlku

Bjarni hefur unnið lengi að bókinni og upphaflega kviknaði hugmyndin út frá bók um drauma Díönu prinsessu af Wales. „Þegar ég var á Eyrarbakka fyrir sjö árum rak á fjörur mínar bók sem heitir Diana's Dreams og fjallar um drauma Díönu prinsessu," útskýrir hann. „Vinkona hennar Joan Hanger skrifaði þessa bók og rekur þar 50 til 60 drauma Díönu. Ég tók í framhaldi af því saman bók sem fjallaði um draumaævi prinsessunnar, þar sem ég skoðaði líf hennar bara út frá draumunum. Sú saga birtist í TMM árið 2008 og ég var þá kominn með innra líf kvenpersónu, einhvern svona innsta neista. Erkitýpískt draumalíf nafnlausrar stúlku. Þá stóð ég frammi fyrir þeirri spurningu hver þessi stúlka var og hvar hún væri stödd í lífinu. Þá skrifaði ég í bríaríi hálfgerða Rauðhettusögu um stúlku sem vafrar um skóg með dúkkuna sína sem heitir Díana. Þar var ég komin með stúlkuna og hennar innra líf og þá var bara eftir spurningin um umgjörðina og sögumanninn. Það kom svo nokkrum árum síðar þegar ég var í Berlín í sex vikur. Þar sá ég út um gluggann mann sem var að vinna heima hjá sér. Ég ímyndaði mér að hann væri sálgreinandi að störfum og ákvað að láta hann segja söguna í bókinni."

Þú ert mjög mikið að velta fyrir þér innra lífi kvenna í bókunum þínum, hvernig stendur á því? „Ég veit það eiginlega ekki. Ætli ég sé ekki bara áhugasamur um innra líf fólks almennt, en samfélagsstaða kvenna er áhugaverðari nú um mundir þar sem staða konunnar hefur náttúrulega umbylst á síðustu öld, er ennþá að breytast og mætti breytast enn meira, bæði hér og þó sérstaklega víða annars staðar í heiminum. Ef nefna ætti eitt mál sem gæti bætt okkar marghrjáða heim til muna, þá væri það bætt staða kvenna hvaðanæva að. Þannig að það að skoða umheiminn í gegnum konu í veröld þar sem öll hennar gildi eru að umturnast er mjög áhugavert fyrir rithöfund og mann sem hefur áhuga á fólki."

> **Ef nefna ætti eitt mál sem gæti bætt okkar marghrjáða heim til muna, þá væri það bætt staða kvenna hvaðanæva að.**

### Draumar alltaf heillað

Hefurðu alltaf verið svona upptekinn af draumum? „Já, það kom snemma. Við eigum flest minningar um martraðir og drauma þegar maður er ungur og áttar sig ekki á muninum á draumi og veruleika. Ég man eftir því að hafa verið sannfærður um að ég gæti flogið með því að breiða úlpuna út eins og vængi þegar ég var lítill. Ég hélt þessu fram við vin minn sem sagði að það væri útilokað þannig að ég ákvað að prófa einhvern tíma þegar það var mikill stormur úti. Ég þurfti ekki nema að opna útidyrnar til að fatta að þetta hefði sennilega bara verið draumur. Mörkin þarna á milli hafa síðan alltaf heillað mig."

Byrjaðirðu þá strax að skrifa draumana niður? „Nei, ég byrjaði ekki á því fyrr en ég var að nálgast tvítugt, en þá mundi ég ennþá nokkra drauma úr fortíðinni sem ég gat skráð." Varð það kveikjan að því að þú fórst að skrifa? „Nei, það er ekki alveg svo einfalt. Ég var vinnumaður í sveit þegar ég var fimmtán ára og hélt þá dagbók. Maður vandist á að skrifa í dagbókina og sú athöfn var eitthvað prívat og róandi sem maður sótti í. Smám saman verður þetta að einhverju sem maður gerir og allt í einu áttar maður sig á því að maður er farinn að haga sér eins og rithöfundur. Þannig að ákvörðunin um starfsvettvang er eiginlega komin áður en maður gerir sér grein fyrir því og svo er bara að fylgja straumnum, nokkuð sem ég er einmitt að gera í dag þegar bókin kemur út." "

fridrikab@frettabladid.is


hver dagur
heil veröld
pétur gunnarsson
VERALDARSAGA MÍN
ÆVISAGA HUGMYNDA
Í *Veraldarsögu* Péturs Gunnarssonar segir frá því þegar höfundurinn hleypir heimdraganum örlagaárið mikla, 1968, og dvelur næstu árin í París og Provence við skáldskap undir yfirskini náms.
Leikurinn berst um víðan völl, ekki síst um lendur hugans.
„Life is what happens while you're busy making other plans."
JOHN LENNON
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39

# Kafað í ameríska þjóðlagahefð

Margrét Eir og Páll Rósinkranz hefja tónleikaferðalag sitt í kvöld.

„Öll lögin eiga það sameiginlegt að vera með sterka frásögn sem heillar okkur,“ segir Margrét Eir Hönnudóttir söngkona en tónleikaferðalag hennar og Páls Rósinkranz hefst í kvöld í Gamla kaupfélaginu á Akranesi. Ferðalagið er í tilefni plötunnar If I Needed You, þrettán laga plötu sem kafar djúpt í rætur amerískrar þjóðlagahefðar.

„Það er kannski hægt að setja þetta undir smá bluegrass, smá kántrí, aðallega þessa sagnahefð og þessar mannlegu sögur sem við öll þekkjum en þarna eru höfundar sem hafa eitthvert einstakt lag á að orða hlutina,“ segir Margrét. „Höfundar eins og Bob Dylan og Townes Van Zandt en elsta lagið á plötunni er frá 1857 á meðan það yngsta er frá 2008.“

Það er hljómsveitin Thin Jim sem sér um undirspilið. Thin Jim eru þeir Jökull Jörgensen á bassa, Andrés Þór Gunnlaugsson og Davíð Sigurgeirsson á gítar og Kjartan Guðnason á trommum. **- þij**



**MANNLEGAR SÖGUR** öll lögin á plötunni eru með einhverri frásögn. MYND/STEVE LORENZ





Jólarjúpur og laufabrauð

í Rammagerðinni

6.–10. nóvember










Hugrún Ívarsdóttir, hönnuður, tekur á móti viðskiptavinum í Rammagerðinni 6.–10. nóvember og kynnir nýja vöru

Íslenskt handverk síðan 1940

Hafnarstræti 19 - Reykjavík | rammagerdin.is

RAMMAGERÐIN Iceland Gift Store




# FIMMTUDAGUR

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**6. NÓVEMBER**

### Tónleikar

**12.00** Grúska Babúska treður upp í Árbæjarsafni á meðan sýningin Neyzlan–Reykjavík á 20. öld stendur yfir.

**15.00** Off Venue-dagskrá á Jör í tilefni Iceland Airwaves. Í dag troða upp Prins Póló, Hermigervill, Uni Stefson, Young Karin, Barónsbræður og Gísli Pálmi.

**15.00** Myndlistardeild Listaháskóla Íslands efnir til tónlistarveislu í tilefni Iceland Airwaves á Kaffistofunni Nemendagalleríi við Hverfisgötu 44. Í dag koma fram Sigga, Nuke Dukem, Ósk, IBM, Hljómsveitin Eva, Reil Young og Óskar.

**16.00** Off Venue-tónleikar Bedroom Community á Kaffibarnum hefjast í dag. Fram koma Stara Rzeka, Óbó, Samaris og Katla Choir.

**16.15** Stelpur rokka! ætla að taka þátt í Iceland Airwaves í ár með glæsilegri Off Venue-dagskrá á Loft Hostel í Bankastræti í dag. Fram koma hljómsveitir og tónlistarkonur sem allar hafa komið að starfi Stelpur rokka! á einhvern hátt, auk tónlistarkonu frá Skotlandi. Þetta eru Kælan Mikla, Rachel Sermanni, Adda, Margrét Arnar og Boogie Trouble.

**17.30** Tónlistarskóli Seltjarnarness fær gítarkennarann Gunnlaug Björnsson til liðs við sig fyrir tónleikaröðina Tónstafi í Bókasafni Seltjarnarness. Á efnisskránni eru verk eftir Bach, Ginastera og Gunnlaug sjálfan.

**19.30** Klarinettleikarinn Einar Jóhannsson frumflytur Clarinet Concerto eftir Svein Lúðvík Björnsson. Rumon Gamba er hljómsveitarstjóri. Miðaverð frá 2.400 til 6.900 króna.

**20.30** Tónleikar í Fella- og Hólakirkju í kvöld. Stjórnandi er Margrét J. Pálmadóttir. Guðný Einarsdóttir leikur á píanó og orgel og Victoria Tsarevskaia leikur á selló.

**21.00** Páll Rósinkranz og Margrét Eir troða upp á Gamla Kaupfélaginu í tilefni af útgáfunni á plötu þeirra If I Needed You.

**21.00** Svavar Knútur hefur unnið með Óskarsverðlaunahafanum Markéta Irglová frá Tékklandi á nýjustu plötu sinni Ölduslóð. Hann treður upp á Café Rosenberg í kvöld.

**22.00** Magnús R. Einarsson heldur tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da í kvöld.

### Hönnun

**16.00** Sýningin Handverk og hönnun í Ráðhúsi Reykjavíkur hefst í dag og að þessu sinni taka rúmlega fimmtíu aðilar þátt. Sem fyrr er gróskan og fjölbreytnin mikil og meðal þess sem hægt er að skoða á sýningunni í nóvember er handspunnið band, munir úr hornum og beinum, skartgripir, barnaföt, trémunir, keramik, leðurvörur, skór, fatnaður og fleira. Á sýningunni verða einnig afhent Skúlaverðlaunin–verðlaun fyrir besta nýja hlutinn á sýningunni.

### Ljósmyndasýningar

**09.00** Stephan Stephensen eða President Bongo úr GusGus heldur ljósmyndasýningu á Mokka Kaffi.

### Tónlist

**21.00** Robot Disco og Electronix teiti á Paloma Bar í kvöld. Fram koma plötusnúðarnir 90210, Jammin Jack og Enzo Magestic.

**21.00** Afrobeat tónar á Dolly í kvöld. Yamaho, King Lucky og Skeng verða plötusnúðar kvöldsins. Á meðan birgðir endast verður boðið upp á Ballantine's Brasil.

**21.00** Trúbadorinn Biggi treður upp á English Pub í kvöld.

### Bækur

**17.00** Í dag verður útgáfu skáldsögunnar Hálfsnert stúlka fagnað í Eymundsson Skólavörðustíg. Léttar veitingar í boði.

### Fyrirlestrar

**16.30** Í dag verða fluttir tveir fyrirlestrar í stofu 101 í Odda í fyrirlestraröð Miðaldastofu Háskóla Íslands um Landnám Íslands. Kristján Árnason, prófessor í íslenskri málfræði, ræðir um um tungutak landnámsmanna. Hvaða tungumál eða mállýskur voru talaðar hér á landi fyrst eftir landnám? Nikola Trbojevic, doktorsnemi í fornleifafræði, ræðir um þá geysihröðu skógareyðingu sem átti sér stað á landnámsöld en landnámsmenn ruddu land til ræktunar og eins þörfnuðust þeir viðar til eldiviðar og bygginga.

### Myndlist

**17.00** Erla Þórarinsdóttir opnar sýninguna Single Lines í SÍM í Hafnarstræti í dag.

**17.00** Í dag verður opnuð sýning á verkum myndlistarmannanna Auðar Ingu Ingvarsdóttur og Hafdísar Brands í Artóteki. Sýningin nefnist Fígúrur og form og er á 1. hæð Borgarbókasafns Reykjavíkur. Sýningin er samstarfsverkefni þeirra Auðar Ingu og Hafdísar sem sýna listaverk unnin í leir.

**20.00** Oddsteinn Örn Björnsson frá Mörtungu á Síðu mun sýna myndir af landslagi, fossum, bæjum, húsum, kirkjum, göngum og réttum frá ýmsum stöðum í Skaftfellingabúð. Eftir kaffi mun Svavar M. Sigurjónsson frá Hofi sýna myndir úr smalamennskum í Breiðarmerkurfjalli, Ingólfshöfða og víðar í Öræfum. Aðgangseyrir er 1.000 krónur, innifalið kaffi og kruðerí.

### Umræður

**20.00** Fjórða Höfundakvöld Gunnarshúss verður í kvöld. Þá mæta þau Ófeigur Sigurðsson og Heiðrún Ólafsdóttir og lesa upp og svara spurningum Páls Valssonar um bækur sínar, Öræfi og Leið. Allir velkomnir á meðan stólar leyfa, aðgangur 500 kr.

**20.00** Í kvöld talar Svana Einarsdóttir á opnu húsi í bahá'í-miðstöðinni að Öldugötu 2, Reykjavík. Erindið heitir Frá Völuspá til bahá'í rita. Fjallað verður um hvernig sagt er fyrir um bahá'í trúna í Völuspá og öðrum eldri ritum.

### Samkoma

**19.00** Unglingadeild Öxarfjarðarskóla býður upp á mat og skemmtiatriði í Lundi í kvöld. Í ár verður þemað tengt grískri goðafræði. Miðaverð er 2.500 kr. fyrir fullorðna, 1.500 fyrir börn á grunnskólaaldri, ókeypis fyrir og yngri en 6 ára.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*



Sérfræðingur frá String
verður í verslun okkar,
helgina 6. - 8. nóvember

string®

epal

Skeifan 6 / Harpa / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is



# BRAGÐ AF ORÐUM?

Vildarverð:
**4.799.-**
Fullt verð:
5.999.-




NÓV.
BÓK
MÁNAÐARINS

VILDARKLÚBBUR
EYMUNDSSON

NÝ VERSLUN
LAUGAVEGI 77




**Ljóð Yahya Hassans**
Vildarverð: 4.499.-
Verð: 4.999.-




**Gæðakonur**
Vildarverð: 5.849.-
Verð: 6.499.-




**Hálfsnert stúlka**
Vildarverð: 5.849.-
Verð: 6.499.-




**Arfleifð**
Vildarverð: 4.499.-
Verð: 4.999.-




**Táningabók**
Vildarverð: 5.849.-
Verð: 6.499.-




**Litlu dauðarnir**
Vildarverð: 5.849.-
Verð: 6.499.-




**Vonarlandið**
Vildarverð: 5.669.-
Verð: 6.299.-




**Veraldarsaga mín**
Vildarverð: 5.399.-
Verð: 5.999.-




**Flugvélar**
Vildarverð: 8.099.-
Verð: 8.999.-




**Kamp Knox - hljóðbók**
Verð: 5.799.-




**Kamp Knox**
Verð: 5.799.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval er mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboða er frá 6. nóvember, til og með 9. nóvember. 5% vildarafsláttur gildir af öllum tilboðum nema þeim sem merkt eru „Vildarverð". Vildarverð gilda aðeins fyrir meðlimi Vildarklúbbs Eymundsson. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

## AFMÆLISBARN DAGSINS



**26 ára Emma Stone, leikkona**

**Þekktust fyrir:** The Amazing Spider-Man

## BÍÓFRÉTTIR

### Gæti leikið Jobs

Michael Fassbender er nýjasti leikarinn sem er orðaður við hlutverk Steve Jobs, stofnanda Apple, í væntanlegri kvikmynd Dannys Boyle um ævi hans. Áður hafði Christian Bale verið orðaður við hlutverkið. Hann hafði lýst yfir áhuga á því en fannst það á endanum ekki henta sér. Myndin er byggð á handriti Aarons Sorkin (The Social Network) og ævisögunni eftir Walter Isaacson sem kom út 2011.



### Hætt í Pirates

Keira Knightley efast um að hún eigi eftir að snúa aftur í Pirates of the Caribbean-myndirnar en fimmta myndin, Dead Men Tell No Tales, er í undirbúningi. „Ég efast um það. Þetta var frábær tími í mínu lífi en þetta tók fimm ár. Þetta var æðislegt en ég sé mig ekki snúa aftur þangað,“ sagði hin 28 ára Knightley við Digital Spy. Hún varð heimsfræg fyrir að leika Elizabeth Swann í þessum vinsæla kvikmyndabálki.



## FRUMSÝNINGAR



**Nightcrawler** Spennumynd
**Aðalhlutverk:** Jake Gyllenhaal, Bill Paxton og Rene Russo.
IMDb 8,4/10



**Interstellar** Ævintýramynd
**Aðalhlutverk:** Matthew McConaughey, Anne Hathaway og Jessica Chastain.
IMDb 9,3/10



**BIG HERO 6** Teiknimyndin verður frumsýnd vestanhafs um helgina.

# Tuttugu myndir eiga möguleika

Tuttugu teiknimyndir koma til greina þegar tilkynnt verður um Óskarstilnefningarnar á næsta ári.

Óskarsakademían hefur tilkynnt um tuttugu teiknimyndir sem koma til greina þegar Óskarsverðlaunin verða afhent í 87. sinn á næsta ári.

Myndirnar eru eftirtaldar: Big Hero 6, The Book of Life, The Boxtrolls, Cheatin, Giovanni's Island, Henry and Me, The Hero of Color City, How to Train Your Dragon 2, Jack and the Cuckoo-Clock Heart, Legends of Oz: Dorothy's Return, The Lego Movie, Minuscule – Valley of the Lost Ants, Mr. Peabody and Sherman, Penguins of Madagascar, The Pirate Fairy, Planes: Fire and Rescue, Rio 2, Rocks in My Pockets, Song of the Sea og The Tale of the Princess Kaguya.

Tilkynnt var um nítján teiknimyndir í fyrra. Samkvæmt reglum Óskarsakademíunnar verða þrjár teiknimyndir tilnefndar til verðlaunanna ef átta myndir koma til greina í byrjun en fimm tilnefndar ef sextán eða fleiri koma til greina, að því er Variety greindi frá.

Tilkynnt verður um þær fimm teiknimyndir sem verða tilnefndar til Óskarsins 15. janúar, á sama tíma og tilkynnt verður um aðrar Óskarstilnefningar.



**LEGO MOVIE** Gæti hlotið Óskarsverðlaunin á næsta ári.

Þrjár teiknimyndir hafa fengið mesta aðsókn á þessu ári, eða How to Train Your Dragon 2, Rio 2 og The Lego Movie. Samanlagt hafa þær halað inn 1,5 milljarða Bandaríkjadala í miðasölunni á heimsvísu, eða rúma 180 milljarða króna. Margir binda einnig miklar vonir við Big Hero 6 sem verður frumsýnd vestanhafs um helgina.

IMDb 7,1/10




**FLAGS OF OUR FATHERS/LETTERS FROM IWO JIMA (2006)** Á Reykjanesskaganum fann Clint Eastwood hið fullkomna landslag til að líkja eftir svörtum söndum Iwo Jima fyrir stríðsepíkina Flags of Our Fathers og Letters From Iwo Jima.

IMDb 7,4/10



**THE SECRET LIFE OF WALTER MITTY (2013)** The Secret Life of Walter Mitty eftir Ben Stiller var meðal annars tekin upp á Grundarfirði, Vatnajökli, Seyðisfirði, Höfn og í Stykkishólmi.

# Upptökur á Íslandi verða sífellt vinsælli

Ísland verður sífellt vinsælli áfangastaður erlendra kvikmyndagerðarmanna eins og stórmyndin Interstellar ber vott um. Margar frægar myndir hafa verið teknar hér upp, þar á meðal Flags of Our Fathers og The Secret Life of Walter Mitty.

Tímaflakksmyndin Interstellar eftir Christopher Nolan kom út á dögunum og hefur fengið góða dóma. Myndin var að hluta til tekin upp á Íslandi, þar á meðal á Svínafellsjökli, en eins og alþjóð veit verður landið stöðugt vinsælli tökustaður meðal erlendra kvikmyndagerðarmanna.

Í tilefni af því að Interstellar verður frumsýnd á morgun tók Fréttablaðið saman nokkrar af bestu myndunum sem hafa verið teknar upp hérlendis á undanförnum árum.

IMDb 8,3/10



**BATMAN BEGINS (2005)** Tekið var upp á Skaftafelli, Svínafellsjökli, Vatnajökli og í Öræfasveit fyrir fyrstu myndina í Batman-þríleik Christophers Nolan, Batman Begins.

IMDb 7,1/10



**PROMETHEUS (2012)** Undir Heklu og Dettifossi fann leikstjórinn Ridley Scott rétta landslagið fyrir hina dularfullu plánetu í Prometheus.


LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM, SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM



**Henson Design**
Margir litir í boði. Margar tegundir af rúmgöflum. Fáanleg sem rafmagnsrúm.



**Yuni**
Fallegur horn- og tungusófi með hvíldarstól í enda. Margir litir í boði.



**Ezzy**
Nettur og góður hvíldarstóll með háu baki og stillanlegum hnakkapúða



**Demetra svefnsófi**
Glæsilegur og virkilega vandaður svefnsófi frá Ítalíu.

Komdu í heimsókn
– og uppfylltu drauma þína um betri hvíld

LÚR | Hlíðasmára 1 | 201 Kópavogi | Sími 554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR BETRI HVÍLD


ÞÉR ER BOÐIÐ
Í DAG (6. NÓV.)
OPNAR NIKE VERSLUN
MEÐ KVENFATNAÐ Í ÚTILÍFI
KRINGLUNNI OG ÞÉR ER BOÐIÐ
FULLT AF FREISTANDI
TILBOÐUM
OPIÐ TIL MIÐNÆTTIS Í KRINGLUNNI
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM Í
ÖLLUM ÚTILÍFSVERSLUNUM
Í TILEFNI MIÐNÆTUROPNUNAR
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is

# LÍFIÐ

## Vikan á Twitter Fjöldaframleitt pönk og gammósíur



**Sunna Ben**
**@SunnaBen**
**4. nóvember**
Fjöldaframleitt pönk er það lummulegasta í heimi, ekkert er minna rebel cool heldur en að versla við Diesel.



**Haukur Viðar**
**@hvalfredsson**
**5. nóvember**
Hvenær verður fallegasta íslenska orðið valið næst? Ég vil allavega tilnefna gammósíur.



**Logi Pedro**
**@logifknpedro**
**30. október**
Kendrick er að fara að gefa út lag sem heitir King Kunta. #frelsumpíkuna



**Birgitta Jónsdóttir**
**@birgittaj**
**2. nóvember**
wow, 5388 ppl have pledged to come @ first large protest in #Iceland since 2013 elections



**Hanna Eiríksdóttir**
**@Hannaeir**
**5. nóvember**
Tinder og @icelandairwaves. Þetta verður eitthvað. #Hookups






# Starfsmenn Sagafilm horfðu á Interstellar

Sagafilm hélt sérstaka forsýningu á kvikmyndinni Interstellar í Egilshöll í fyrrakvöld. Myndin var að hluta til tekin upp á Íslandi með aðstoð starfsmanna Sagafilm, sem fjölmenntu að sjálfsögðu á myndina. Fyrir myndina og í hléi var boðið upp á léttar veitingar, þar á meðal freyðivín, osta og að sjálfsögðu popp og kók.



**INGÓLFUR OG ALFREÐ** Fréttamaðurinn Ingólfur Bjarni Sigfússon og Alfreð Sturla mættu á forsýninguna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**ÞRÍR FÉLAGAR** Félagarnir Finnur, Eðvarð Egill Eðvarðsson og Ragnar Agnarsson kíktu á forsýninguna.



**GAMAN Í BÍÓ** Viktor, Alda Karen og Ragnheiður mættu í Egilshöll.



**MENN Í SVÖRTU** Jón Ingi, Lúðvík og Pétur Óli voru svartklæddir.



**ÞRJÁR Í EGILSHÖLL** Hildur, Soffía og Guðný voru á meðal gesta.



**HRESSIR** Karl, Hannes Páll, Brynjar Berg og Kristján voru í stuði.



**SÁU INTERSTELLAR** Gísli Berg og Tinna Arnardóttir sáu Interstellar.



**BROSMILDAR** Margrét og Hrafnhildur voru í góðu skapi.


PS4
20%
af öllum
PS4 leikjum!
PS4
3.199,-
Verð áður 3.999,-
PS4
9.599,-
Verð áður 11.999,-
PS4
9.599,-
Verð áður 11.999,-
PS4
6.399,-
Verð áður 7.999,-
PS4
8.799,-
Verð áður 10.999,-
PS4
9.599,-
Verð áður 11.999,-
PS4
2.799,-
Verð áður 3.499,-
PS4
3.999,-
Verð áður 4.999,-
Aðeins í 4 daga!
GAME STÖÐIN
Hvergi meira úrval
af PS4 leikjum og aukahlutum!
KRINGLAN OG SMÁRALIND · 591 5300 · FACEBOOK.COM/GAMESTODIN



**KYRKJARINN** Hugh Cornwell spilaði hér árið 1978 þegar pönk var nýyrði.
MYND/ÚR EINKASAFNI

# Geymdi lopapeysuna frá Agli Skúla í 36 ár

Hugh Cornwell, fyrrverandi söngvari og gítarleikari The Stranglers, snýr aftur til Íslands í desember. Hann fékk lopapeysu að gjöf frá borgarstjóra árið 1978.

„Það er ekki mjög indælt veður hérna í Bretlandi,“ segir Hugh Cornwell, best þekktur sem fyrrverandi leiðtogi pönksveitarinnar The Stranglers. Hann mun troða upp á Gamla Gauknum 13. desember. „Það er mjög grátt og kalt en þetta undirbýr mig vel fyrir Ísland.“

Cornwell hætti í The Stranglers í byrjun tíunda áratugsins en hann var einn af upprunalegum meðlimum sveitarinnar. Stranglers spiluðu á Íslandi árið 1978 og höfðu gríðarleg áhrif á íslenska tónlist, enda var hugtakið „pönk“ algjört nýyrði á þessum tíma.

„Þetta voru ótrúlegir tónleikar en það var ansi stór prósenta af íbúum eyjunnar á þessum tónleikum, eitt eða þrjú prósent,“ segir Cornwell. „Þetta voru alveg ógleymanlegir tónleikar. Allir trylltust og ég skemmti mér mætavel.“ Að sögn Cornwells fékk hann lopapeysu að gjöf frá þáverandi borgarstjóra, Agli Skúla Ingibergssyni. „Ég á hana ennþá þó hún sé smá götótt. Þetta er eins og listaverk og hefur haldið á mér hita í mjög langan tíma. Kannski get ég hitt nýja borgarstjórann í þetta skiptið,“ segir Cornwell í léttum dúr.

Á tónleikunum mun Cornwell og sveit hans spila lög af nýrri plötu hans, Totem and Taboo, í bland við eldra sólóefni og Stranglerslög. Hann segist ekki fá leið á því að spila gömlu lögin þar sem hann hafi viljandi sleppt því að nota hljómborð, sem var eitt af sérkennum Stranglers. „Við þurfum að vera frumlegir og spila hljómborðsstefin á önnur hljóðfæri, þannig að við erum að blása nýju lífi í þessi gömlu lög.“

Cornwell vann nýju plötuna með Steve Albini, einum virtasta upptökustjóra tónlistarheimsins. „Hann er ótrúlegur og það var sönn ánægja að vinna með honum. Mér var sagt í byrjun að það væri erfitt að vinna með honum en ég skil bara alls ekki hvað var verið að tala um. Hann var herramaður, mjög skemmtilegur og skilningsríkur. Hann vann mjög hratt en við gerðum plötuna á tíu dögum. Hann var líka ánægður því að við vissum hvað við vildum gera og það þýddi að hann þyrfti ekki að taka mikið af ákvörðunum,“ segir Cornwell. „Hann er góður í að láta allt hljóma rétt, í því felst snilligáfa hans.“

Cornwell vinnur nú að sinni þriðju skáldsögu ásamt því að gera stuttmyndir upp úr hverju og einu lagi á Totem and Taboo. „Ég fattaði að enginn annar hafði gert þetta, að ég held, þannig að ég er að framleiða stuttmynd samhliða hverju og einu lagi á plötunni.“

thorduringi@frettabladid.is

## Kyrkjararnir gömlu



**STRANGLERS** Á Keflavíkurflugvelli árið 1978.
MYND/TIMARIT.IS

The Stranglers voru ein vinsælasta hljómsveitin sem kom út úr bresku pönksenunni. Þó að pönkstimpillinn hafi alltaf fylgt sveitinni hefur hún spilað margar mismunandi stefnur svo sem nýbylgju, lista- og gotarokk og fágað popp. Fræg lög með The Stranglers eru til dæmis Golden Brown, Peaches, No More Heroes og Walk On By, sem hefur verið kallað eitt besta koverlag allra tíma.

# Yndislegt að spila fyrir gamla fólkið

Júníus Meyvant spilaði á elliheimilinu Grund á fyrstu tónleikum Airwaves.

„Þetta var bara yndislegt,“ segir tónlistarmaðurinn Júníus Meyvant sem spilaði fyrstu utandagskrár-tónleikana á Iceland Airwaves-hátíðinni í gær, sem fóru fram á elliheimilinu Grund. „Þetta voru svaka góðir áhorfendur og það var mjög vel tekið í þetta.“

Júníus segist vera afskaplega til í að spila aftur á Grund en þá muni hann kannski taka fleiri íslensk lög. „Það er alltaf gaman fyrir fólkið að syngja slagara frá sinni tíð en auðvitað alltaf gaman að heyra eitthvað nýtt líka,“ segir hann. - þij



**SÁTTUR** Áhorfendur tóku vel í tónlist Júníusar.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## 30.10.2014 ➜ 5.11.2014





### LAGALISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | ▲ | **Meghan Trainor** | **All About That Bass** |
| 2 | ▲ | Taylor Swift | *Shake It Off* |
| 3 | ▼ | Kaleo | *All The Pretty Girls* |
| 4 | ▲ | Ásgeir Trausti | *Stormurinn* |
| 5 | ▲ | Tove Lo | *Habits (Stay High)* |
| 6 | ▼ | Sam Smith | *I'm Not The Only One* |
| 7 | ▲ | George Ezra | *Blame It On Me* |
| 8 | ▲ | Nýdönsk | *Nýr maður* |
| 9 | ▲ | Hozier | *Take Me To Church* |
| 10 | ▼ | Prins Póló | *París norðursins* |

### TÓNLISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | * | **Skálmöld** | **Með vættum** |
| 2 | ▲ | Ýmsir | *Pottþétt jól (2014)* |
| 3 | ▲ | Raggi Bjarna | *80 ára* |
| 4 | ▼ | Páll Rósinkranz | *25 ár* |
| 5 | ▼ | Hjálmar | *Skýjaborgin* |
| 6 | ▼ | Valdimar | *Batnar útsýnið* |
| 7 | ▲ | Ýmsir | *SG jólalögin* |
| 8 | * | Ragga Gröndal | *Svefnljóð* |
| 9 | ▼ | Sólstafir | *Ótta* |
| 10 | ▲ | Dúndurfréttir | *The Wall* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. **Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2 og K100,5. Auk þess er tekið mið af sölu og spilun á Tónlist.is og spilun á Spotify. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, Samkaup, Kaupfélag Skagfirðinga, Lucky Records, Vefverslun Record Records, N1 og tonlist.is





Vilt þú taka þátt í söngleik?

**Töfrahurð auglýsir eftir söng- og leikelskum stelpum á aldrinum 10-12 ára til að taka þátt í nýjum söngleik fyrir börn, „Björt í sumarhúsi“ eftir Elínu Gunnlaugsdóttur við texta Þórarins Eldjárns.**

Hlutverk söngleiksins eru fjögur, afi (Jón Svavar Jósepsson) og amma (Valgerður Guðnadóttir), hlaupagikkur (Gissur Páll Gissurarson) og stúlkan Björt. Leikstjóri er Ágústa Skúladóttir. Söngleikurinn verður frumsýndur á Myrkum músíkdögum **í Hörpu þann 1. febrúar 2015** og fara æfingar fram í janúar.

**Efnt verður til prufusöngs sunnudaginn 23. nóvember.** Þær stelpur sem hafa áhuga á að taka þátt sendi umsókn með upplýsingum um sig, tónlistarnám og eða þátttöku í kór/leikstarfi á netfangið tofrahurd@tofrahurd.is. Þeir þátttakendur úr hópi umsækjenda sem verða valdir til að koma í prufusöng fá sendar nótur að tveimur lögum sem þeir verða beðnir að flytja í prufusöngnum.

**Umsóknarfrestur er til og með 17. nóvember.**

Vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn kynferðislegu ofbeldi.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# DEBENHAMS

## CLINIQUE

## Kaupaukinn þinn í  Debenhams

Ef ef keypt er fyrir 5.900 eða meira frá Clinique
6. – 12. nóvember þá færðu veglegan kaupauka að auki.*




**Gjöfin inniheldur:**

- Liquid Facial Soap Mild 30ml
- Gula kremið 15ml
- Even Better augnkrem 2ml
- Even Better dagkrem 7ml
- Even Better handábúrður 15ml
- Cream Shaper for eyes 8.gr.
- High Impact mascara 3.5ml
- High Impact varalit 3.6 gr.

*meðan birgðir endast



**NÝTT** Smart serum

Skilur ástand húðarinnar.
Getur sjáanlega breytt ójöfnum húðlit,
línum og hrukkum eða stinnleika húðarinnar.

CLINIQUE

Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust.

Finndu okkur á facebook

*Gerðu lífið skemmtilegra*

DEBENHAMS – SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# netto
Kræsingar & kostakjör



-41%

**KJÚKLINGALUNDIR**
DANPO 700 G
**PAKKAVERÐ**
VERÐ ÁÐUR 1.694,-

# 999,-



-21%

**GÆS**
HEIL 4 KG
**KÍLÓVERÐ**
VERÐ ÁÐUR 1.999,-

# 1.599,-



-25%

**GÆSABRINGUR**
**KÍLÓVERÐ**
VERÐ ÁÐUR 3.998,-

# 2.999,-



-31%

**HANGILÆRI M/BEINI**
**SAGAÐ Í POKA - FROSIÐ**
**KÍLÓVERÐ**
VERÐ ÁÐUR 2.598,-

# 1.793,-



-34%

**ÖND**
HEIL 625 G
**STYKKJAVERÐ**
VERÐ ÁÐUR 2.998,-

# 1.979,-



-22%

**PÍTUBUFF**
6 STK M/BRAUÐI
**PAKKAVERÐ**
VERÐ ÁÐUR 1.279,-

# 998,-



-20%

**LAMBAHRYGGUR**
LÉTTREYKTUR KEA
**KÍLÓVERÐ**
VERÐ ÁÐUR 2.498,-

# 1.998,-




-22%

**HVÍTLAUKSBRAUÐ**
X-TRA 2 STK
**PAKKAVERÐ**
VERÐ ÁÐUR 229,-

# 179,-

ÁRAMÓTASTEIKIN 2014



-20%

**KS LAMBAKÓRÓNA**
CHAMPAGNA
**KÍLÓVERÐ**
VERÐ ÁÐUR 3.998,-

# 3.198,-

**Tilboðin gilda 6. - 9. nóv 2014**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# EPLADAGAR



Rauð
Gul
Græn
Jonagold
Pink lady
Macintosh

**-30%**




**FREYJU SMÁRÍS**
170 G KASSI
**PAKKAVERÐ**
VERÐ ÁÐUR 299,-
**269,-**




**DR PEPPER**
330 ML
**STYKKJAVERÐ**
VERÐ ÁÐUR 139,-
**109,-**




**CAPRI SÚKKULAÐI**
200 GR PAKKAR
**PAKKAVERÐ**
VERÐ ÁÐUR 219,-
**189,-**




**-25%**

**CALYPSO SAFI**
APPELSÍNU EÐA EPLA 200 ML
**STYKKJAVERÐ**
VERÐ ÁÐUR 79,-
**59,-**




**CANDYLAND**
MARSMALLOWS 300 G
**PAKKAVERÐ**
VERÐ ÁÐUR 399,-
**199,-**




**-20%**

**BODY ATTACK**
PROTEIN SHAKE 250 ML
**STYKKJAVERÐ**
VERÐ ÁÐUR 449,-
**359,-**




**-15%**

**PETER LARSEN KAFFI**
3 TEGUNDIR




**-20%**

**KELKIN JAFFA KEX**
150 G
**PAKKAVERÐ**
VERÐ ÁÐUR 449,-
**359,-**

LAUGARÁS BÍÓ



POWERSÝNING KL. 10:10

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| JOHN WICK | 8, 10:10(P) | 16 |
| GRAFIR & BEIN | 6, 8 | 16 |
| FURY | 10:10 | 16 |
| BORGRÍKI 2 | 5:50, 8, 10:10 | 16 |
| KASSATRÖLLINN 2D | 5:50 | L |

SAMbio.is



★★★★ „BESTA SVEPPAMYNDIN TIL ÞESSA"

★★★★ "TÖFF, NAGLHÖRÐ OG DÚNDURSKEMMTILEG HEFNDARMYND SEM ÆTTI ALLS EKKI AÐ VALDA HASARUNNENDUM VONBRIGÐUM." T.V. - BÍÓVEFURINN.IS

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 5:40 - 6:40 - 8 |
| JOHN WICK | KL. 8 - 10:20 |
| JOHN WICK VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| THE REWRITE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| THE JUDGE | KL. 9 |
| KASSATRÖLLIN ÍSLTAL 2D: | KL. 5:50 |
| ANNABELLE | KL. 10:20 |
| AFINN | KL. 5:40 - 8 |
| IF I STAY | KL. 10:20 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 5:40 - 8 |
| JOHN WICK | KL. 5:40 |
| JOHN WICK 4K | KL. 8 - 10:20 |
| THE REWRITE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| THE JUDGE | KL. 10 |
| ALEXANDER | KL. 6 - 8 |
| DRACULA UNTOLD | KL. 10:20 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| CARMEN ÓPERA ENDURFLUTT | KL. 6 |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 5:40 |
| THE REWRITE | KL. 10:20 |
| THE JUDGE | KL. 8 - 10:20 |
| AFINN | KL. 8 |
| THE HUNDRED-FOOT JOURNEY | KL. 5:20 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 8 |
| GRAFIR OG BEIN | KL. 10:20 |
| JOHN WICK | KL. 8 - 10:10 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 5:40 - 8 |
| THE REWRITE | KL. 10:20 |
| THE JUDGE | KL. 10:20 |
| ALEXANDER | KL. 6 |
| AFINN | KL. 8 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ



★★★★ -V.J.V, SVARTHOFDI.IS ★★★★ -G.D.Ó, MBL

| SMÁRABÍÓ (AUKAKRÓNUR 5%) | | |
|---|---|---|
| GRAFIR OG BEIN | KL 5.30 - 8 - 10.15 | 16 |
| GRAFIR OG BEIN LÚXUS | KL 5.30 - 8 - 10.15 | 16 |
| FURY | KL 5 - 8 - 10.45 | 16 |
| BORGRÍKI | KL 8 - 10.10 | 16 |
| GONE GIRL | KL 8 | 16 |
| THE MAZE RUNNER | KL 5.30 | 12 |
| KASSATRÖLLIN ÍSL TAL 2D | KL 3.30 - 5.45 | L |
| SMÁHEIMAR 2D | KL 3.30 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ (AUKAKRÓNUR 5%) | | |
|---|---|---|
| GRAFIR OG BEIN | KL 8 - 10.15 | 16 |
| FURY | KL 9 | 16 |
| HEMMA | KL 5.45 | L |
| BORGRÍKI | KL 8 - 10.10 | 16 |
| GONE GIRL | KL 5.45 - 9 | 16 |
| BOYHOOD | KL 5.30 | L |
| PARÍS NORÐURSINS | KL 5.45 | 12 |




**EIGNUÐUST ANNAÐ BARN** Robert Downey Jr. og Susan Downey eignuðust dóttur fyrir skömmu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Járnmaðurinn eignaðist barn

Leikarinn Robert Downey Jr. og eiginkona hans, Susan Downey, eignuðust dóttur fyrir stuttu samkvæmt heimildum tímaritsins People.

Fyrir á parið soninn Exton Elias sem er tveggja og hálfs árs. Hinn 49 ára Downey Jr. er hvað þekktastur í síðari tíð fyrir að leika Iron Man, eða Járnmanninn, og leikur hann hasarmyndahetjuna næst í myndinni Avengers: Age of Ultron.

Downey Jr., sem átti fyrir soninn Indio, 21 árs, úr fyrra hjónabandi, kynntist Susan árið 2003 og gengu þau í það heilaga tveimur árum síðar.



**ANGELINA JOLIE** Góðgerðarstarfsemi skiptir hana mjög miklu máli.

# Útilokar ekki stjórnmálin

Leikkonan Angelina Jolie segist í viðtali við Vanity Fair ekki útiloka feril í stjórnmálum.

„Þegar þú vinnur við góðgerðarstarfsemi ertu meðvituð um að það þurfi að gefa stjórnmálum gaum," sagði Jolie. „Ef þú vilt gera einhverjar öfgakenndar breytingar þá berðu ábyrgð."

Jolie sagðist ekki vita í hvaða starfi hún gæti gefið meira af sér. „Ég er meðvituð um það sem ég geri," sagði hún.

Aðspurð um hvort hún sæi fyrir sér að fara út í stjórnmál eða utanríkisþjónustuna sagðist Jolie vera opin fyrir ýmsu.

# Að þurfa að safna fyrir sjálfsögðum hlut

**BAKÞANKAR**
Kjartans Atla Kjartanssonar



Fólk á Vesturlandi þarf nú að safna aftur fyrir sneiðmyndatæki, eftir að það gamla bilaði. Gamla tækið var keypt árið 2006 og söfnuðu einstaklingar, fyrirtæki og frjáls félagasamtök fyrir því, eins og sagt var frá á Vísi í vikunni. Á vefsíðu Heilbrigðisstofnunar Vesturlands (HVE) kemur fram að tækið hafi verið mikið notað; alls sautján hundruð sinnum á síðasta ári.

**HVE** á hollvinasamtök sem betur fer. Hópur af fólki sem finnur fyrir samfélagslegri ábyrgð berst nú fyrir því að safna fyrir nýju tæki. Fyrir tilviljun áttu fulltrúar hollvinasamtakanna bókaðan fund með heilbrigðisráðherra skömmu eftir að sneiðmyndatækið bilaða var tekið úr notkun. Þá var búið að safna rúmlega helmingnum af þeim fjörutíu milljónum sem nýtt tæki kostar. Og ég skal viðurkenna að maður bjóst við því að ríkið myndi bara reiða fram tuttugu milljónir og tryggja að íbúar á Vesturlandi hefðu sitt eigið sneiðmyndatæki til umráða og þyrftu ekki að ferðast til höfuðborgarinnar til að sækja þá þjónustu. Það er eiginlega hægt að segja sér að ef einhver þarf á sneiðmynd að halda er hún eða hann líklega veik/ur og þá er væntanlega æskilegt að forðast löng ferðalög.

**NEI**, er svarið, ef þið voruð að velta fyrir ykkur hvort ríkið ætlaði að borga helminginn í nýju sneiðmyndatæki, einhverju sem er í öllum landshlutum og hlýtur að teljast hluti af grunnþjónustunni. Ríkið „mun styðja við endurnýjun tækisins með því að tryggja fjármögnun hluta kaupanna", eins og segir í fréttatilkynningu hollvinasamtakanna, sem safna enn peningum til að kaupa tæki sem ætti að vera til. Til að kaupa tækið aftur.

**MAÐUR** hefur fullan skilning á því að það séu ekki alltaf til peningar. En maður hlýtur samt að spyrja sig hver forgangsröðunin sé. Það liggur fyrir að ríkið ætlar ekki að kaupa nýtt sneiðmyndatæki og ætlar ekki einu sinni að borga helminginn í því. Þá spyr maður sig hvort sú ákvörðun sé til komin vegna þess að ríkið hafi ekki efni á því, eða hvort ríkið hafi ekki áhuga á því.

# Kokteilmeistari sýnir listir sínar

Fréttablaðið kom við hjá barþjóninum Tim Judge, sem blandaði gæða-mint julep.

Á seinustu árum hefur orðið bylting í kokteilmenningu á Íslandi. Nú er enginn bar með börum nema boðið sé upp á dýrindis kokteila og barþjónninn sé jafnvígur á barnum og kokkurinn er í eldhúsinu.

Slippbarinn fékk í heimsókn Bretann Tim Judge sem er stjarna í barþjónaheiminum en þegar blaðamann og ljósmyndara bar að garði var hann að undirbúa Master Class á barnum en það var Ölgerðin sem fékk hann til landsins. Judge er svokallaður „global brand ambassador" fyrir Bulleitviskí, Ron Zacapa-romm og fleiri tegundir ásamt því að vera kennari í World Class Bartending, virtustu barþjónakeppni heims.

„Ég kom frá Lundúnum á mánudaginn og hef síðan verið að vinna með bestu barþjónum Íslands. Ég hef verið að kynna þeim Bulleitbúrbon og rúgviskí ásamt því að tala um sögu amerísks viskís. Það er mjög áhugavert af því að það er ekki hægt að tala um sögu amerísks viskís án þess að tala um sögu Ameríku sjálfrar," segir Judge. Hann sýndi okkur hvernig á að gera hinn fullkomna mint julep-kokteil. „Þetta er sígildur drykkur og var vinsælasti kokteill Ameríku á 19. öld, rétt eins og Martini var á 20. öldinni. Þetta er einn umræddasti kokteill allra tíma, gríðarlegt magn af prósa og ljóðum hefur verið skrifað um hann og hann hefur jafnvel komið fyrir í The Simpsons," segir hann.

tordur@frettabladid.is



**PENINGAPOKI**
„Fyrst setjum við ísinn í svokallaðan Lewis-poka, sem er einfaldlega peningapoki úr bankanum. frábær leið til að mylja ísinn. Fáðu þér stóran hamar og taktu út reiðina. Pokinn sýgur í sig rakann úr bráðnandi ísnum af því að hann er úr vefnaði þannig að við fáum svona góðan og þurran ís í staðinn fyrir blautan ís. Það kemur í veg fyrir að drykkurinn vatnsblandist of fljótt."



**LÍTIÐ MÁL**
„Þetta er mjög einfaldur drykkur, það eina sem þú þarft er viskí, minta, sykur og mikið af muldum ís.
Þú drekkur hann með röri og rekur nefið í mintulaufin, þannig að drykkurinn er arómatískur, jafnvel áður en þú færð þér sopa. Þetta er frábær sumarkokteill, svo frískandi og gómsætur."



**GULLFALLEGUR DRYKKUR**
„Svo er auðvelt að vera frumlegur – þú getur bætt við hvaða ferskum berjum sem er, hvaða sterku áfengi sem er. Það er hægt að krydda hann upp, breyta bragðinu. Þetta er gullfallegur drykkur."
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Timberlake og Biel eiga von á fyrsta barninu

Popparinn Justin Timberlake og leikkonan Jessica Biel eiga von á barni. Þau giftu sig í október 2012.

Tónlistarmaðurinn Justin Timberlake og leikkonan Jessica Biel eiga von á sínu fyrsta barni samkvæmt heimildum tímaritsins Us Weekly. „Núna eru þau að njóta þessara frétta. Þau vilja bara hamingjusamt barn," segir heimildarmaður tímaritsins.

Timberlake og Biel voru í eins konar haltu mér-slepptu mér sambandi í fimm ár áður en þau trúlofuðu sig í janúar árið 2012. Í október sama ár gengu þau svo í það heilaga.

Þau hafa haft í nægu að snúast síðasta ár sem þýðir vonandi að þau geti tekið sér frí þegar barnið kemur í heiminn. Eins og Íslendingar ættu að vita hefur Justin Timberlake ferðast um heiminn með tónleika sína en Biel hefur verið dugleg að fara með ástmanni sínum í tónleikaferðalög.

Í síðustu viku ýtti popparinn undir orðróminn um óléttuna þegar hann mætti einn á amfAR Gala-viðburðinn í Los Angeles án þess að Biel væri með í för.

Í ágúst var því haldið fram að parið væri að reyna að eignast barn eftir að Biel átti að hafa sagt manni sínum að hún ætlaði að fara til sérfræðings í frjósemisaðgerðum.

Timberlake og Biel voru í eins konar haltu mér-slepptu mér sambandi í fimm ár áður en þau trúlofuðu sig í janúar árið 2012.



**SPENNT** Parið er afar spennt fyrir komu erfingjans í heiminn. NORDICPHOTOS/GETTY

NORTH ROCK

Kuldaúlpur
-til í sex litum
Verð: 15.000 kr



## Kuldaúlpur

## Útivistarbuxur

## 100% Merino-ull



Börn-dömur & herrar
Verð frá 3500-5500 kr



NÝ VARA
TILBOÐ ÞESSA DAGA

BÖRN & FULLORÐNIR
12000 kr - 13000 kr



Dömu & herra
9000 kr

## Flísjakkar



Dömu & herra
6000 kr



GRI-sport
Leður & gritex
Gönguskór
12000 kr

## Flíspeysa



Börn-dömur & herrar
Verð frá 4500-5500 kr

Útivistar- og íþróttafatnaður - frábært í jólapakkann!

# LAGER SALA

allt að 70% afsláttur

NORTH ROCK

Fimmtudagur 6.nóv kl.16-20
Föstudagur 7.nóv kl.16-20

Laugardagur 8.nóv kl.12-17
Sunnudagur 9.nóv kl.13-17

Víkurhvarf 2 - Kópavogur
-sama hús og Fjölsmiðjan

## Kári í myndatöku vegna támeiðsla



**FÓTBOLTI** Landsliðsmaðurinn Kári Árnason er tæpur fyrir næsta leik Rotherham í ensku B-deildinni vegna meiðsla á tá. „Ég veit meira eftir myndatöku á morgun [í dag] en ég hef þó ekki miklar áhyggjur af þessu,“ segir Kári en hann hefur verið fastamaður í vörn íslenska landsliðsins. Ísland mætir Belgíu í vináttulandsleik á miðvikudag og svo Tékklandi í undankeppni EM 2016 fjórum dögum síðar. Hann á ekki von á öðru en að geta gefið kost á sér í verkefnin.

Kári fékk skurð fyrir ofan annað augað í leik Rotherham og Reading á mánudagskvöld og þurfti fimm spor til að loka skurðinum.

Ísland trónir sem kunnugt er á toppi síns riðils í undankeppninni með fullt hús stiga að loknum þremur umferðum. Kári hefur tekið þátt í nánast öllum leikjum liðsins síðan Lars Lagerbäck tók við því. - esá

## Kretzschmar hrósar Degi í hástert

**HANDBOLTI** Stefan Kretzschmar, fyrrverandi landsliðsmaður Þýskalands, lofar mjög starf Dags Sigurðssonar með þýska landsliðinu nú í upphafi undankeppni EM 2015. Hann segir sjálfstraust liðsins mun meira og að 28-24 sigur liðsins á Austurríki á dögunum hafa verið stórt skref fram á við eftir vandræðagang landsliðsins síðustu árin.

„Dagur herti þær skrúfur sem þurfti að herða og byggði upp nýjan liðsanda,“ skrifaði Kretzschmar í pistli sem birtist á vefsíðu Sport1-sjónvarpsstöðvarinnar.

„Loksins sýndi liðið okkar að það hefur taugar til að vinna mikilvægan leik. Liðið hefur ekki verið sannfærandi á slíkum stundum á síðustu árum. Leikmenn voru tilbúnir að taka leikinn í sínar hendur og sýndu allt það sem einkennir gott lið. Svo virðist sem það sé á réttri leið.“

Þýskaland missti af Ólympíuleikunum 2012 sem og Evrópumeistaramótinu 2014. Það féll einnig úr leik í undankeppni HM 2015 en komst inn eftir að Alþjóðahandknattleikssambandið, IHF, ákvað að afturkalla keppnisrétt Eyjaálfu líkt og frægt er orðið. - esá



**DAGUR** Fékk hrós frá gamalli landsliðskempu í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## ÚRSLIT

### DOMINO'S-DEILD KVENNA

**KR - BREIÐABLIK 53-48**

**KR:** Björg Guðrún Einarsdóttir 14/7 fráköst, Þorbjörg Andrea Friðriksdóttir 11/6 fráköst, Bergþóra Holton Tómasdóttir 8, Simone Jaqueline Holmes 6, Sólrún Sæmundsdóttir 5, Helga Einarsdóttir 4/10 fráköst, Anna María Ævarsdóttir 3.

**Breiðablik:** Unnur Lára Ásgeirsdóttir 13/9 fráköst, Arielle Wideman 10/15 fráköst/7 stoð Jóhanna Björk Sveinsdóttir 7/8 fráköst, Berglind Karen Ingvarsdóttir 6, Kristbjörg Pálsdóttir 5, Elín Sóley Hrafnkelsdóttir 5, Guðrún Edda Bjarnadóttir 2.

**SNÆFELL - HAMAR 76-39**

**Snæfell:** Kristen Denise McCarthy 17/7 fráköst, Hildur Sigurdardottir 16/12 fráköst/5 stoðsendingar, Gunnhildur Gunnarsdóttir 9/11 fráköst, Hugrún Eva Valdimarsdóttir 8/14 fráköst, Rebekka Rán Karlsdóttir 8, María Björnsdóttir 7/7 fráköst, Berglind Gunnarsdóttir 6/6 stoðsendingar, Alda Leif Jónsdóttir 5/5 stolnir.

**Hamar:** Andrina Rendon 14/7 fráköst, Þórunn Bjarnadóttir 13/5 stoðsendingar, Salbjörg Ragna Sævarsdóttir 10/6 fráköst, Kristrún Antonsdóttir 2.

**KEFLAVÍK - GRINDAVÍK 106-57**

**Keflavík:** Carmen Tyson-Thomas 29/18 fráköst, Sara Rún Hinriksdóttir 13/14 fráköst, Marín Laufey Davíðsdóttir 12/4 fráköst, Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 11, Hallveig Jónsdóttir 11/7 fráköst, Sandra Lind Þrastardóttir 10, Thelma Dís Ágústsdóttir 9, Ingunn Embla Kristínardóttir 4, Lovísa Falsdóttir 3, Bríet Sif Hinriksdóttir 2.

**Grindavík:** Petrúnella Skúladóttir 14, Guðlaug Björt Júlíusdóttir 10, Pálína Gunnlaugsdóttir 10, María Ben Erlingsdóttir 8, Ingibjörg Jakobsdóttir 5/7 stoðsendingar, Jeanne Lois Figeroa Sicat 2, Hrund Skuladóttir 2, Elsa Katrín Eiríksdóttir 2, Ásdís Vala Freysdóttir 2, Lilja Ósk Sigmarsdóttir 2.

**VALUR - HAUKAR 84-85**

**Valur:** Joanna Harden 35/4 fráköst, Guðbjörg Sverrisdóttir 24/5 fráköst/3 varin skot, Kristrún Sigurjónsdóttir 9, Fanney Lind Guðmundsdóttir 8/5 fráköst/3 varin skot, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 4/16 fráköst/3 varin, Ragnheiður Benónísdóttir 2/11 fráköst, Margrét Ósk Einarsdóttir 2.

**Haukar:** LeLe Hardy 36/25 fráköst/7 stolnir, Sylvía Rún Hálfdanardóttir 16/14 fráköst, Dagbjört Samúelsdóttir 15, Sólrún Inga Gísladóttir 8, Inga Rún Svansdóttir 4, Guðrún Ósk Ámundadóttir 2, María Lind Sigurðardóttir 2, Auður Ólafsdóttir 2.

### STAÐAN

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Keflavík | 6 | 5 | 1 | 552-397 | 10 |
| Haukar | 6 | 5 | 1 | 441-406 | 10 |
| Snæfell | 6 | 5 | 1 | 442-373 | 10 |
| Valur | 6 | 3 | 3 | 469-453 | 6 |
| Grindavík | 6 | 3 | 3 | 412-429 | 6 |
| Breiðablik | 6 | 1 | 5 | 364-435 | 2 |
| KR | 6 | 1 | 5 | 333-423 | 2 |
| Hamar | 6 | 1 | 5 | 336-433 | 2 |

### MEISTARADEILD EVRÓPU

**E-RIÐILL**

**MANCHESTER CITY - CSKA MOSKVA 1-2**
**0-1 Seydou Doumbia (2.), 1-1 Yaya Toure (7.), 1-2 Seydo Doumbia (34.).**

**BAYERN MÜNCHEN - ROMA 2-0**
**1-0 Franck Ribery (38.), 2-0 Mario Götze (64.)**

**Staðan:** Bayern 12 stig, Roma 4, CSKA 4, City 2.

**F-RIÐILL**

**PSG - APOEL 1-0**
**1-0 Edinson Cavani (1.).**

**AJAX - BARCELONA 0-2**
**0-1 Lionel Messi (36.), 0-2 Lionel Messi (76.).**

**Staðan:** PSG 10 stig, Barcelona 9, Ajax 2, Apoel 1.

**G-RIÐILL**

**SPORTING LISSABON - SCHALKE 4-2**
**0-1 Islam Slimani, sjm (17.), 1-1 Mouhamadou-Naby Sarr (26.), 2-1 Jefferson (52.), 3-1 Nani (72.), 3-2 Dennis Aogo (88.), 4-2 Slimani (90.+1)**

**MARIBOR - CHELSEA 1-1**
**1-0 Agim Ibraimi (50.), 1-1 Nemanja Matic (73.)**

**Staðan:** Chelsea 8 stig, Schalke 5, Sporting 4, Maribor 3.

**H-RIÐILL**

**SHAKHTAR DONETSK - BATE 5-0**
**1-0 Darijo Srna (19.), 2-0 Alex Teixeira (48.), 3-0 Luiz Adriano, víti (58.), 4-0 Luiz Adriano (82.), 5-0 Luiz Adriano (90.+2).**

**ATHLETIC BILBAO - PORTO 0-2**
**0-1 Jackson Martinez (56.), 0-2 Y. Brahimi (73.)**

**Staðan:** Porto 10 stig, Shaktar 8, BATE 3, Athletic 1.

# Þurfum mun meira fjármagn

Aron Kristjánsson segir að viljann hafi ekki vantað til að auðvelda yfirvofandi kynslóðaskipti íslenska landsliðsins. Rót vandans liggi í takmörkuðum fjárráðum og kallar hann eftir auknum stuðningi ríkisvaldsins.

**HANDBOLTI** Aron Kristjánsson, landsliðsþjálfari í handbolta, segir að það hafi verið eitt af stóru markmiðum sínum þegar hann tók við starfinu fyrir tveimur árum að auka breiddina í landsliðinu. Til þess að það geti orðið að veruleika og auðveldað þar með kynslóðaskiptin sem fram undan eru þurfi mun meira fjármagn en Handknattleikssamband Ísland hefur úr að spila í dag.

Eins og Fréttablaðið benti á á mánudaginn er meðalaldur íslenska landsliðsins hár og framlag yngri leikmanna ekki mikið. Það kom í ljós í grátlegu tapi Íslands í Svartfjallalandi í undankeppni EM 2015 á sunnudag.

Aron segir að hann hafi tekið við góðu búi þegar hann gerðist landsliðsþjálfari í ágúst árið 2012. „En það voru fáir menn að spila í liðinu og þörf fyrir að auka breiddina enda hafði það setið á hakanum í mörg ár,“ segir Aron við Fréttablaðið.

„Það hef ég reynt að gera. Ég hef gefið yngri leikmönnum tækifæri og verið með æfingaverkefni fyrir þá. En það sem hefur vantað er leikjaverkefni. Vandamálið er af fjárhagslegum toga því HSÍ hefur ekki getað orðið við beiðnum mínum um fleiri æfingaleiki fyrir landsliðið.“

Ísland lék þrjá æfingaleiki gegn Portúgal í júní fyrir leikina gegn Bosníu í undankeppni HM 2015. Þrátt fyrir að Ísland hafi tapað fyrir Bosníu segir Aron að leikirnir gegn Portúgal hafi sýnt að slíkra leikja er þörf.

„Leikir sem þessir stytta þau skref sem yngri leikmenn þurfa að taka þegar kemur að því að sýna sig á stóra sviðinu.“



**ÚRBÓTA ER ÞÖRF** Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari segir erfitt að hlúa að framtíðarmönnum íslenska handboltalandsliðsins miðað við núverandi fjárhagsumhverfi handboltahreyfingarinnar á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### Meiri samkeppni frá þeim yngri

Aron sér ekki eftir þeim ákvörðunum sem hann hefur tekið á síðustu tveimur árum né heldur vali á leikmönnum í síðasta landsliðsverkefni.

„Ég valdi reynslumikla menn og tel að það hafi verið rétt. Ég gat heldur ekki séð að það þessir elstu og reynslumestu leikmenn okkar hafi verið slakir í þessu verkefni,“ segir Aron og bætir við:

„Yngri leikmennirnir þurfa líka að slá þá eldri út. Ég vil sjá meiri grimmd frá þeim – að þeir nýti sín tækifæri til að taka sætið af þeim eldri og skapi þannig samkeppni í landsliðinu.“

Aron bendir á að það hafi verið mikið um meiðsli hjá lykilmönnum landsliðsins og að það hafi skapað svigrúm fyrir yngri leikmenn – til dæmis í stöðu vinstri skyttu. „Þar hafa menn fengið mikil tækifæri en ef til vill ekki náð að svara kallinu,“ segir hann.

### Heyrðum í viðvörunarbjöllunum

Aron varar þó við of mikilli neikvæðni og biður um raunsæja gagnrýni. „Menn fara að velta ýmsu fyrir sér þegar áföllin dynja yfir og óneitanlega hafa viðvörunarbjöllurnar verið að hringja. Við erum vel meðvitaðir um það enda hefur ekki vantað viljann til að bregðast við vandanum. Við höfum gert eins mikið og kostur er en það þarf að fórna meiri fjármunum til þess að sinna því sem skyldi.“

Eins og fjallað var um í Fréttablaðinu í síðustu viku er HSÍ einnig í vandræðum með aðstöðu sína í Laugardalshöll sem stenst ekki lengur alþjóðlegar kröfur. Aron segir það enn einn flötinn á vandamálinu.

„Laugardalshöllin er barn síns tíma. Áhorfendur eru allt of fáir, umgjörðin er til vandræða, plássið ekki nægilegt og svo framvegis. Þegar það blasir við er erfitt fyrir íþróttina að þróast áfram,“ segir Aron.

> **Yngri leikmenn þurfa líka að slá þá eldri út. Ég vil sjá meiri grimmd frá þeim.**
>
> *Aron Kristjánsson, landsliðsþjálfari*

„Ef við miðum við önnur lönd þá þarf einfaldlega meiri pening frá ríkisvaldinu fyrir afreksíþróttir. HSÍ hefur verið með öfluga bakhjarla og styrktaraðila í gegnum tíðina en það þarf meira til, hvaðan sem það kemur. Miðað við hvernig fjármununum hefur verið eytt finnst mér í góðu lagi að bæta í styrki fyrir afreksíþróttirnar okkar.“

eirikur@frettabladid.is

# Hvatinn til að ná árangri ekki til staðar

Formaður KV segist hafa velt því fyrir sér hvort liðið ætti að draga sig út úr keppni í 2. deild karla.

**FÓTBOLTI** Páll Kristjánsson, formaður KV, segir að liðið hafi varla áhuga á að taka annað eins tímabilð í 1. deild karla og það gerði í sumar. KV féll úr 1. deildinni í haust og segir Páll að sú spurning hafi vaknað hjá sér hvort hann hafi í raun áhuga á því að keppa að því að komast aftur upp úr 2. deildinni.

„Markmiðið er auðvitað að ná árangri en miðað við hvernig sumarið var þá veltir maður því fyrir sér hvort það sé einhver vilji til þess að fara aftur upp í 1. deildina,“ segir Páll.

KV stóðst ekki kröfur sem KSÍ gerir til liða í 1. deild en fékk undanþágu til að spila í deildinni síðasta sumar. Hins vegar er óvíst hvernig KSÍ tæki á máli KV ef liðið kæmist aftur upp úr 2. deildinni. Þar að auki uppfyllti félagið ekki mannvirkjakröfur sem varð til þess að KV varð að spila heimaleiki sína á gervigrasvellinum í Laugardal.

„Ég veit ekki hvort ég nenni að standa í öðrum eins ágreiningi við KSÍ og við gerðum og spila okkar heimaleiki í öðrum bæjarhluta með tilheyrandi kostnaði. Það fór því í gegnum hugann af hverju maður er að standa í þessu þegar það stríðir í raun gegn tilgangi félagsins að koma því upp um deild. Við erum ekki í þessu til að berjast um þriðja sætið,“ segir Páll.

Hann tekur þó skýrt fram að það sé enginn uppgjafartónn í forráðamönnum KV. „Við verðum í 2. deildinni og munum taka slaginn. Það stendur alls ekki til að hætta starfseminni,“ segir Páll og bætir við að hann eigi ekki von á að KSÍ mæti sjónarmiðum félagsins í framtíðinni.

„KSÍ hefur borið fyrir sig að svona lagað sé alltaf ákvörðun knattspyrnuhreyfingarinnar og þeir verði að fylgja vilja hennar. En ég er ekki sammála því. Það er ákvörðun stjórnar að veita undanþágur og hún kaus að að taka á þessu á þennan máta. Þeir hjá KSÍ eru örugglega manna fegnastir að við fórum niður.“

KV náði átján stigum á sínu fyrsta tímabili í 1. deildinni og vann til að mynda ÍA á Skipaskaga. Félagið fagnaði tíu ára afmæli sínu fyrr á þessu ári. - esá



**FORMAÐUR OG ÞJÁLFARI** Páll Kristjánsson hjá KV. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




DYNAMO REYKJAVIK

# DAGSKRÁ



**Stöð 2 kl. 20.10**

## Heilsugengið

Önnur syrpan af þessum vönduðu og fróðlegu íslensku þáttum sem fjalla um mataræði og lífsstíl með fjölbreyttum hætti. Þættirnir eru í umsjón Völu Matt en henni til halds og trausts eru hjúkrunarfræðingurinn og næringarþerapistinn Þorbjörg Hafsteinsdóttir og heilsu- og hráfæðiskokkurinn Sólveig Eiríksdóttir.

## Í KVÖLD



### Masterchef USA

**STÖÐ 2 KL. 20.35** Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsay í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.



### Andri á Færeyjaflandri

**RÚV KL. 20.05** Eddu-verðlaunahafinn Andri Freyr siglir til Færeyja og kynnist náfrændum okkar og vinum, lífsháttum þeirra viðhorfum, siðum og venjum.



### Minute to Win It Ísland

**SKJÁREINN KL. 20.15** Í þáttunum keppist fólk við að leysa tíu þrautir en fær bara eina mínútu til að leysa hverja þraut. Ingó Þórarinsson, betur þekktur sem Ingó veðurguð, stýrir þáttunum.



**X-ið 977**
**kl. 11.00**

## Smutty Smiff

Rokkarinn skemmtilegi Smutty Smiff heldur hlustendum við efnið til klukkan 14.00 og spilar stórgóða tónlist.





Femarelle®

Staðfest með rannsóknum sl. 14 ára - vinnur á einkennum tíðahvarfa kvenna.

Inniheldur staðlað tofu extract, ekki erfðabreytt (GMO frítt) Náttúruleg lausn fyrir konur án hormóna.


## STÖÐ 2

**07:00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08:00** **Wonder Years** *(10:23)*
**08:25** **Around the World in 80 Plates** *(1:10)*
**09:15** **Bold and the Beautiful**
**09:40** **Doctors** *(77:175)*
**10:20** **60 mínútur** *(36:52)*
**11:05** **Nashville** *(21:22)*
**11:50** **Harry's Law** *(12:22)*
**12:35** **Nágrannar**
**13:00** **Mayday** *(2:5)*
**13:55** **Bowfinger**
**15:35** **iCarly** *(8:25)*
**16:00** **Back in the Game** *(6:13)*
**16:20** **New Girl** *(13:25)*
**16:45** **The New Normal** *(10:22)*
**17:10** **Bold and the Beautiful**
**17:32** **Nágrannar**
**17:57** **Simpson-fjölskyldan**
**18:23** **Veður**
**18:30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18:47** **Íþróttir**
**18:54** **Ísland í dag**
**19:11** **Veður**
**19:20** **Fóstbræður** *(4:7)*
**19:45** **Marry Me** *(1:10)* Gamanþættir um parið Annie og Jake sem eru alltaf í þann mund að taka stóra skrefið í sambandinu.
**20:10** **Heilsugengið** *(5:8)*
**20:35** **Masterchef USA** *(15:19)*
**21:20** **NCIS** *(13:24)*
**22:05** **The Blacklist** *(7:22)*
**22:50** **Person of Interest** *(6:22)*
**23:35** **Rizzoli & Isles** *(15:16)*
**00:20** **Homeland** *(5:12)*
**01:10** **Shameless** *(2:12)*
**02:00** **NCIS: Los Angeles** *(22:24)*
**02:45** **Louie** *(4:14)*
**04:50** **Fóstbræður** *(4:7)*
**05:15** **Marry Me** *(1:10)*
**05:35** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07:00** **Meistarad. - Meistaramörk**
**07:45** **Meistarad. - Meistaramörk**
**11:40** **Bayern München - Roma**
**13:20** **Man. City - CSKA Moscow**
**15:00** **Ajax - Barcelona**
**16:40** **Meistarad. - Meistaramörk**
**17:25** **Þýsku mörkin**
**17:55** **Asteras Tripolis - Tottenham** Bein útsending
**20:00** **Everton - Lille Bein útsending**
**22:05** **Asteras Tripolis - Tottenham**
**23:45** **Everton - Lille**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**11:05** **Ensku mörkin - úrvalsdeild**
**12:00** **Chelsea - QPR**
**13:40** **Messan**
**15:00** **Eistland - England**
**16:40** **Football League Show**
**17:10** **Crystal Palace - Sunderland**
**18:50** **Arsenal - Burnley**
**20:30** **Premier League World**
**21:00** **Newcastle - Liverpool**
**22:40** **Hull - Southampton**
**00:20** **Leicester - WBA**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Kling Klang **21.30** Eldhús meistaranna

## STÖÐ 3

**17:55** **Top 20 Funniest** *(5:18)*
**19:00** **Last Man Standing** *(14:18)*
**19:25** **Are You There, Chelsea?** *(1:12)*
**19:50** **Wilfred** *(6:13)*
**20:15** **X-factor UK** *(21:34)* Einn vinsælasti skemmtiþáttur veraldar þar sem efnilegir söngvarar fá tækifæri til að slá í gegn. Simon Cowell fer fyrir dómnefndinni en með honum við dómaraborðið sitja söngkonurnar Cheryl Cole og Mel B og svo hinn kunni umboðsmaður og fyrrverandi The X Factor dómari Louis Walsh en hann er sá sem stofnaði hið kunna strákaband Boyzone.
**21:55** **Originals** *(13:22)*
**22:40** **Supernatural** *(18:22)*
**23:20** **Grimm** *(16:22)*
**00:05** **Constantine** *(1:13)*
**00:45** **Last Man Standing** *(14:18)*
**01:10** **Are You There, Chelsea?** *(1:12)*
**01:35** **Wilfred** *(6:13)*
**01:55** **X-factor UK** *(21:34)*
**03:35** **Originals** *(13:22)*
**04:20** **Supernatural** *(18:22)*
**05:00** **Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## Krakkastöðin

**07:00** Ævintýri Tinna **07:25** Latibær **07:47** Hvellur keppnisbíll **08:00** Könnuðurinn Dóra **08:24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **08:45** Doddi litli og Eyrnastór **08:55** Rasmus Klumpur og félagar **09:00** Áfram Diego, áfram! **09:24** Svampur Sveinsson **09:45** Elías **09:55** UKI **10:00** Brunabílarnir **10:22** Lína Langsokkur **10:43** Ævintýraferðin **10:56** Tommi og Jenni **11:00** Ævintýri Tinna **11:25** Latibær **11:47** Hvellur keppnisbíll **12:00** Könnuðurinn Dóra **12:24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **12:45** Doddi litli og Eyrnastór **12:55** Rasmus Klumpur og félagar **13:00** Áfram Diego, áfram! **13:24** Svampur Sveinsson **13:45** Elías **13:55** UKI **14:00** Brunabílarnir **14:22** Lína Langsokkur **14:43** Ævintýraferðin **14:56** Tommi og Jenni **15:00** Ævintýri Tinna **15:25** Latibær **15:47** Hvellur keppnisbíll **15:58** Könnuðurinn Dóra **16:22** Mörgæsirnar frá Madagaskar **16:43** Doddi litli og Eyrnastór **16:53** Rasmus Klumpur og félagar **16:58** Áfram Diego, áfram! **17:22** Svampur Sveinsson **17:43** Elías **17:53** UKI **17:58** Brunabílarnir **18:20** Lína Langsokkur **18:41** Ævintýraferðin **18:54** Tommi og Jenni **18:58** Lína Langsokkur **20:18** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**18:30** **Strákarnir**
**19:00** **Friends** *(14:24)*
**19:25** **Arrested Development 3** *(5:13)*
**19:50** **Modern Family** *(2:24)*
**20:10** **Two and a Half Men** *(22:22)*
**20:35** **Go On** *(11:22)*
**21:00** **The Mentalist** *(12:22)*
**21:40** **E.R.** *(15:22)*
**22:25** **The Untold History of The United States** *(2:10)*
**23:25** **A Touch of Frost.**
**01:10** **Go On** *(11:22)*
**01:30** **The Mentalist** *(12:22)*
**02:10** **E.R.** *(15:22)*
**02:55** **The Untold History of The United States** *(2:10)*
**03:55** **Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## BÍÓSTÖÐIN

**09:45** **New Year's Eve**
**11:40** **Hitch**
**13:35** **Sense and Sensibility**
**15:50** **New Year's Eve**
**17:45** **Hitch**
**19:45** **Sense and Sensibility**
**22:00** **Stolen**
**23:35** **Lincoln**
**02:05** **The Details**
**03:45** **Stolen**

## RÚV

**16.30** **Ástareldur**
**17.20** **Friðþjófur forvitni** *(8:10)*
**17.43** **Vasaljós** *(5:10)*
**18.05** **Sveppir** *(15:22)*
**18.15** **Táknmálsfréttir** *(67)*
**18.25** **Dýraspítalinn** *(1:10)*
**19.00** **Fréttir**
**19.20** **Íþróttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.35** **Kastljós**
**20.00** **Óskalögin 1964-1973** *(5:5)*
**20.05** **Andri á Færeyjaflandri** *(1:6)*
**20.40** **Gungur** *(3:6)*
**21.05** **Stúdíó A** *(1:7)* Íslenskir tónlistarmenn flytja ný lög í myndveri RÚV. Í þessum þætti koma Todmobile, Vio, Sólstafir og Hljómsveitt fram.
**21.50** **Landakort** *(1:8)*
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.25** **Glæpahneigð** *(6:24) (Criminal Minds)* Bandarísk þáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem hefur þann starfa að rýna í persónuleika hættulegra glæpamanna. Meðal leikenda eru Joe Mantegna, Thomas Gibson og Shemar Moore. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05** **Downton Abbey** *(3:8)*
**23.55** **Erfingjarnir** *(2:10)*
**00.50** **Kastljós**
**01.15** **Fréttir**
**01.30** **Dagskrárlok** *(18)*

## SKJÁREINN

**06:00** **Pepsi MAX tónlist**
**08:00** **Everybody Loves Raymond**
**08:20** **Dr.Phil**
**09:00** **The Talk**
**09:40** **Pepsi MAX tónlist**
**14:00** **The Voice** *(10:26)*
**15:30** **The Voice** *(11:26)*
**16:15** **The Biggest Loser** *(14:27)*
**17:00** **The Biggest Loser** *(15:27)*
**17:45** **Dr.Phil**
**18:30** **The Tonight Show**
**19:10** **The Talk**
**19:50** **America's Funniest Home Videos**
**20:15** **Minute to Win It Ísland** *(8:10)*
**21:15** **Growing Up Fisher** *(8:13)*
**21:40** **Scandal** *(2:22)* Fjórða þáttaröðin af Scandal er byrjuð með Olivia Pope *(Kerry Washington)* í fararbroddi. Scandal-þáttaraðirnar eru byggðar á starfi hinnar bandarísku Judy Smith, almannatengslaráðgjafa, sem starfaði meðal annars fyrir Monicu Lewinsky.
**22:25** **Extant** *(10:13)*
**23:10** **The Tonight Show** Spjallþáttasnillingurinn Jimmy Fallon hefur tekið við keflinu af Jay Leno og stýrir nú hinum geysivinsælu Tonight Show þar sem hann hefur slegið öll áhorfsmet.
**00:00** **Unforgettable** *(7:13)*
**00:45** **Scandal** *(2:22)*
**01:30** **Extant** *(10:13)*
**02:15** **The Tonight Show**
**03:05** **Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08:00** **PGA Tour Highlights**
**08:55** **European Tour 2014**
**14:00** **World Golf Championship 20**
**19:00** **PGA Tour 2014**
**22:00** **Golfing World 2014**
**22:50** **Inside the PGA Tour 2014**
**23:15** **Golfing World 2014**
**03:00** **World Golf Championship 20**

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 |
| **FM 89,5** Retro | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |



# Margt smátt gerir eitt stórt!





Neyðarkallinn 2014 er björgunarsveitarmaður. Eldklár með línubyssuna, tilbúinn að skjóta líflínu yfir í strandað skip. Alveg tilvalin lyklakippa og safngripur hjá mörgum. Tákn um stuðning.

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ
LANDSBJÖRG

Nú stendur yfir fjáröflunarátakið Neyðarkall björgunarsveitanna um allt land. Líkt og áður er um að ræða sölu á litlum Neyðarkalli á lyklakippu og er almenningur hvattur til þess að taka vel á móti sjálfboðaliðum okkar og stuðla þannig að eigin öryggi með því að styðja þetta átak.

Þetta er Neyðarkall til þín. Stuðningur þinn skiptir öllu.

## BÍÓMYNDIN



**„Mér þykir rosa vænt um eina mynd sem heitir Limelight eftir Charlie Chaplin.“**

Alma Mjöll Ólafsdóttir skáld.

# „Satanísk orka í kringum Framsókn“

Snorri Ásmundsson opnar tvær myndlistarsýningar í dag. Heldur síðan til LA.

„Framsóknarmenn eru mér mikið hugleiknir,“ segir Snorri Ásmundsson myndlistarmaður sem opnar sýninguna Framsóknarmaðurinn í Betra veður Window Gallery á Laugavegi 41 á morgun.

Snorri opnar sýninguna með gjörningi klukkan 17 en hann vill ekki gefa of mikið upp um innihaldið. „Mér finnst áhugavert hversu margir kusu þá en þeir eru alltaf einhvers staðar í leyni, því ég veit ekki um neinn nema þennan Óla Palla [Ólaf Pál Gunnarsson] sem hefur kosið Framsókn,“ segir Snorri, sem stofnaði flokkinn Vinstri hægri snú fyrir borgarstjórnarkosningarnar 2002 og bauð sig fram í embætti til forseta 2004.

„Ég man þegar ég bauð mig fram í seinni kosningunum, þá var ég svolítið að leggja Framsókn í einelti en það er rosalega erfitt að gera það ekki. Það er einhver satanísk orka í kringum þá. Þetta er ekkert rosalega kærleiksrík orka, meira svona gjörspillt, eins og sjúkdómur.“

Hann opnar síðan aðra myndlistarsýningu í dag klukkan 17.30 í Galleríi Bakaríi, sem nefnist Gyðjurnar. „Þetta eru glæný málverk af rómverskum og norrænum gyðjum en fyrirmyndirnar eru þokkadísir úr íslenskum og amerískum afþreyingarveruleika,“ segir Snorri, sem heldur til Los Angeles eftir helgi þar sem hann mun vinna að listinni í nokkra mánuði. - þij



**SNORRI ÁSMUNDSSON** Þekkir engan nema Óla Palla sem kaus Framsókn.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR





Fyrsta plata AmabAdamA er komin út!

Fæst á geisladisk, vínyl og á tónlistarveitum

Inniheldur lagið „Hossa Hossa“!

Record Records


# Túlkar hvert spark úr bumbu sem ánægju

Spilar með gítarinn út á hlið og stefnir á jólatónleika viku fyrir settan dag.

Sigríður Eir Zophoníasdóttir, söngkona og gítarleikari, hefur í nægu að snúast þessa dagana því auk tónleikahalds gengur hún með sitt fyrsta barn og er komin rúma 8 mánuði á leið.

Sigríður Eir skipar ásamt Völu Höskuldsdóttur Hljómsveitina Evu sem spilar á þremur utandagskrár-viðburðum á Airwaves-hátíðinni sem fram fer í vikunni og gaf á dögunum út sína fyrstu plötu, „Nóg til frammi“.

Hljómsveitin Eva stefnir á að halda jólatónleika í Fríkirkjunni viku fyrir settan dag. „Stúlkan sem ég geng með er rosa glöð með þetta og sparkar alveg á fullu þegar ég er að spila. Það myndast einhver titringur í legvatninu þegar ég spila á gítarinn. Ég hef ákveðið að túlka spörkin sem ánægju frekar en mótmæli,“ segir Sigríður Eir hress í bragði en hún hefur þurft að laga spilamennskuna að auknu umfangi óléttubumbunnar og spilar því með gítarinn aðeins út á hlið. Sigríður Eir segir lítið stress fylgja tónleikunum þrátt fyrir að þeir séu á dagskrá svo stuttu fyrir settan dag: „Það munu allir skilja það ef tónleikarnir frestast vegna barnsburðar. Ég vona bara að ég verði ekki alveg að springa þegar það kemur að þessu. Við seljum enga miða í forsölu svo það verður enginn fyrir brjáluðum vonbrigðum.“

**Það myndast einhver titringur í legvatninu þegar ég spila á gítarinn.**

gydaloa@frettabladid.is



**ENGIR MIÐAR Í FORSÖLU** Sigríður Eir segir að allir muni skilja ef tónleikarnir frestast vegna barnsburðar.

### Tók plötuna upp í Berufirði

Hljómsveitin Eva gaf á dögunum út sína fyrstu plötu, „Nóg til frammi“, og heldur af því tilefni útgáfutónleika 13. nóvember á Café Rósenberg. Platan var tekin upp í Berufirði á bænum Karlsstöðum en fjármögnun hennar fór að miklu leyti fram í gegnum hópfjármögnunarsíðuna Karolina Fund.

# Aukaleikarar græða á skaupinu

Tökur á Áramótaskaupinu hefjast 11. nóvember. Auglýst er eftir aukaleikurum.

„Já, við völdum þessa dagsetningu því hún er svo töff,“ segir leikstjórinn Silja Hauksdóttir á léttum nótum. Hún leikstýrir Áramótaskaupinu í ár en tökur á því hefjast þann 11. nóvember næstkomandi, eða 11.11. Silja segir að tökur standi yfir í rétt rúmlega þrjár vikur.

„Svo eigum við inni viðbragðstíma þegar nær dregur ef eitthvað svakalegt gerist,“ segir hún og bætir við að tökur fari mest megnis fram á höfuðborgarsvæðinu.

Byrjað er að auglýsa eftir aukaleikurum í skaupið og geta þeir sem hafa áhuga haft samband við umboðsskrifstofuna Snyrtilegur klæðnaður. Óskað er eftir fólki á öllum aldri og er tímakaupið fimmtán hundruð krónur. Tökudagar fyrir aukaleikara í skaupinu geta orðið allt að sjö klukkustunda langir, sem þýðir 10.500 krónur í dagslaun. Er það talsvert hærra en gengur og gerist fyrir aukaleikara sem fá vanalega í kringum fimm þúsund krónur fyrir daginn.

Silja segir að talsverðan fjölda aukaleikara þurfi í stöku senur í skaupinu en um aðalleikarana getur hún lítið sagt.„Þetta er stór og föngulegur hópur gamanleikara sem hefur getið sér gott orð í gamanleik og er í þekktari kantinum, með mikla reynslu. Þetta verður kynngimagnað skaup.“ - lkg



**ÞÖGUL SEM GRÖFIN** Silja getur lítið sagt um skaupið.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**81,3** prósentum landsmanna fannst skaupið í fyrra gott.

**9** prósentum landsmanna fannst það slakt.

* Tölur úr könnun MMR



# Nýjar vörur




## iPad Air 2

Verð frá **89.990.-**

Hæð: 24 cm | Breidd 16.95 cm
Þykkt: 6.1 mm | Þyngd frá: 437 g

Silfur - Gull - Dökkgrár

## iPad mini 3

Verð frá **72.990.-**

Hæð 20 cm | Breidd 13.47 cm
Þykkt: 7.5 mm | Þyngd frá: 331 g

Silfur - Gull - Dökkgrár



**20.000** kr. afsláttur




## Mac mini + 23" Philips skjár

Tilboðsverð **132.960.-***

Fullt verð 152.960.-

- Mac mini 1,4GHz dual-core Intel Core i5 4GB
- 23" Philips tölvuskjár
  1920 x 1080 pixla HD upplausn.
  Tvö HDMI tengi.
- Macally USB Bumper mús
- Apple USB lyklaborð

Birt með fyrirvara um verðbreytingar og prentvillur
* Tilboð gildir til 26. nóvember 2014

# hjá Epli





**2.000 kr.** notkun eða **2 GB** á mán. í 12 mán. fylgir **hjá Nova**!

NÝ VARA

## iPhone 6

Verð frá **119.990.-**

Hæð: 13.81 cm | Breidd 6.7 cm
Þykkt: 6.9 mm | Þyngd: 129 g

Silfur - Gull - Dökkgrár

## iPhone 6 Plus

Verð frá **134.990.-**

Hæð: 15.81 cm | Breidd 7.78 cm
Þykkt: 7.1 mm | Þyngd: 172 g

Silfur - Gull - Dökkgrár

Verslanir á Laugavegi 182 og í Smáralind • sími 512 1300 • epli.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Pylsur og tónlist

„Okkur langaði að vera með í Airwaves-fjörinu. Ef vel gengur með þessa frumraun hjá Bæjarins bestu í tónleikahaldi þá er næsta víst að það verður framhald á," segir tónlistarmaðurinn og pylsusalinn **Skúli Þórðarson**, betur þekktur sem Skúli mennski. Pylsuvagninn Bæjarins bestu í Tryggvagötu tekur í fyrsta sinn þátt í utandagskrárviðburðum Iceland Airwaves-hátíðarinnar. Tónleikar verða í dag, föstudag og laugardag við pylsuvagninn og hefjast alla dagana klukkan 16. Meðal tónlistarmanna sem koma fram fyrir utan Skúla sjálfan eru The Anatomy of Frank, Karlakórinn Esja og Hildur Evalía sem er einnig pylsusali, svo einhverjir séu nefndir. - vh



### Emilíana til Istanbúl

Tónlistarkonan **Emilíana Torrini** fer í tónleikaferð um Evrópu í næstu viku. Ferðalagið stendur yfir í tvær vikur og fyrsti viðkomustaðurinn verður Istanbúl í Tyrklandi. Lokatónleikarnir verða í París 24. nóvember en í millitíðinni spilar hún meðal annars í London, Búdapest og Zürich. Eins og Fréttablaðið greindi frá á dögunum sendi Emilíana nýlega frá sér lagið Nightfall (Pale Blue) sem hún samdi með tónlistarmanninum Kid Koala en það hljómar í kvikmyndinni Men, Women and Children. - fb



## Mest lesið VÍSIR

1 Býður einhverri alnöfnu fyrrverandi í heimsreisu
2 „Mamma segir að ég sé auli og pabbi er ekkert sérstaklega stoltur heldur"
3 Ótrúlegir endurfundir: Grét þegar hún fann ættingja sína í Noregi fyrir tilviljun
4 Varalið Liverpool tapaði aðeins með einu marki í Madrid
5 Segir Eggert hafa dylgjað um sig


Næsta bylgja sjónvarpa er komin




Heimilistæki
ht.is



# MIÐNÆTURSPRENGJA!

20% afsláttur

af öllum vörum í dag
í verslunum okkar í Kringlunni
opið frá kl.10.00 til miðnættis!



BOSS
HUGO BOSS
BOSS - KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242

herra GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN 568 9234



ENGLABÖRNIN
Falleg föt á stelpur og stráka...
Kringlunni sími 552 2201